



**Fremjendur ofbeldis
í nánum samböndum
og samfélagsleg viðbrögð**

Elva Dögg Ásu- og Kristinsdóttir

2010

ML í lögfræði

Kennitala: 210369-5979

Leiðbeinandi: Svala Ísfeld Ólafsdóttir

Lagadeild

School of Law

Útdráttur

Fremjendur ofbeldis í nánnum samböndum og viðbrögð samfélagsins

Ritgerð þessi fjallar um fremjendur ofbeldis í nánnum samböndum og viðbrögð samfélagsins. Fjallað er um það sem skrifað hefur verið héraendis og erlendis um þennan hóp fremjenda. Til að varpa ljósi á hverjir þeir eru, voru gögn Kvennaathvarfsins á tímabilinu 2002 – 2008 rannsökuð. Upplýsingarnar náðu til 1740 fremjenda. Skoðaður var aldur, kyn, mennun, störf, þjóðerni, tengsl fremjanda og þolanda og fl. Gerð er grein fyrir viðbrögðum samfélagsins og farið yfir helstu ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem brot þeirra geta fallið undir. Þá er fjallað um lög um nálgunarbann nr. 122/2008, einnig refsíþyngingarákvæði 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Að lokum er farið yfir alþjóðlegar skuldbindingar Íslands til verndar mannréttindum. Sérstaklega er tekinn fyrir dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli *Nahide Opuz* gegn *Tyrklandi* og því velt upp hvort íslenska ríkið stenst alþjóðlegar kröfur um vernd mannréttinda þegar um ofbeldi í nánnum samböndum er að ræða.

Staðalmyndir um fremjendur lifa góðu lífi. Fræðimönnum ber ekki saman um hvað valdi ofbeldishegðun. Kenningar um að ofbeldismaður beiti ofbeldi vegna utanaðkomandi þátta sem hann ræður ekki við ganga lengst í þá átt að ofbeldismaður sé ekki síður þolandi en sá sem fyrir ofbeldinu verður. Á hinn bóginn eru kenningar þar sem haldið er fram að ofbeldismenn séu ekki frábrugðnir öðrum, ofbeldishegðun stjórnist eingöngu af viðhorfum og afstöðu fremjanda til þolanda og ofbeldi sé beitt til að ná völdum í sambandinu. Helstu niðurstöður rannsóknar á gögnum Kvennaathvarfsins renna stoðum undir þær kenningar, en þær sýna að ofbeldismenn eru þversnið íslensks samfélags hvað menntun og störf varðar. Refsíþyngingarákvæði 3. mgr. 70. gr. hegningarlaga er matskennt og að því er virðist erfitt í notkun og nálgunarbann er ekki nægjanlega skilvirkt úrræði í íslenskri löggjöf.

Abstract

Perpetrators of violence in close relations and the response of society

This thesis deals with people perpetrating violence on close relations and the response of society. What has been written in Iceland and other countries about this group of perpetrators is discussed. To shed light on them, information from The Safe Shelter for Women was examined for the period 2002-2008. The information covered 1740 perpetrators. The factors examined included age, gender, education, occupation, nationality and the relationship between perpetrators and their victims. Society's responses are related, and the main provisions of General Penal Code, no. 19/1940, covering the violations are reviewed. The Act on Restraining Orders, no. 122/2008, is also discussed, along with provisions on heavier sentencing in paragraph 3 of Act 70 of the General Penal Code. Finally, Iceland's international obligations to protect human rights are reviewed. Special attention is devoted to the judgment of the European Court of Human Rights in the case of *Nahide Opuz vs. Turkey*, and to whether the Icelandic State measures up to international requirements on protecting human rights when violence between close relations is involved.

Stereotypes about perpetrators living a good life. Scholars do not agree on what causes violent behavior. Theories that violent persons commit violent acts because of external factors beyond their control go a long way toward viewing violent persons as being victims no less than those suffering the violence. On the other hand, other theories argue that violent persons are no different from others; violent behavior is governed solely by attitudes and the way the perpetrator views a victim, and violence is committed to gain power in the relationship. The main findings from researching the information from The Safe Shelter for Women tend to support these theories, for they show that violent persons are a cross section of Icelandic society in terms of education and occupation. The provisions on heavier sentencing in paragraph 3 of Article 70 of the General Penal Code are assessed and are seemingly difficult to apply, and restraining orders under Icelandic law are not a sufficiently efficient remedy.

Efnisyfirlit

I. Inngangur	1
II. Ofbeldi í nánum samböndum	4
1. <i>Ofbeldi í nánum samböndum á Íslandi</i>	7
2. <i>Birtingarmyndir ofbeldis í nánum samböndum</i>	8
III. Fremjendur	11
1. <i>Staðalmyndir</i>	11
IV. Fremjendur ofbeldis í nánum samböndum samkvæmt komuskýrslum Kvennaathvarfsins.	15
1. <i>Kvennaathvarf</i>	15
2. <i>Rannsóknargögn</i>	16
3. <i>Niðurstöður</i>	17
3.1. <i>Kyn</i>	18
3.2. <i>Aldur</i>	19
3.3. <i>Þjóðerni</i>	20
3.4. <i>Tengsl fremjenda og þolenda</i>	20
3.5. <i>Menntun</i>	22
3.6. <i>Atvinnuþátttaka og störf</i>	24
3.6.1. <i>Atvinnuþátttaka</i>	24
3.6.2. <i>Störf</i>	25
3.7. <i>Vímuefnavandi</i>	28
3.8. <i>Meðferð</i>	29
3.9. <i>Tengsl milli ofbeldis og áhrifa vímuefna</i>	30
3.10. <i>Kæra eða dómur vegna ofbeldis</i>	30
3.10.1. <i>Tegundir ofbeldisbrota</i>	31
3.11. <i>Afskipti lögreglu vegna ofbeldis</i>	32
3.11.1. <i>Tegundir ofbeldisbrota</i>	33
3.12. <i>Samantekt</i>	34
V. Viðbrögð við afbrotum af þessu tagi?	39
1. <i>Lagaákvæði um ofbeldi í nánum samböndum</i>	41
1.1. <i>Manndráp og líkamsmeiðingar</i>	42
1.2. <i>Brot gegn valdstjórninni</i>	45

1.3. <i>Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs</i>	46
1.4. <i>Kynferðisbrot</i>	48
1.5. <i>Brot gegn frjálsrcæði manna</i>	49
1.6. <i>Auðgunarbrot</i>	50
1.7. <i>Eignaspjöll</i>	51
1.8. <i>Atriði sem líta ber til við ákvörðun refsingar</i>	51
2. <i>Refsiþvingingarákvæði 3. mgr. 70. gr. hgl.</i>	52
2.1. <i>Beiting 3. mgr. 70. gr. hgl.</i>	53
2.2. <i>Virkni 3. mgr. 70. gr. hgl.</i>	56
3. <i>Lög um nálgunarbann nr. 122/2008</i>	58
4. <i>Meðferðarúrræði</i>	60
VI. Alþjóðlegir mannréttindasáttmálar sem Ísland er aðili að	62
1. <i>Mannréttindi kvenna</i>	63
1.1. <i>Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna</i>	63
1.2. <i>Á vettvangi Evrópuráðsins</i>	64
1.3. <i>Tilmæli og athugasemdir sem sérstaklega er beint til íslenska ríkisins</i>	65
2. <i>Mannréttindasáttmáli Evrópu</i>	66
2.1. <i>Jákvæðar skyldur ríkja</i>	66
2.2. <i>Skyldur samkvæmt MSE</i>	67
2.3. <i>Mál Nahide Opuz gegn Tyrklandi fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu</i>	71
2.3.1. <i>Málavextir</i>	71
2.3.2. <i>Kæra til Mannréttindadómstóls Evrópu</i>	73
2.4. <i>Niðurstaða Mannréttindadómstóls Evrópu</i>	74
3. <i>Fullnægir íslenska ríkið skuldbindingum sínum?</i>	75
VII. Samantekt og niðurstöður	79
Heimildaskrá	81
Dómaskrá	86
Myndaskrá	87

I. Inngangur

Þegar ég var lítil stelpa átti ég læðu sem var mikill veiðiköttur. Einn daginn kom kötturinn inn með mús og fór að leika sér að henni. Hann gerði inn á milli hlé á leiknum og þá reyndi músin að komast í burtu en kötturinn náði henni jafnharðan aftur. Eftir margar tilraunir músarinnar til undankomu gerði hún allt í einu það sem mér hefur verið minnisstætt síðan. Hún hljóp í burtu en stoppaði síðan, sneri við og skreið skjálfsandi í hálsakot kattarins. Kisa mín beið róleg smá stund og beit síðan höfuðið af músinni [...].

Leikur kattarins að músinni er svo táknrænn fyrir þann sem valdið hefur annars vegar og hinn kúgaða hinsvegar [...] Í samfélagi þar sem karlar hafa völdin eru konur upp á náð og miskunn þeirra komnar.

Magnea Marinósdóttir varaformaður UNIFEM á Íslandi. ¹

Viðfangsefni þessarar ritgerðar er fremjendur ofbeldis í nánnum samböndum og viðbrögð samfélagsins. Ekki verður notað orðið „heimilisofbeldi“ eins og tíðkast hefur, heldur orðalagið „*ofbeldi í nánnum samböndum*“. Ástæða þess er að orðið heimilisofbeldi getur verið misvísandi og takmarkast við ofbeldi sem einstaklingur beitir eiginkonu, sambúðarmaka eða aðra á heimilinu. Ofbeldi í nánnum samböndum hefur rýmri merkingu og vísar til ofbeldis sem framið er af einhverjum sem er í tilfinningasambandi eða nánú sambandi við þann sem fyrir því verður. Það getur verið eiginkona/eiginmaður, sambúðarmaki, fyrrum eiginkona/eiginmaður, fyrrum sambúðarmaki, barn, foreldri eða aðrir. Vettvangur ofbeldisins takmarkast ekki við heimili fremjanda eða þolanda. Ofbeldi getur átt sér stað á heimili beggja eða annars þeirra, eða annarsstaðar. Hugtakið heimilisofbeldi gefur því ekki rétta mynd af ofbeldinu sem hér er til umfjöllunar.

Umræða um ofbeldi í nánnum samböndum hefur síðustu áratugi snúist að mestu um þolendur ofbeldisins, afleiðingar þess og úrræði, aðstoð og meðferð fyrir þolendur. Það er eðlilegt, sérstaklega í ljósi alvarleika brotanna og þeirrar staðreyndar að brotið er á þolendum af einhverjum þeim nákomnum á stað sem á að vera öruggur. Mikilvægt er að þekkja vandamálið vel til þess að geta upprætt það og komið þolendum til hjálpar. Athyglin er á þolendum ofbeldisins. Sá sem verður fyrir ofbeldi í nánnum samböndum á það eina úrræði að flýja heimili sitt og er það einnig í flestum tilfellum á ábyrgð þolandans að kæra afbrotið.²

¹ Magnea Marinósdóttir, varaformaður UNIFEM á Íslandi, sagði þetta í viðtali við Steinunni Stefánsdóttur, „Hættulegasta barátta í heimi“, *Fréttablaðið*, 21. nóvember 2009, bls. 46.

² Í Ársskýrslu Samtaka um kvennaathvarf, SUK 2008 kemur fram að einungis 20% þeirra kvenna sem þangað leituðu árið 2008 kærðu ofbeldismanninn.

Ekki hefur verið eins mikið fjallað um fremjendur ofbeldis í nánnum samböndum á Íslandi. Aðeins er til ein íslensk könnun frá árinu 1996 sem að hluta til fjallar um fremjendur.³ Þeir hafa verið lítið áberandi og virðist lítt áhugi hafa verið á að beina kastljósinu að þeim og láta þá bera ábyrgð á gjörðum sínum. Afstaða almennings og skilaboð samfélagsins endurspeglar almennt úreitt viðhorf, oftast á þann veg að ofbeldi í nánnum samböndum sé einkamál fólks en ekki samfélagslegt vandamál. Samkvæmt nýrri rannsókn sem kynnt var í Iðnó 15. október 2009, má sem dæmi sjá að hjá félagsþjónustu sveitarfélaga, sem tryggja á fjárhagslegt og félagslegt öryggi fólks, er ekki skráður sá fjöldi kvenna sem þangað leitar aðstoðar vegna ofbeldis í nánnum samböndum.⁴ Erfitt er því að gera sér grein fyrir umfangi vandans eins og hann birtist hjá félagsmálayfirvöldum. Afstaða almennings er oftast en ekki sú að konur eigi sjálfar að bregðast við því ástandi sem þær búa við. Sjaldan er bent á ábyrgð fremjenda á ofbeldinu. Ábyrgðin liggur hjá ofbeldismanninum. Spyrna þarf gegn ofbeldinu af samfélaginu og refsivörslukerfinu. Snúa þarf við blaðinu og einbeita sér að þeim sem eru rót vandans. Skoða þarf hverjir beita ofbeldi og hvernig refsivörslukerfið bregst við því.

Flestir geta verið sammála um að steli maður verðmætum úr búð skuli hann svara til saka og hljóta refsingu. Eins má segja að kýli búðareigandi viðskiptavin í gólfið, taki hann svo kverkataki þar til hann missi meðvitund, þætti ofbeldið ekki réttlæt看legt og öruggt að búðareigandinn yrði fordæmdur. Væri fórnarlambið eiginkona búðareigandans kvæði við annan tón og líklegt að fólk líti líkamsárásina í öðru ljósi, sérstaklega ef atvikið ætti sér stað á heimili.⁵

Markmið ritgerðarinnar er í fyrsta lagi að skoða hverjir fremja ofbeldi í nánnum samböndum og í öðru lagi hvernig samfélagið og refsivörslukerfið bregst við brotum þeirra. Í þessu sambandi eru kannaðar skyldur ríkja til að vernda þegna sína gegn illri og vanvirðandi meðferð og pyndingum. Fremjendur og brot þeirra voru skoðuð í því ljósi að sá, sem brýtur af sér gagnvart sínum nánustu með ofbeldi, brýtur lög og er það skylda refsivörslukerfisins að bregðast við því með skilvirkum hætti.

³ Skýrsla dómsmálaráðherra, *Um umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum*. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti 1997.

⁴ *Rannsókn á ofbeldi gegn konum, viðbrögð félagsþjónustu og barnaverndar*. Félags- og tryggingamálaráðuneytið október 2009, bls.3.

Rannsóknin er þáttur í aðgerðaráætlun stjórnvalda gegn ofbeldi karla gegn konum. Áætlunin var unnin af samráðsnefnd dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Áætlunin var samþykkt í ríkisstjórn í september 2006.

⁵ SUK, *Ársskýrsla*. 1990, bls. 2-3.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir einstökum köflum ritgerðarinnar

Í *II. kafla* er fjallað almennt um „ofbeldi í nánnum samböndum“ til að fá sem besta mynd af viðfangsefninu, birtingarmyndum og umfangi þess hér á landi og erlendis.

Í *III. kafla* er fjallað um það sem skrifað hefur verið um fremjendur ofbeldis í nánnum samböndum, hér og erlendis.

Í *IV. kafla* er þess freistað að varpa ljósi á íslenska fremjendur ofbeldis í nánnum samböndum. Gerð er grein fyrir rannsókn á komuskýrslum Kvennaathvarfsins, sem nær yfir sjö ára tímabil, frá 2002 til 2008. Skoðaður var aldur, kyn, menntun, störf, þjóðerni, tengsl brotamanns við þolanda, vímuefnanotkun, tengsl vímuefna og ofbeldis, afskipti lögreglu og brotaferill fremjanda.

Í *V. kafla* er fjallað um viðbrögð við afbrotum. Þar er gerð grein fyrir viðbrögðum samfélagsins við afbrotum sem flokkast undir „ofbeldi í nánnum samböndum“. Farið er yfir helstu ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem átt geta við og reifaðir dómar sem gefa hugmynd um réttarframkvæmd. Fjallað er sérstaklega um lög um nálgunarbann, nr. 122/2008. Loks er fjallað um refsíþyngingarákvæði 3. mgr. 70. gr. hegningarlaga og reynslu af beitingu þess.

Í *VI. kafla* eru skoðaðir alþjóðasáttmálar sem Ísland er aðili að og gerð grein fyrir skyldum ríkja samkvæmt þeim til þess að vernda þegna sína gegn illri meðferð og pyndingum. Fjallað er sérstaklega í því sambandi um dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli *Nahide Opuz gegn Tyrklandi*. Í lok kaflans er lagt mat á hvort íslenska ríkið fullnægir alþjóðlegum kröfum um vernd mannréttinda þegar kemur að ofbeldi í nánnum samböndum.

Í *kafla VII.* eru niðurstöður dregnar saman.

II. Ofbeldi í nánnum samböndum

Margar skilgreiningar eru til á „ofbeldi í nánnum samböndum“. Flestar fela í sér þá hugsun að ofbeldi í nánnum samböndum sé ferli kúgunar, þar sem sá sem beitir ofbeldinu leitast við að stjórna og fá þolandann til að lúta vilja sínum með góðu eða illu.⁶

Skilgreining Sameinuðu þjóðanna á ofbeldi gegn konum hljóðar svo:⁷

Hugtakið „ofbeldi karla gegn konum“ merkir hvers konar ofbeldisverknað sem á rætur í kynferði og veldur konum líkamlegum, kynferðislegum og/eða andlegum skaða eða þjáningu eða gæti gert það. Hugtakið nær einnig yfir hótanir um slíkan verknað, svo og gerræðislega þvingun eða frelsissviptingu, hvort sem er á opinberum vettvangi eða í einkalífinu.

Samtök um kvennaathvarf skilgreina heimilisofbeldi á eftirfarandi hátt:⁸

Heimilisofbeldi er þegar einn fjölskyldumeðlimur kúgar annan í skjóli friðhelgi heimilisins og tilfinningalegrar-, félagslegrar- og fjárhagslegrar bindingar.

Í skýrslu nefndar, sem dómsmálaráðherra fól árið 1997 að kanna orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum, er hugtakið heimilisofbeldi skilgreint á þennan veg:⁹

Í þessari skýrslu er hugtakið heimilisofbeldi (domestic violence) notað til að lýsa því ofbeldi sem konur og karlar verða fyrir af hálfu núverandi og fyrrverandi maka. Skilgreiningin takmarkast ekki við hjón og nær jafnframt til fólks í sambúð.

Ofbeldi í nánnum samböndum þekkist í öllum samfélögum heims og er alvarlegt brot á mannréttindum.¹⁰ Á Kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem fór fram í Kaupmannahöfn árið 1980, var í fyrsta skipti minnst á heimilisofbeldi/ofbeldi í nánnum samböndum á alþjóðavettvangi. Þar voru ríki heims hvött til að viðurkenna ofbeldi í nánnum samböndum sem samfélagslegt vandamál og jafnframt hvött til að vernda konur sem beittar höfðu verið ofbeldi af nátengdum aðila.¹¹ Mikið vatn hefur runnið til sjávar hvað varðar þekkingu á vandamálinu á þeim tíma sem liðinn er frá því að þessi ráðstefna var haldin. Margar rannsóknir hafa verið gerðar víða um heim og mikið skrifað um málefnið. Í fyrstu var talið að

⁶ Ingólfur V. Gíslason, *Ofbeldi í nánnum samböndum. Orsakir, afleiðingar, úrræði*. Rvk. 2008, bls.16.

⁷ SUK, *Ársskýrsla* 2008, bls. 5.

⁸ Sama heimild, bls. 5.

⁹ Skýrsla dómsmálaráðherra, *Um umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum*. bls.6.

¹⁰ United Nations. Report of the Secretary-General, *In-depth study on all forms of violence against women*. 2006 (Skýrsla aðalframkvæmdarstjóra SP um ofbeldi gegn konum, 2006) bls. 9.

¹¹ SUK, *Ársskýrsla* 2006, bls. 6.

ofbeldi í nánnum samböndum væri minniháttar félagslegt vandamál en nú er það viðurkennt sem meiriháttar alþjóðlegt vandamál sem veldur stórkostlegum heilsufarsvanda og dauða fjölda kvenna á ári hverju.¹² Litið er á ofbeldi af þessu tagi sem alvarlegt mannréttindabrot sem verður að leitast við að uppræta. Kannanir sem gerðar hafa verið víða um heim sýna að 10 - 70% kvenna segjast hafa orðið fyrir ofbeldi í nánnum samböndum og að 10 - 40% kvenna hefur verið nauðgað af sambýlismanni eða maka.¹³ Í skýrslu INTERRIGHTS kemur fram að kannanir hafa leitt í ljós að ofbeldi í nánnum samböndum sé aðalorsök dauða og örkumlunar kvenna á aldrinum 16 til 44 ára á heimsvísu.¹⁴ Það eru fleiri konur en deyja af völdum krabbameins, umferðaróhappa og jafnvel styrjalda.¹⁵ Kannanir sýna einnig að 40 – 70 % kvenna sem drepnar eru í heiminum eru myrtar af eiginmanni eða öðrum sem þær eru í nánu sambandi við.¹⁶

Kofi Annan, aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, sagði á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna 8. mars 1999:¹⁷

Ofbeldi gegn konum er sennilega svívirðilegasta mannréttindabrot sem fyrirfinnst. Það er sennilega einnig það útbreiddasta. Það fyrirfinnst í öllum samfélögum heimsins. Við getum ekki sagt að við séum að ná árangri í átt að jafnrétti, þróun og friði á meðan ofbeldi gegn konum viðgengst.

Í rannsóknnum á ofbeldi í nánnum samböndum hefur komið í ljós að í meiri hluta tilfella er um að ræða ofbeldi þar sem fremjandinn er karl og þolandinn er kona. Reynsla kvennaathvarfa, lögreglu og sjúkrahúsa styðja þessar niðurstöður. Ofbeldi sem þetta flokkast undir „kynbundið ofbeldi“. Kynbundið ofbeldi er ofbeldi sem beinist að persónu vegna kynferðis hennar.¹⁸ Kynbundið ofbeldi byrjar oft fyrir fæðingu stúlkubarna. Stúlkufóstrum er frekar eytt en drengjafóstrum og nýfæddar stúlkur eru frekar bornar út en drengir. Þá byrjar ofbeldi í nánnum samböndum oft mjög snemma í parasamböndum. Könnun sem gerð var meðal unglinga á aldrinum 13-17 ára í Bretlandi árið 2009 sýndi að fjórðungur stúlkunnanna

¹² World Health Organization (WHO) *Multi- country study on women's health and domestic violence against women. Summary.* Geneva 2005, bls. 11.

¹³ Unifem á Íslandi, *Líf án ofbeldis allra réttur* – útdráttur, bls. 3.

¹⁴ INTERRIGHTS er The international Centre for the Legal Protection of Human Rights. Skýrslan var gerð vegna máls Nahide Opuz v. Turkey fyrir Mannréttindadómstól Evrópu.
<http://www.interights.org/home/index.htm>

¹⁵ Tilmæli þings Evrópuráðsins nr: 1582 (2002), Domestic violence against women.

¹⁶ INTERRIGHTS, *Written Submissions of INTERRIGHTS*, European Court of Human Rights, Application No. 33401/02 Nahide Opuz v. Turkey, bls. 1.

¹⁷ Margrét Rósa Jochumsdóttir, „Líf án ofbeldis allra réttur“ *Tímarit Unifem 1. tbl. 18. árg.* 2008. bls. 27.

¹⁸ Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

hafði verið slegnar, hrint eða barðar af kærustum sínum og þriðjungur þeirra þvingaðar til kynferðisathafna af kærustum sínum.¹⁹

Kynbundið ofbeldi á sér langa sögu í því feðraveldi sem við byggjum samfélag okkar á. Það er arfur fornra hugmynda um eignarrétt karla á konum sem hefur verið hluti af samfélagi okkar frá upphafi. Sem dæmi má nefna að í Róm til forna var það lagalegur réttur manns í hjónabandi að eiginkonan hlýddi honum. Ef hún gerði það ekki var það einnig réttur hans að refsa henni, skilja við hana eða drepa hana án þess að eiga á hættu að verða dreginn fyrir rétt. Hið sama átti aftur á móti ekki við um rétt kvenna til að vera hlýtt eða til að berja mann sinn ef hann hlýddi ekki.²⁰

Ójafnrétti kynjanna á flestum sviðum samfélagsins viðheldur því ástandi sem ofbeldi í nánnum samböndum er. Ofbeldið hefur viðgengist í skjóli friðhelgi einkalífs og verið talið einkamál fólks. Ofbeldið sem um ræðir getur verið margskonar. Birtingarmyndir þess eru margar, svo sem félagsleg, fjárhagsleg, og efnahagsleg kúgun auk andlegs, kynferðislegs og líkamlegs ofbeldis. Ofbeldi sem framið er innan veggja heimilisins eða milli aðila sem eru í tilfinningalegu sambandi er alvarlegt þjóðfélagsmeið sem veldur þeim sem fyrir því verða oft og tíðum alvarlegum langvarandi afleiðingum, s.s. alvarlegu heilsutjóni á sál og líkama og jafnvel dauða.

Börn verða líka fyrir ofbeldi. Konur sem leita til Kvennaathvarfsins með börn sín, eru spurðar hvort þau hafi einnig orðið fyrir ofbeldi. Árið 2008 svöruðu konurnar því til að 70% barnanna hafði verið beitt andlegu ofbeldi af hálfu ofbeldismannsins, 30% líkamlegu ofbeldi og 11% kynferðislegu ofbeldi.²¹ Börn sem alast upp við ofbeldi foreldra, hvort sem þau verða vitni að ofbeldinu eða ekki, verða fyrir sálrænum skaða og flokkast slíkt ofbeldisástand á heimili sem ofbeldi gegn barninu sjálfu.²² Rannsóknir hafa sýnt að börn þurfa hvorki að verða fyrir ofbeldi sjálf eða verða vitni að því til að þjást.²³ Líklegt er að ofbeldi í nánnum samböndum kosti samfélagið háar fjárhæðir á ári hverju.

Ofbeldi sem um ræðir er mjög dulið. Ekki er vitað með vissu hversu algengt það í raun er, eða hversu umfangsmiklar og víðtækar afleiðingar þess eru fyrir þá sem fyrir því verða. Ekki er vitað hversu margir fremja ofbeldi í nánnum samböndum. Fá mál koma fyrir dómstóla og enn færri málum lýkur með sakfellingu. Gera má ráð fyrir að það sé mun

¹⁹ NSPCC, And University of Bristol, *Teen Abuse Survey of Great Britain*, London 2009.

²⁰ Dobash og Dobash, *Violence against wives*. New York 1979, bls. 36-37.

²¹ SUK, *Ársskýrsla*. 2008, bls. 27.

²² Zulima Gabriela Sigurðardóttir, „Hann meiddir mömmu“ *Morgunblaðið*, 30. september 1992.

sjá einnig: Jónína Einarsdóttir, Sesselja Th. Ólafsdóttir og Geir Gunnlaugsson, *Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi, höggva-hýða-hirta-hæða-hóta-hafna-hrista-hræða*, Reykjavík 2004, bls. 35.

²³ *Börn sem búa við ofbeldi á heimilum*, bæklingur gefin út af Samtökum um kvennaathvarf.

algengara en talið hefur verið. Gerðar hafa verið umfangsmiklar rannsóknir á umfangi þess bæði á Íslandi og erlendis. Af niðurstöðum þessara rannsókna er hægt að fá einhverja hugmynd um umfang þess, en einnig gefa komutölur kvennaathvarfsins mynd af því. Komutölurnar verður að taka með fyrirvara, því þær gefa ekki alveg rétta mynd af umfangi þess á Íslandi, því þangað leita ekki allar konur sem hafa verið beittar eða eru beittar ofbeldi. Rannsóknir gefa heldur ekki fyllilega rétta mynd af umfangi þess, því ekki er víst að allir þátttakendur í rannsóknum skilgreini ofbeldi í nánnum samböndum á sama hátt og því getur verið að þátttakendur telji ákveðna hegðun maka sinna ekki vera ofbeldi, enda þótt hún falli fræðilega undir þá skilgreiningu. Mörgum finnst erfitt að horfast í augu við þá staðreynd að þeir búi við ofbeldi. Því fylgir einnig oft mikil skömm sem gerir það að verkum að margar konur vilja ekki taka þátt í rannsóknum um það. Tilhneiging er hjá þolendum að gera lítið úr ofbeldinu eða afsaka það með einhverjum hætti. Margar konur kenna jafnvel sjálfum sér um, telja að þær hafi verðskuldað það vegna framkomu sinnar.

1. Ofbeldi í nánnum samböndum á Íslandi

Í gegnum tíðina hafa verið gerðar rannsóknir á Íslandi á ofbeldi gegn konum. Þá hafa Samtök um Kvennaathvarf safnað upplýsingum um fjölda kvenna sem þangað hafa leitað allt frá stofnun þess árið 1982. Talið er að um 1100 konur verði árlega fyrir ofbeldi í nánnum samböndum. Þegar ofbeldi hefur einu sinni verið beitt í nánnum samböndum eru helmingsslíkur á að það endurtaki sig.²⁴

Gerð var rannsókn á ofbeldi gegn konum á vegum Félags- og tryggingamálaráðuneytisins árið 2008.²⁵ Rannsóknin er þáttur í aðgerðaáætlun stjórnvalda, „Aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn ofbeldi karla gegn konum“. Áætlunin var samþykkt í ríkisstjórn í september 2006. Rannsóknarsetri í barna- og fjölskylduvernd (RBF) var falið að gera rannsóknina, sem unnin var með það að markmiði að afla þekkingar á eðli, umfangi og afleiðingum ofbeldis sem konur eru beittar. Niðurstöður rannsóknarinnar byggja á viðamikilli símakönnun þar sem tekið var 3.000 manna slembiúrtak kvenna úr þjóðskrá á aldrinum 18-80 ára. Svarhlutfall var 68%. Niðurstöður könnunarinnar voru meðal annars að 22% kvennanna sögðust hafa verið beittar ofbeldi af maka eða fyrrverandi maka einhverntíma á ævinni. Af þeim hópi sögðust 26% hafa verið í lífshættu þegar þær voru síðast beittar ofbeldi. 41% hafði

²⁴ Upplýsingar fengnar af heimasíðu, Karlar til ábyrgðar. <http://www.karlartilabyrgdar.is/kti/default.aspx>

²⁵ Rannsóknin er þáttur í aðgerðaráætlun stjórnvalda gegn ofbeldi karla gegn konum. Áætlunin var unnin af samráðsnefnd dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

verið unnið líkamlegt mein. Um 5% kvennanna voru barnshafandi þegar síðasta ofbeldisverk átti sér stað.²⁶

Athygli vekur að einungis 13% kvenna sem beittar voru ofbeldi kærðu það. Þær sem ekki kærðu töldu ofbeldið ekki nægjanlega alvarlegt eða þær hugsuðu ekki út í að kæra. Samkvæmt könnuninni höfðu 19% svarenda orðið fyrir ofbeldi sem framið var af fyrrverandi maka og merkja má af svörum þátttakenda að ofbeldið hafi oft verið alvarlegt. Oftast hættir ofbeldið þegar sambandi lýkur.²⁷

Samkvæmt ársskýrslu Samtaka um kvennaathvarf frá árinu 2008 komu 549 konur í viðtöl og/eða dvöldu í athvarfinu það ár.²⁸ Af þeim voru flestar beittar ofbeldi af eiginmanni sínum eða sambylísmanni, eða um helmingur, en 30% kvennanna komu vegna ofbeldis fyrrum maka.²⁹ Það er alvarleg staðreynd að jafnvel þótt kona komi sér út úr ofbeldisfullu sambandi er hún ekki úr allri hættu. Mikilvægt er að segja skilið við þá ranghugmynd að konur umberi ofbeldi og vilji ekki komast út úr ofbeldisfullu sambandi. Því geti samfélagið eða refsivörslukerfið ekki hjálpað þeim. Rannsóknir hafa sýnt að konur sem beittar eru ofbeldi losa sig yfirleitt að lokum við ofbeldismennina.³⁰ Mikilvægt er að átta sig á að það getur verið erfitt fyrir konu sem beitt hefur verið ofbeldi lengi, bæði andlegu og líkamlegu, að losa sig úr sambandi við ofbeldismanninn. Sérstaklega ef hún er orðin félagslega einangruð, efnahagslega háð honum og/eða með brotna eða lélega sjálfsmynd.

Nýjasta rannsóknin um ofbeldi á Íslandi var gerð í júní 2009. Rannsóknin er ein sú viðamesta í heiminum í dag því samband var haft við 7000 konur, 2764 konur kusu að taka þátt, sem er 39% svarhlutfall. Niðurstöðurnar voru birtar í tímaritinu *Journal of Advanced Nursing* í júlí 2009, og eru þær sláandi. Þær leiddu í ljós að fjórða hver kona á Íslandi verður fyrir einhverskonar ofbeldi í nánun sambandi.³¹

2. Birtingarmyndir ofbeldis í nánun samböndum

Ofbeldi í nánun samböndum er yfirleitt skilgreint sem ferli en ekki sem einstakt tilvik. Um er að ræða samskonar eða svipað ferli í flestum tilvikum, þ.e. ferli þar sem ást og umhyggja breytist smám saman í yfirþyrmandi ofurstjórn maka og skipulegar tilraunir hans til þess að ráða öllu sem viðkemur konunni og stjórna henni í hvívetna. Ofbeldismaðurinn reynir að

²⁶ Rannsókn á ofbeldi gegn konum, Félags- og tryggingamálaráðuneyti 2009.

²⁷ Sama heimild.

²⁸ SUK, *Ársskýrsla*. 2008, bls. 13.

²⁹ Sama heimild, bls. 23.

³⁰ Ingólfur V. Gíslason, *Ofbeldi í nánun samböndum. Orsakir, afleiðingar, úrræði*, bls. 38-39.

³¹ Kynning á niðurstöðum ofbeldisrannsóknar sem unnin var af Dr. Erlu Kolbrúnu Svavarsdóttur og Dr. Brynju Örlygsdóttur. http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2009/07/06/fjordungur_ordid_fyrir_ofbeldi/

einangra konuna, opnar póstinn hennar, veitir henni eftirför og kemur jafnvel í veg fyrir að hún geti sótt vinnu eða skóla. Vinir og ættingjar konunnar eru að hans mati heimskir og óþolandi. Oft tekst honum að reka alla í burtu með því að móðga þá sem konan umgengst og hegða sér dónalega. Efnahagsleg stjórnun er einnig oft hluti af ferlinu, sem felst í að takmarka aðgang hennar að peningum, taka af henni peninga og greiðslukort. Ofbeldismaðurinn þvingar hana til að biðja um peninga og gera grein fyrir hverri krónu sem hún eyðir.

Næsta stig ofbeldisins er niðurlægingin sem konan upplifir. Hún er stöðugt gagnrýnd og henni sagt að hún sé ómöguleg, það sem hún geri sé rangt eða ekki nógu gott og hún sjálf heimsk. Henni er talin trú um að eitthvað sé að henni, jafnvel að hún sé geðveik. Ofbeldismaðurinn öskrar á hana, uppnefnir hana og hæðist að henni. Þannig tekst honum að skaða sjálfsmynd konunnar. Andlega ofbeldið eykst, ofbeldismaðurinn fer að eyðileggja hluti sem konan á og jafnvel að farga gæludýrum heimilisins. Hann hótar öllu illu og hótar jafnvel að drepa sig, hana eða börnin.

Hann átti líka aðra refsingu uppi í erminni. Það voru alltaf gæludýr á heimilinu, aðallega kettir en líka skrautfiskar, páfagaukar og hamstrar. Sum dýrin voru í eigu allrar fjölskyldunnar, eins og tíkin Kókó, en önnur höfðum við systurnar fengið að eigna okkur og jafnvel fengið þau í jólagjöf. Þegar pabba fannst við ekki hafa reynst nógu vel átti hann það til að sækja kettling eða páfagauk og murka úr honum lífið fyrir framan nefið á okkur. Þarna sátum við smástelpurnar og horfðum á fallegu dýrin okkar, sem við höfðum gefið nafn, gælt við og gefið að borða, emja undan þéttu gripi kvalara síns

*Thelma Ásdísardóttir Myndin af Pabba*³²

Lokastig ofbeldisins er líkamlegt ofbeldi og kynferðislegt ofbeldi eða þvinganir. Hlutum er hent í konuna eða þeir brotnir fyrir framan hana og svo kemur að barsmíðum. Konunni er ýtt eða hrint, hún er barin, brennd eða skorin. Kynferðislegt ofbeldi getur verið niðurlæging með því að hæðast að konunni, þvinga hana til kynlífsathafna, jafnvel með öðrum mönnum eða nauðgun.³³ Hótanir um að beita börnin kynferðisofbeldi eru líka þekktar.³⁴ Hótanir um að drepa konuna og/eða börnin fylgja svo oft í kjölfarið. Misjafnt er hve lengi ofbeldið þróast og hversu alvarlegt það verður. Það fer eftir því hvort konunni tekst að komast út úr sambandinu, sem bindur oftast endi á ofbeldið. Ferlið getur verið misjafnlega lengi að þróast og getur þá skipt máli hvort konan verður þunguð, en margar konur hafa sagt frá því að um leið og þær hafi orðið þungaðar hafi makinn gjörbreyst til hins verra og í

³² Gerður Kristný og Thelma Ásdísardóttir, *Myndin af pabba, saga Thelmu*. Reykjavík 2005, bls. 42-43.

³³ Sjá sem dæmi, dóm Hæstaréttar í máli nr. 502/2009 þar sem maður þvingaði konu sína til kynmaka með öðrum mönnum.

³⁴ SUK, *Ársskýrsla*, 2008, bls. 9. og Ingólfur V. Gíslason, *Ofbeldi í nánum samböndum. Orsakir, afleiðingar, úrræði*, bls. 35 – 36.

mörgum tilvikum farið að beita þær líkamlegu ofbeldi á meðgöngunni.³⁵ Líklegt er að samskonar ferli og birtingarmyndir séu í flestum samböndum þar sem ofbeldi á sér stað.

³⁵ Ingólfur V. Gíslason, *Ofbeldi í nánum samböndum. Orsakir, afleiðingar, úrræði*, bls. 36.

III. Fremjendur

Fremjendur ofbeldis í nánnum samböndum eru karlar í yfirgnæfandi meirihluta. Á það hefur oft verið bent að konur beita í einhverjum tilfellum karla ofbeldi en allar rannsóknir og sá raunveruleiki sem blasir við kvennaathvörfum, slysamóttökum, neyðarmóttökum og lögreglu er sá að konur verða oftast fyrir ofbeldi og það eru karlmenn sem beita því. Það má einnig sjá af því að enn hefur ekki verið talin þörf á að stofna karlaathvarf fyrir karlmenn sem þurfa að flýja aðstæður heima fyrir vegna hræðslu um eigið líf og barna sinna. Aftur á móti hefur verið talin þörf á að stofna meðferðarstofnanir sem bjóða körlum meðferð vegna þess að þeir beita sína nánustu ofbeldi.

1. Staðalmyndir

Til eru margar staðalmyndir um fremjendur ofbeldis í nánnum samböndum. Lítið er þó vitað í raun hverjir þeir eru. Þótt einhverjir, jafnvel margir, þekki einn eða fleiri ofbeldismann hefur ekki verið varpað skýru ljósi á það með sannfærandi hætti hverjir þeir eru í raun eða hvernig hópur þeirra er samsettur. Staðalmyndir um þá lifa góðu lífi. Margir og kannski all flestir vilja meina að skýringar á ofbeldi í nánnum samböndum sé að finna í persónuleika fremjenda og lífsreynslu þeirra. Staðalmyndin er sú að fremjendur séu ungir, illa menntaðir, standi illa fjárhagslega, séu í andlegu ójafnvægi, jafnvel geðveikir, drykkjumenn, sjálfir þolandur ofbeldis úr æsku, að þeir eigi einhvern veginn bág og að þeim sé ekki alltaf sjálfrátt.

Einhverjar skýringar hljóta að vera á ofbeldi sem er jafn óvægið og alvarlegt og ofbeldi það sem á sér stað í nánnum samböndum fólks, þar sem traust og kærleiki ætti að vera í fyrirrúmi. Hvaða skýringar eru á því að sumir beita sína nánustu ofbeldi? Í skýrslu sem gerð var á vegum Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins árið 1996 koma eftirfarandi skýringar á ofbeldi eiginmanna á eiginkonum sínum fram:³⁶

Frá því að fyrst var vakin athygli á ofbeldi eiginmanna gegn eiginkonum sínum sem félagslegu vandamáli í byrjun áttunda áratugarins [...] hafa margar tilgátur verið settar fram um orsakir ofbeldis á heimilum. Hér verður greint stuttlega frá fjórum meginskýringum á ofbeldi gegn eiginkonum. Fyrsta skýringin er um áhrif ofbeldis í bernsku á ofbeldishneigð á fullorðinsárum. Önnur skýring leggur áherslu á samband áfengis og ofbeldis. Reynsla úr bernsku eða lyfjafræðileg áhrif áfengis eru hvorttveggja þættir sem einstaklingurinn ræður að litlu leyti yfir. Samkvæmt þessum skýringum er sá sem beitir ofbeldinu þolandi engu síður en sá sem fyrir því verður. Streita, vanlíðan og almenn óánægja fær útrás í ofbeldi sem er ekki ætlað að hafa neinn ákveðinn tilgang. Þriðja skýringin eru kenningar sem skýra ofbeldi sem valdatogstreitu á milli fólks. Kenningar um

³⁶ Skýrsla dómsmálaráðherra, Um umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum, bls. 22.

valdatogstreitu eru af allt öðrum meiddi en kenningar um áhrif ofbeldis í bernsku og áfengi sem orsakavald ofbeldis. Samkvæmt togstreitukenningunum er valdbeiting liður í því að ná fram ákveðnu markmiði þ.e. yferráðum í sambandi karls og konu. Fjórða skýringin er að ofbeldi sé afleiðing fátæktar, atvinnuleysis og streitu.

Skýrslan var unnin af sérfræðingum m.a. á sviði lögfræði, afbrotufræði og félagsfræði. Þessar kenningar eru mjög í takt við staðalmyndir og hugmyndir almennings sem nefndar voru að framan. Tilteknar eru kenningar sem leita skýringa á ofbeldinu í utanaðkomandi þáttum sem um leið frýjar fremjendur að þó nokkru leyti eða öllu ábyrgð á ofbeldinu. Það er t.a.m. gengið svo langt að halda því fram að fremjandi ofbeldis í nánú sambandi stjórnist af þáttum sem hann ráði ekki við og sé því þolandi ekki síður en sá sem fyrir ofbeldinu verður. Því er haldið fram að þættir eins og ofbeldi í æsku og neysla áfengis, streita, atvinnuleysi og almenn óánægja valdi því að fremjandi beiti ofbeldi. Athyglisvert er að sjá kenningu um að streita, vanlíðan og almenn óánægja fái útrás í ofbeldi, sem ekki er ætlað að hafa neinn ákveðinn tilgang. Það gengur þvert á kenningu sem einnig kemur fram í skýrslunni um að ofbeldi sé framið í þeim tilgangi að ná stjórn og yferráðum í sambandi fólks.

Í bókinni „Ofbeldi í nánú samböndum“ má finna umfjöllun um fremjendur ofbeldis og hugsanlegar ástæður þess að ofbeldi er beitt og þætti sem áhrif hafa á það. Þar eru nefndir helstu þættir sem einkenna karla sem beita ofbeldi sem bandarískir fræðimenn, Dobash og Dobash, drógu saman í fjóra punkta árið 1980:³⁷

- *Afbryðisemi og eignartilkall til konunnar.*
- *Væntingar til heimilisstarfa konunnar og að karlinn hafi rétt á að gera kröfur hvað það varðar.*
- *Tilfinningin að hafa rétt til að dæma konuna og mega refsa henni.*
- *Ákafi í að halda valdastöðu sinni á heimilinu.*

Því er haldið fram í bókinni að mikið vatn hafi runnið til sjávar síðan þessir punktar voru teknir saman og nú hafi menn öðlast betri skilning á því hvað fái suma karla til að beita ofbeldi. Vísað er í rannsóknir og kannanir sem gerðar hafa verið síðan af ýmsum fræðimönnum um ástæður ofbeldis og þætti sem hafa áhrif á það. Nefnt er uppeldi og ofbeldi í uppvexti, persónuleiki ofbeldismanns og ákveðin tímabil í lífi karla sem auka hættu á að ofbeldi verði beitt, sem dæmi þungun maka og erfiðleikar við uppeldi barna. Félagslegir og efnahagslegir þættir eins og atvinnuleysi, álag í vinnu, streita og aðrir erfiðleikar sem hafa áhrif á ofbeldið og líffræðilegir þættir eins og áfengis- og vímuefnaneysla. Vissulega eru

³⁷ Ingólfur V. Gíslason, *Ofbeldi í nánú samböndum. Orsakir, afleiðingar, úrræði*, bls. 106.

Þetta þættir sem hugsanlega hafa áhrif á beitingu ofbeldis, en hver er raunveruleg kveikja að ofbeldishegðun. Hvaðan fær fremjandi þá hugmynd að honum leyfist að beita ofbeldi? Líklegt er að Dobash og Dobash hafi hitt naglann á höfuðið með punktum sínum fjórum um helstu einkenni ofbeldismanna, þ.e. að ástæðu megi finna í hugmyndum og viðhorfum ofbeldismannanna um konur og nán sambönd við þær. Reyndar koma einnig fram í bókinni „Ofbeldi í nánnum samböndum“ vangaveltur um hugsanlegar ástæður ofbeldis eins og viðhorf til kvenna, kvenfyrirlitning og viðhorf til sambandsins og ofbeldis sem eru nokkuð samhljóða kenningum Dobash og Dobash

Bandarískur fræðimaður, Lundy Bancroft, skrifar um fremjendur ofbeldis á svipuðum nótum í bók sinni „*Why does he do that?*“ sem kom út árið 2002.³⁸ Bancroft hefur starfað með fremjendum ofbeldis í nánnum samböndum frá árinu 1987. Hann starfaði sem ráðgjafi/meðferðarfulltrúi hjá fyrstu meðferðarstöð Bandaríkjanna „Emerge“ sem sérhæfir sig í aðstoð og meðferð fyrir fremjendur ofbeldis í nánnum samböndum.³⁹ Þegar bókinn er skrifuð árið 2002 hafði hann unnið þar í 15 ár og komið að yfir 2 þúsund málum. Í inngangi bókarinnar segir hann:⁴⁰

I have learned that the problem of abusiveness has surprisingly little to do with how a man feels - my clients actually differ very little from nonabusive men in their emotional experiences - and everything to do with how he thinks. The answers are inside his minds.

Í bókinni er fjallað um staðalmyndir ofbeldismanna. Teknar eru sem dæmi 17 staðalmyndir sem lifa góðu lífi um fremjendur ofbeldis í nánnum samböndum. Hann segir þær vera meðal annars þessar: *hann var þolandi ofbeldis í æsku, fyrri maki var vondur við hann, hann er vondur við þá sem hann elskar mest, hann á svo erfitt með að tjá tilfinningar, hann er bara svona árásargjarn persónuleiki, hann missir bara stjórn á sér, hann er svo reiður, hann er veikur á geði, hann hatar konur, hann er hræddur við að binda sig tilfinningalega, hann hefur lélega sjálfsmynd, hann verður fyrir aðkasti í vinnunni, hann á erfitt með að eiga samskipti og tjáskipti við aðra, það eru jafn margar konur sem beita ofbeldi eins og menn, ofbeldið sem hann beitir bitnar jafn mikið á honum og þeim sem fyrir því verður, hann er háður áfengi eða fíkniefnum og hann er fórnarlamb rasisma.*⁴¹ Bancroft heldur því fram að þessar staðalmyndir séu að mestu sköpunarverk ofbeldismannanna sjálfra í gegnum tíðina og þeim sé beitt til að slá ryki í augu þolendanna og samfélagsins alls, en einnig sem afsökun fyrir ofbeldinu.

³⁸ Bancroft, Lundy, *Why does he do that?, inside the minds of angry and controlling men*, New York 2002.

³⁹ Emerge, Counseling and Education to stop Domestic Violence. <http://www.emergedv.com/>

⁴⁰ Bancroft, Lundy, *Why does he do that?, inside the minds of angry and controlling men*, bls. xvii.

⁴¹ Sama heimild, bls.23-24.

Tilgangurinn er að hylja raunverulegar ástæður ofbeldisins sem séu einungis tilraunir til að ná stjórn á þólandanum. Hann undrast að bæði þólandur og samfélagið skuli taka þessar afsökunarástæður ofbeldismanna gildar og leggja trúnað á þær.⁴² Ofbeldishegðun stjórnast ekki af tilfinningalegum vanda eða andlegu ástandi fremjanda. Hún stjórnast af skoðunum og verðmætamati ofbeldismannsins. Meintar ástæður ofbeldisins eru afsakanir fyrir hegðuninni. Hann segir til dæmis að ofbeldishegðun aukist gjarnan ef unnið er með sjálfstraust ofbeldismanna. Í ljós kom að mikil athygli og hrós hafði þau áhrif á ofbeldismanninn að ofbeldishegðun jókst. Ofbeldismenn sem höfðu sýnt mjög góðan árangur í meðferð vegna ofbeldishegðunar voru fengnir til að tala opinberlega og við fjölmiðla um reynslu sína. Þeim tókst það vel en hjá öllum sem fram komu og fengu athygli og hrós fyrir, varð afturför í meðferðinni og í kjölfarið innan fárra daga fylgdi alvarlegt ofbeldisbrot gegn maka. Það varð til þess að meðferðarstofnunin varð að hætta að fá fremjendur til að koma fram og tala um reynslu sína opinberlega. Bancroft segir að reynsla sín hafi leitt í ljós að ekki sé hægt að lækna ofbeldismenn af ofbeldishegðun þótt unnið sé með þau vandamál sem notuð eru sem afsökun fyrir ofbeldishegðuninni, til dæmis með reiðistjórnun eða meðferð vegna vímuefnavanda. Einungis sé hægt að vinna með ofbeldishegðun með því að horfast í augu við eðli hennar.⁴³

⁴² Bancroft, Lundy, *Why does he do that?, inside the minds of angry and controlling men*, bls. 21-22.

⁴³ Sama heimild, bls. 48.

IV. Fremjendur ofbeldis í nánnum samböndum samkvæmt komuskýrslum Kvennaathvarfsins.

1. Kvennaathvarf

Kvennaathvarfið er eina úrræðið á Íslandi fyrir konur og börn sem þurfa að flýja heimili sitt þegar dvölin er orðin óbærileg vegna andlegs eða líkamlegs ofbeldis maka þeirra eða annarra heimilismanna. Kvennaathvarfið var stofnað af konum úr ýmsum kvannahreyfingum og konum sem höfðu kynnst ofbeldi af eigin raun. Stofnfundur var haldinn 2. júní 1982 og var Kvennaathvarfið opnað formlega 6. desember sama ár. Kvennaathvarfið þjónar öllu landinu, þar sem það sýndi sig fljótlega eftir að annað athvarf var stofnað á Akureyri árið 1984, að norðlenskar konur sem þurftu aðstoð vildu heldur sækja hana til Reykjavíkur. Ástæða þess var smæð bæjarfélagsins og nánd íbúanna sem hindraði konurnar í að sækja sér aðstoð. Þeim fannst eins og allir bæjarbúar vissu hvar athvarfið væri og hvað þar færi fram og þar af leiðandi hvernig komið væri fyrir þeim.⁴⁴ Konur utan af landi fá yfirleitt styrk frá sveitarfélagi sínu til þess að komast í skjól Kvennaathvarfsins.⁴⁵ Kvennaathvarfið er opið allan sólarhringinn og opið öllum konum og börnum sem þurfa aðstoð. Athvarfið er einnig opið konum sem hafa orðið fyrir nauðgun. Frá opnun Kvennaathvarfsins í lok ársins 1982 til ársins 2008 eru skráð 8.651 tilvik þar sem konur komu til dvalar eða komu í viðtöl. Á tímabilinu dvöldu alls 3.004 konur í athvarfinu og með þeim 2.622 börn. Árið 2008 komu til dvalar eða í viðtöl 503 konur, þar af dvöldu 97 konur í athvarfinu og 74 börn.⁴⁶

Tölur Kvennaathvarfsins sýna að konurnar dvöldu allt frá einum degi til 46 daga eða fleiri, en meðal dvalartími er 13 dagar. Að meðaltali voru um 100 börn á ári sem flúðu heimili sín ásamt mæðrum sínum og dvöldu í athvarfinu, allt frá einum degi til 46 daga eða fleiri, og dvöldu að meðaltali 16 daga í einu.⁴⁷ Kvennaathvarfið býður upp á símaráðgjöf allan sólarhringinn og geta þolendur ofbeldis alltaf haft samband og fengið ráð. Konur geta sótt ókeypis viðtöl í athvarfinu. Þar eru einnig starfræktir sjálfshjálparhópar.⁴⁸

Samtök um Kvennaathvarf hafa skráð og safnað upplýsingum um þær konur sem þangað leita allt frá stofnun þess. Tilgangur skráningar upplýsinga í komuskýrslur er að halda utan um upplýsingar um þolendur ofbeldis á meðan á dvöl eða viðtölum stendur. Tilgangurinn er einnig að skrásetja upplýsingar um kynbundið ofbeldi sem nota má til

⁴⁴ Viðtal við Þórlaugu Jónsdóttur lögfræðing, rekstrarstjóra Kvennaathvarfsins þann 19. febrúar 2010.

⁴⁵ SUK, *Ársskýrsla*. 2006, bls. 11.

⁴⁶ SUK, *Ársskýrsla*. 2008, bls. 13.

⁴⁷ Sama heimild, bls. 14-15.

⁴⁸ Sama heimild, bls. 13.

rannsóknna. Athvarfið er þeim konum opið sem hafa verið beittar ofbeldi í nánu sambandi eða hefur verið nauðgað. Konur geta komið til dvalar í athvarfið, komið í viðtöl eða hringt og fengið símaviðtal við starfskonu.

Stjórn Samtaka um kvennaathvarf veitti leyfi til aðgangs og rannsókna á þeim hluta komuskýrslna athvarfsins sem hefur að geyma upplýsingar um fremjendur ofbeldisins. Mikilvægt er að hafa í huga þegar niðurstöður rannsóknarinnar eru skoðaðar, að ekki leita allar konur sem beittar eru ofbeldi í nánum samböndum á Íslandi til Kvennaathvarfsins. Rannsóknin tekur því ekki til allra fremjenda ofbeldis í nánum samböndum á Íslandi á umræddu tímabili. Niðurstöður rannsóknarinnar hafa að geyma upplýsingar um fremjendur, sem beittu konur ofbeldi með þeim afleiðingum að þær sem leituðu til athvarfsins. Um er að ræða árin 2002 - 2008. Ástæða þess að skoðaðar voru upplýsingar á þessu tímabili var, að til þess að fá sem skýrasta mynd af því hverjir það eru sem beita konur ofbeldi í nánum samböndum varð að taka eins langt tímabil og kostur var á með tilliti til þeirra upplýsinga sem fram koma í komuskýrslunum. Frá upphafi skráninga í komuskýrslurnar hafa spurningalistarnir breyst, æ fleiri spurningar hafa bæst við. Rannsóknin miðaðist við ákveðnar grunnupplýsingar sem fram koma í skýrslunum, svo sem kyn, aldur og þjóðerni, tengsl fremjanda við þolanda, starf fremjanda og menntun. Einnig var athuguð vímuefnanotkun og hvort viðkomandi hefði farið í áfengis- eða fíkniefnameðferð. Einnig hvort fremjandi hefði verið kærður eða dæmdur fyrir ofbeldisverk og þá fyrir hvers konar brot. Kannað var hvort lögregla hefði haft afskipti af viðkomandi vegna ofbeldisbrota og þá hverskonar. Allar spurningarnar í rannsókninni voru í spurningalistum frá árinu 2002 nema spurningar sem lutu að því hvort fremjandi hefði farið í áfengismeðferð, hvort tengsl væru á milli áfengisneyslu og ofbeldis og spurning um afskipti lögreglu af fremjanda vegna fyrri ofbeldisbrota. Þær spurningar komu fyrst inn í spurningalistana árið 2006 og er því einungis hægt að byggja á þriggja ára skráningu hvað þær varðar. Byrjað var á að skoða nýjustu skýrslurnar, þ.e. frá árinu 2008, og síðan unnið aftur á bak eitt ár í senn. Þegar kom að árinu 2001 var ákveðið að láta staðar numið vegna þess að það ár var ekki að finna skráningu um þjóðerni fremjenda. Best var talið að flækja ekki rannsóknina meira en þörf væri á enda komnar upplýsingar um 1740 fremjendur ofbeldis í nánum samböndum, sem talið var að gæfi skýra mynd af fremjendunum.

2. Rannsóknargögn

Þegar kona hefur samband við athvarfið símleiðis, kemur í viðtal eða til dvalar fyllir starfskona athvarfsins út eyðublað með helstu upplýsingum um hana, börn hennar, ofbeldið

og ofbeldismanninn. Skýrslurnar eru nafnlausar en innihalda upplýsingar um meðal annars aldur, starf, þjóðerni, menntun og ofbeldið sem konan hefur orðið fyrir. Hafa verður í huga að það er undir þeirri starfskonu athvarfsins komið sem skráir upplýsingarnar, hversu nákvæmar og ítarlegar þær eru. Einnig er misjafnt hversu vel konan sem kemur í athvarfið þekkir til ýmissa þátta sem spurt er um eins og menntunar eða ofbeldissögu fremjanda sem í hlut á, sérstaklega á það við um erlendar konur. Komuskýrslum kvennaathvarfsins er skipt í tvo flokka. Annarsvegar er um að ræða svonefndar „viðtalsskýrslur“, sem gerðar eru bæði vegna viðtala sem fara fram í athvarfinu sjálfu og vegna símaviðtala. Hinsvegar eru það svonefndar „dvalarskýrslur“, en það eru skýrslur vegna dvalar í athvarfinu. Komi kona oftast en einu sinni til dvalar, í viðtal eða símaviðtal á sama árinu er ekki gerð ný komuskýrsla. Ný skýrsla er aftur á móti gerð ef kona sem hefur verið í viðtölum kemur síðar til dvalar. Um áramót eru komuskýrslur ársins færðar í möppu og nýjar komuskýrslur gerðar á nýju ári fyrir hverja konu sem kemur í athvarfið í viðtöl eða til dvalar. Ef kona kemur aftur til dvalar eða í viðtal eftir áramót er gerð ný skýrsla um hana. Þessi framkvæmd veldur því að þolandi og fremjandi eru í sumum tilfellum skráð tvisvar eða oftast á tímabilinu sem rannsóknin tekur til. Tvískráning eða margskráning sama ofbeldismanns getur einnig átt sér stað ef fleiri en ein kona kemur vegna sama ofbeldismanns. Ekki reyndist mögulegt með að lagfæra eða bæta úr tvískráningunni eða margskráningunni þannig að sami ofbeldismaður kæmi bara einu sinni fyrir í rannsókninni. Það ætti þó ekki að koma að sök því ekki er ætlunin í þessari ritgerð að gera nákvæma talningu á ofbeldismönnum eða gefa nákvæma skýrslu um hvern og einn þeirra. Tilgangur rannsóknarinnar er fyrst og fremst að varpa ljósi á og gefa hugmynd um hverjir það eru sem fremja ofbeldi í nánu sambandi. Komutölur Kvennaathvarfsins þau sjö ár sem um ræðir og tölulegar upplýsingar sem fengust við skoðun komuskýrslanna um fjölda ofbeldismanna munu ekki vera þær sömu. Ástæða þess er sú að oft var ekki að finna upplýsingar um ofbeldismann í komuskýrslum þolendanna. Ástæðurnar geta verið margvíslegar en oftast er ástæðan sú að ekki næst að skrá allar upplýsingar í komuskýrsluna vegna ástands þolendanna við komuna og oft fara konur heim áður en tækifæri gefst til þess að ljúka skráningunni. Stundum er einnig erfitt að fá upplýsingar vegna tungumálaörðugleika. Þar sem upplýsingar um fremjendur ofbeldisins vantaði var skráningu sleppt og eru þær komuskýrslur ekki taldar með í heildartölunni sem miðað er við.

3. Niðurstöður

Í rannsókninni er notast við upplýsingar um 1740 fremjendur ofbeldis í nánnum samböndum. Í komuskýrslunum eru 12 spurningar um ofbeldismanninn. Þrjár þeirra komu ekki inn í

spurningalistann fyrr en árið 2006. Hinar 9 voru á spurningalistanum þann tíma sem rannsóknin nær til. Töluvert er um að einhverjum spurningum sé ósvarað og er það oftast vegna þess að konan býr ekki yfir upplýsingunum eða eins og áður sagði hefur stundum ekki gefist tími eða næði til þess að ljúka skráningunni. Þar af leiðandi er alltaf tekið fram við umfjöllun um niðurstöður hver sá fjöldi er sem ekki svaraði eða vissi ekki svárið. Fjallað er um það í texta með hverri mynd/línuriti til að hægt sé að átta sig á óvissu í skráningunni. Komuskýrslurnar hafa að geyma svör við spurningum sem varða konuna og það ofbeldi sem hún hefur sætt. Spurningarnar sem unnið var úr í þessari rannsókn varða allar ofbeldismanninn og í upphafi hvers kafla þar sem niðurstöður eru kynntar er tilgreint hver spurningin er í komuskýrslu.⁴⁹


Talið var úr skráningartöflum sem gerðar voru við rannsókn komuskýrslanna. Upplýsingarnar voru færðar í línurit, skífurit eða súlurit, eftir því sem best þótti henta hverju sinni. Oftast eru prósentur gefnar upp í línuritam/skífuritam og fjallað um tölulegar upplýsingar í texta. Við hverja mynd eða línurit er fjallað sérstaklega um allar ákvarðanir sem taka þurfti við úrvinnslu gagnanna. Á það við um þau tilfelli þegar meta þurfti hvernig flokka ætti upplýsingar/svör kvennanna. Dæmi eru tekin til útskýringar á innihaldi hvers flokks ef ástæða þykir til.

3.1. Kyn

Í komuskýrslunum er ekki spurt um kyn fremjanda ofbeldis. Sé um kvenkyns fremjanda að ræða, sem er undantekning, er það skráð sérstaklega. Við skoðun upplýsinga úr komuskýrslum Kvennaathvarfsins má sjá hvert kynjahlutfall fremjanda ofbeldis þeirra kvenna sem til athvarfsins leita er. Af 1740 fremjendum voru karlar 1723 eða 99%. Athygli vekur að 17 konur, sem er 1%, eru tilgreindar sem fremjendur ofbeldis. Athyglisvert er að þær beittu konur sér tengdar ofbeldi eins og karlarnir.

⁴⁹ Oftast í kaflanum má sjá þann hluta komuskýrslanna sem varða ofbeldismann.

Mynd 1. Kyn fremjenda




3.2. Aldur

Í komuskýrslunum er spurt um aldur fremjanda ofbeldis. Á tímabilinu sem skoðað var voru þeir frá 14 ára aldri og allt til 84 ára. Ungir ofbeldismenn voru 15 talsins undir tvítugu. 28 fremjendur voru komnir yfir sjötugt. Flestir ofbeldismenn voru 42 ára eða 71 talsins.

Ofbeldi virðist helst vera beitt af fremjendum á aldrinum 35 til 50 ára. Í 15 komuskýrslum var aldur ekki nákvæmlega tilgreindur í árum, heldur var aldur skráður á ákveðnu árabili. Við úrvinnslu gagnanna varð að hafa nákvæman aldur svo hægt væri að setja aldur allra fremjenda í súlurit. Í þeim tilvikum var tekin miðjutala á uppgefnu aldursbili og sú tala sett í súluritið. Í sjö tilvikum var fremjandi ofbeldisins látinn og 36 sinnum var óskráður aldur í komuskýrslum athvarfsins.


Mynd 2. Aldursdreifing fremjenda



3.3. Þjóðerni

Í komuskýrslunum er spurt um þjóðerni ofbeldismanns. Upprunaþjóðerni voru nokkuð mörg. Langflestir voru það íslenskir karlmenn sem beittu bæði íslenskar og erlendar konur ofbeldi. Íslensku karlmennirnir voru 84% þeirra sem beittu konurnar sem komu í athvarfið á þessum sjö árum sem rannsóknin tók til ofbeldi. Erlendu fremjendurnir eiga uppruna sinn að rekja til 55 landa. Þeir voru 16% og beittu, eins og íslensku ofbeldismennirnir, bæði íslenskar og erlendar konur ofbeldi. Í 23 tilvikum var um blandað þjóðerni ofbeldismanns að ræða, þ.e. fremjandinn var íslenskur í aðra ættina og erlendur í hina. Ákveðið var að flokka þá með íslenskum fremjendum. Vegna fjölda upprunaþjóðerna fremjendanna var ákveðið að flokka upprunaþjóðerni eftir heimsálfum. Ekki var að finna upplýsingar um þjóðerni í 59 tilvikum.

Mynd 3. Þjóðerni fremjenda



3.4. Tengsl fremjenda og þolenda


Í komuskýrslunum er spurt um tengsl þolanda við ofbeldismanninn. Í flestum tilvikum var ofbeldi í nánnum samböndum framið af maka. Rannsóknin leiddi í ljós að í 56% tilvika var fremjandinn maki eða kærasti konunnar. Eiginmenn voru 498 talsins, sambýlismenn 425 og kærastar 52. Alls eru þessir þrjú hópar núverandi maka og kærasta 975 af 1740 fremjendum. Það er rétt rúmlega helmingur. Það sem er athyglisvert við niðurstöður þessa hluta rannsóknarinnar er hversu stór hluti ofbeldismanna kemur úr hópi fyrirverandi maka eða 33%, 162 fyrrum eiginmenn, 409 fyrrum sambýlismenn og 26 fyrrum kærastar. Samtals 591 fremjandi af 1740.

Athygli vekur að hópur fyrirverandi sambýlismanna er næstum því jafn fjölmennur og hópur núverandi sambýlismanna. Konurnar voru einnig beittar ofbeldi af öðrum en mökum


sínum og fyrrverandi mökum. Í athvarfið leituðu konur sem urðu fyrir ofbeldi af hálfu barnsföður, vinar eða kunningja, föður, sonar, bróður eða stjúpa. Í flokk, sem kosið var að kalla „annað“ voru skrásett ýmis tilvik sem komu sjaldan fyrir eða einungis tvisvar eða þrisvar sinnum. Þar eru skráð 40 tilvik eða 3% af heildinni. Ástæða þykir, þrátt fyrir að tilvikin séu fá, að minnast á nokkur þeirra, vegna þess að þau gefa til kynna ákveðna afstöðu til kvenna og hugsanlegra hugmynda um að konan sé ennþá sett skör lægra en karlinn í meðvitund samfélagsins. Þessi tilvik fremjenda ofbeldis í nánú sambandi sem konurnar tilgreindu voru svo nokkur dæmi séu tekin: tengdafaðir, tengdasonur, sambýlismaður dóttur, kærasti vinkonu, kærasti móður, fyrrverandi mágur eða frændi. Einnig virtust konur verða fyrir ofbeldi af hálfu annarra aðila sem hugsanlega geta ekki fallið undir skilgreininguna á ofbeldi í nánú samböndum, en sem dæmi má nefna ofbeldi af hálfu meðferðafulltrúa, læknis, skólalbróður, nággranna, leigusala, vinnufélaga og vinnuveitanda.

Konur sem leituðu í athvarfið komu þangað í 17 tilfellum af 1740 vegna ofbeldis kynsystra sinna. Þar áttu í hlut dætur, stjúpætur, systur eða mæður kvennanna. Einnig komu konur vegna ofbeldis eiginkonu, sambýliskonu og barnsmóður. Í einni komuskýrslu var ekki tekið fram hver tengsl fremjenda voru við þolandann.

Mynd 4.a. Tengsl fremjenda og þolenda




Mynd 4.b. Tengsl fremjenda og þolenda



Á mynd 5. sést hlutfall núverandi og fyrrverandi maka.

Mynd 5. Tengsl fremjenda og þolenda



3.5. Menntun


Í komuskýrslunum er spurt um menntun. Hægt er að merkja við fjóra möguleika, grunnskóla, framhaldsskóla, háskóla og annað. Oftast var svar við spurningunni nákvæmt og lítill vafi á hvaða menntun fremjandi ofbeldisins hafði. Stundum voru konurnar ekki vissar um á hvaða stigi menntunin teldist og var þá skrifað í komuskýrsluna hver sú menntun væri, það var svo flokkað eftir á, og fært undir flokk 1 - 4.

Flokkunin sem notast er við í komuskýrslum kvennaathvarfsins og stuðst er við hér er í aðalatriðum sú sama og Hagstofa Íslands notar við flokkun á menntun landsmanna. Það

flokkunarkerfi er alþjóðlegt menntunarflokkunarkerfi sem nefnist ISCED97.⁵⁰ Sú flokkun miðast við að flokka þá sem hafa grunnskólapróf og þá sem hafa ekki lokið grunnskóla í flokk 1 (1,2 ISCED) og þá sem hafa lokið starfs- og framhaldsskólanámi í flokk 2 (3,4 ISCED). Þeir sem lokið hafa háskólanámi falla í flokk 3 (5,6 ISCED). Í komuskýrslum kvennaathvarfsins er einnig gefinn kostur á 4. flokknum sem er „annað nám“. Í þann flokk er það nám skráð sem ekki féll undir fyrstu þrjú flokkana. Það er ekki gert í ISCED97 flokkunarkerfinu. Nokkrum vanda ollu breytingar á menntunarstigum nokkurra námsgreina og skóla. Nám sem áður var á framhalds- og sérskólastigi er nú á háskólastigi, skólar hafa sameinast og nöfn þeirra jafnvel verið endurnýtt af allt öðrum skólum.⁵¹ Úr þessum flækjum var greitt með þeim hætti að miða við það menntunarstig sem námið og skólarnir voru á áður. Þessi vafatilvik eru alls 28.

Háskólamenntun höfðu 301 fremjendanna, framhalds-, iðn-, og sérskólamenntun höfðu 587 og 582 höfðu einungis gengið í grunnskóla. 7 sinnum var sérstaklega skráð í komuskýrslu að ofbeldismaður hefði ekki lokið grunnskólanámi. Þau tilfelli voru flokkuð eins og flokkunarkerfi Hagstofunnar flokkar, í flokk 1. Spurningunni var ósvarað 255 sinnum. Undir annað nám flokkast 7 tilvik. Rétt þykir að minna á að aldur fremjanda ofbeldis í komuskýrslunum er 14 ára til 84 ára, sbr. nánar kafla 3.2.

Mynd 6. Menntunarstig fremjenda




⁵⁰ ISCED 97 Alþjóðlegt menntunarflokkunarkerfi.

⁵¹ Leikskólakennaranám, kennaranám, hjúkrunarnám og íþróttakennaranám er nú á háskólastigi en var áður á framhaldsskólastigi. Tækniskólinn gamli hefur sameinast Háskólanum í Reykjavík og Iðnskólinn í Reykjavík, Sjómannaskólinn og Fjöltækniskólinn eru orðnir Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins.

Til að hægt sé að átta sig á hvort menntunarstig fremjenda ofbeldis í nánum samböndum eins og það birtist í komuskýrslum Kvennaathvarfsins sé frábrugðið menntunarstigi karlanna almennt í þjóðfélaginu voru skoðaðar tölur Hagstofu Íslands um menntunarstig íslenskra karlanna þau ár sem rannsóknin tekur til.⁵² Hagstofa Íslands miðar sínar niðurstöður við karla á aldrinum 16 – 74 ára.

Mynd 7. Menntunarstig karla á Íslandi árin 2002-2008



3.6. Atvinnuþátttaka og störf


Í komuskýrslunum er spurt um aðalstarf eða nám fremjenda.

3.6.1. Atvinnuþátttaka

Atvinnuþátttaka fremjenda skiptist þannig að 1240 fremjendur af 1740 höfðu atvinnu, eða 79%. Atvinnulausir voru 145 eða 9%. Upplýsingar vantaði í 159 tilvikum. Í flokk sem nefndur er „aflar ekki tekna“ flokkast þeir sem ekki afla tekna eins og öryrkjar sem voru 118 talsins, ellilífeyrisþegar alls 35, og 3 sem voru í veikindafríi, þá voru 39 í námi. Alls eru í þessum flokki 195 sem er 12%.


⁵² Hagstofa Íslands, *Landshagir, Árbók*, Reykjavík 2008, kafli. 3. Tafla. 3.3., bls. 94. *Landshagir, Árbók*, 2002. Tafla. 3.3.

Mynd 8. Atvinnuþátttaka fremjenda



Til samanburðar voru skoðaðar tölulegar upplýsingar frá Hagstofunni sem sýna atvinnuþátttöku karla á Íslandi á þeim árum sem rannsóknin nær yfir.⁵³

Mynd 9. Atvinnuþátttaka karla á Íslandi árin 2002-2008



3.6.2. Störf

Til að átta sig á hvaða starfsstéttum fremjendur ofbeldis í nánnum samböndum tilheyra var gerð talning og flokkun á störfum þeirra, eins og þau voru skráð í komuskýrslur Kvennaathvarfsins. Við þá flokkun lá beinast við að nota flokkunarkerfi sem til var og Hagstofa Íslands notar við starfaflokkun og greiningu starfa. Flokkunarkerfið heitir „Íslensk starfaflokkun ÍSTARF 95“.⁵⁴ Stuðst var við einföldustu flokkun kerfisins eða fyrsta þrep þess

⁵³ Landshagfir, Árbók, 2008. Tafla 3.3. og Landshagfir, Árbók, 2002. Tafla 3.3.

⁵⁴ ÍSTARF 95 er að mestu sniðið eftir *Alþjóðlegu starfaflokkuninni, International Standard Classification of Occupations, ISCO-88*, sem Alþjóðavinnuáráðuneytið, ILO, í Genf gaf út 1990.


af fjórum. Það þrep nefnist „bálkur“. Bálkarnir eru alls tíu.⁵⁵ Í bálk 1 flokkast stjórnendur og embættismenn, í bálk 2 sérfræðingar, í bálk 3 sérmenntað starfsfólk, í bálk 4 skrifstofufólk, í bálk 5 þjónustu- og verslunarfólk, í bálk 6 bændur og fiskimenn, í bálk 7 sérhæft iðnaðarstarfsfólk, í bálk 8 véla- og vélgæslufólk og í bálk 9 ósérhæft starfsfólk og í síðasta bálkinn 0 flokkast hermenn. Hagstofan hefur ekki notað þann bálk.

Sem dæmi um störf sem flokkuð voru í rannsókninni í bálk 1 (stjórnendur) voru forstjórar, framkvæmdastjórar, skrifstofustjórar, rekstrarstjórar og fjármálastjórar o.fl. Í bálk 2 (sérfræðingar) flokkuðust störf eins og arkitektar, verkfræðingar, stærðfræðingar, myndlistarmenn og læknar. Í bálk 3 (sérmenntað starfsfólk) féllu m.a. kennarar, hjúkrunarfræðingar, tæknimenn og vélstjórar. Í bálk 5 (þjónustu- og verslunarfólk) féllu þeir sem skráðir voru í verslunar- og sölumennsku, umönnun og þjónustu. Í bálk 7 (sérhæft iðnaðarstarfsfólk) féllu iðnaðarmenn. Í bálk 8 (véla- og vélgæslufólk) flokkuðust bílstjórar, leigubílstjórar, gröfustjórar og kranamenn. Í bálk 9 (ósérhæft vinnuafli) flokkuðust ófaglærðir, svo sem verkamenn, hreingerningafólk, blaðaútburðarfólk og fleira.

Við starfaflokkun úr komuskýrslum kvennaathvarfsins var nokkur vandi á höndum. Upplýsingar sem gefnar eru í skýrslunum eru oft og tíðum einfaldar og ekki hægt að grennslast betur fyrir um í hverju starf viðkomandi felst. Konurnar eru spurðar um aðalstarf eða nám og voru svörin mjög misjafnlega nákvæm. Oft var um mjög nákvæmt svar að ræða sem auðvelt var að flokka. Annarsstaðar var erfiðara að greina og finna út í hvaða flokk starf viðkomandi ætti að fara. Sem dæmi má nefna þegar fremjandi er sagður „sjálfstæður atvinnurekandi“ og ekki gefið upp í hvaða grein og eins þegar ofbeldismaður er skráður „verktaki“ og ekki sérstaklega tekið fram á hvaða sviði. Þarna er ekki við starfskonurnar sem skrá upplýsingarnar að sakast. Þetta varðar einungis flokkunina sem notast var við. Hóp sjálfstæðra atvinnurekenda og verktaka varð því að flokka í sér bálk í rannsókninni. Hermennska var sex sinnum tilgreind sem aðalstarf fremjanda og var því ákveðið að nota við þann bálk í rannsókninni. Á mynd 10 má sjá niðurstöðu starfaflokkunarinnar, alls 11 bálkar. Eins og áður sagði var spurningu um starf ofbeldismanns ekki svarað 159 sinnum.


⁵⁵ Hagstofa Íslands, *ÍSTARF 95, Íslensk starfaflokkun*, 1. útgáfa. Reykjavík 1994, bls. 4.

Mynd 10. Starfsstéttir fremjenda




Til að fá samanburð við starfaflokkun Hagstofu Íslands var ákveðið að gera skífurit með upplýsingum rannsóknarinnar sem sýnir starfagreiningu eins og Hagstofan notar, þ.e. notast eingöngu við bálka 1-9. Sleppa þannig verkþökum og þeim sem starfa sem sjálfstæðir atvinnurekendur vegna þess að ómögulegt er að flokka þá í hina bálkana á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga. Þeir geta í raun fallið í alla hina bálkana. Einhverjir þeirra geta til dæmis verið stjórnendur í eigin fyrirtæki og flokkast sem slíkir eða verið í þjónustu eða iðnaði. Bálkur hermanna, 1%, var settur í flokk með ósérhæfðu starfsfólki.

Mynd 11. Starfsstéttir fremjenda bálkur 1-9



Til samanburðar við störf fremjenda ofbeldis í nánum samböndum má sjá skífurit sem gert var eftir tölum Hagstofu Íslands. Skífuritið sýnir störf íslenskra karla á sama tímabili og rannsóknin nær yfir.⁵⁶

Mynd 12. Starfsstéttir karla á Íslandi á árunum 2002-2008




3.7. Vímuefnavandi

Í komuskýrslunum er spurt um áfengis- og fíkniefnavanda fremjanda ofbeldis. Rúmur helmingur kvennanna, alls 970, töldu ofbeldismanninn stríða við áfengis- og fíkniefnavanda. Sumar konurnar nefndu einnig spilafíkn, kynlífsfíkn og ofnotkun stera og lyfja. 640 töldu svo ekki vera. Já og nei eða bæði og sögðu 6 konur og 26 konur sögðu fremjenda vera óvirkan vímuefnaneytanda. Í 134 komuskýrslum var þessari spurningu ekki svarað.

⁵⁶ Landshagir, Árbók, 2009. Tafla. 3.11.


Mynd 13. Vímuefnavandi fremjenda



3.8. Meðferð

Í komuskýrslunum síðustu þrjú árin, 2006, 2007 og 2008, hefur verið spurt hvort ofbeldismaðurinn hafi farið í meðferð. Upplýsingar þessa hluta rannsóknarinnar eru úr 785 komuskýrslum. 450 konur eða 31% svöruðu því neitandi en 198 konur eða 69% svöruðu því játandi. Í þessum hluta rannsóknarinnar eru margar komuskýrslur þar sem spurningunni er ósvarað eða ekki er vitað svar við henni, samtals 134 skipti. Þrátt fyrir það má sjá á mynd 14 skífurit sem sýnir hlutfall þeirra sem hafa farið í meðferð vegna áfengis og fíkniefna og þeirra sem ekki hafa farið í meðferð.


Mynd 14. Ofbeldismaður hefur farið í meðferð



3.9. Tengsl milli ofbeldis og áhrifa vímuefna

Í komuskýrslunum síðustu þrjú árin, 2006, 2007 og 2008, hefur verið spurt um tengsl ofbeldis og áfengis. Þótt spurt sé um áfengi mátti finna í skýrslunum svör um önnur vímuefni. Það sama á við um þennan hluta og þann sem fjallað var um í kafla 3.8., spurningunni var bætt inn í komuskýrslur árið 2006. Algengt er að sjá svör eins og „já og nei“ og „bæði og“. Sumstaðar var það útskýrt af þolendum ofbeldisins á þann hátt að vímuefni þurfi ekki til þess að ofbeldi sé beitt, en það verði oft alvarlegra, ef ofbeldismaðurinn er undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna. Ein sagði ofbeldismanninn vera verri eftir hann hætti að drekka og önnur sagði ofbeldismanninn vera verstan ódrukkinn. Upplýsingarnar eru fengnar úr 785 komuskýrslum. Athygli vekur að af 785 eru 306 þolendur sem ekki svara spurningunni, sem er næstum helmingur. Þannig sögðu 263 eða 55% „já“, „engin tengsl“ svöruðu 179 eða 37% og „já og nei“ sögðu 37 konur eða 8%.


Mynd 15. Áhrif vímuefnaneyslu á ofbeldi



3.10. Kæra eða dómur vegna ofbeldis

Í komuskýrslunum er spurt hvort ofbeldismaður hafi verið kærður eða hlotið dóm fyrir ofbeldi. Þessi spurning hefur verið í spurningalistanum þau ár sem rannsóknin nær yfir. Heildartala komuskýrslna í þessum hluta er 1740. Í 319 tilfellum var spurningunni ekki svarað eða þolandi vissi það ekki. Svarað var „nei“ 997 sinnum eða 70% og „já“ 424 sinnum sem er 30%.

Mynd 16. Ofbeldismaður hefur verið kærður eða hlotið dóm eða fyrir ofbeldi




3.10.1. Tegundir ofbeldisbrota

Í mörgum tilfellum vissu konurnar ekki nákvæmlega fyrir hvað ofbeldismennirnir höfðu verið kærðir eða dæmdir, en margar þeirra gátu gefið upplýsingar um þau ofbeldisbrot. Oft voru skráð fleiri en eitt ofbeldisbrot. Alls 475 ástæður kæru eða dóms voru skráðar í komuskýrslurnar. Af þeim voru 68 afbrot sem teljast ekki til ofbeldisbrota og voru þau ekki höfð með í skífuritinu á mynd 17.

Flest ofbeldisbrota, eða 180 tilvik eða 44%, voru skráð sem ofbeldi í nánnum samböndum, gegn eiginkonum, sambýliskonum eða fyrrverandi eiginkonum eða sambýliskonum ofbeldismannanna eða öðrum nákomnum. Við skráningu í þennan flokk var litið til þess sem haft var eftir konunum í komuskýrslurnar. Mjög mismunandi var hversu nákvæmlega var greint frá ofbeldisbrotum og einungis flokkað sem ofbeldi í nánnum samböndum ef alveg ljóst var af skráningunni að um slíkt væri að ræða. Stundum var skráð að fremjandi hefði verið kærður fyrir barsmíðar eða líkamlegt ofbeldi. Ef ekkert benti til þess að það hefði beinst gegn konunni eða einhverjum í nánu sambandi við fremjandann var það ofbeldi flokkað í flokk með líkamlegu ofbeldi. Líkamlegt ofbeldi tilgreindu 156 konur eða 38% sem ástæðu kæru eða dóms. Í þennan flokk var sett allt annað líkamlegt ofbeldi sem ekki féll í fyrri flokkinn. Sem dæmi má nefna líkamsárás, slagsmál, barsmíðar, ofbeldi gegn lögreglu og frelsissviptingu. Kynferðislegt ofbeldi var ástæða kæru eða dóms í 55 tilfellum eða 14%, þar af voru 13 kynferðisbrot gegn börnum og 29 sinnum nefndu konurnar nauðgun. Hótanir og ofsóknir voru tilgreind sem ástæða í 16 tilfellum eða 4%. Í þennan flokk fóru líka húsbrot og brot á nálgunarbanni.


Mynd 17. Ofbeldi sem ástæða kæru eða dóms



3.11. Afskipti lögreglu vegna ofbeldis

Í komuskýrslunum er spurt hvort lögregla hafi haft afskipti af manni vegna ofbeldis og þá hvaða ofbeldi. Þessi spurning hefur verið á spurningalistum Kvennaathvarfsins síðustu þrjú árin. Henni var bætt við árið 2006, eins og spurningum um hvort fremjandi hafi farið í meðferð og tengsl ofbeldis og áfengisneyslu. Heildarfjöldi fremjenda í rannsókninni þessi þrjú ár er 785. Spurningunni svöruðu 612 konur, en 173 svöruðu ekki eða vissu ekki svarið. 311 eða 51% sögðu lögreglu hafa haft afskipti af fremjanda ofbeldisins og 301 eða 49% sögðu lögreglu ekki hafa haft afskipti af fremjanda vegna ofbeldis.


Mynd 18. Afskipti lögreglu vegna ofbeldisverka fremjanda



3.11.1. Tegundir ofbeldisbrota

Það sama á við hér og kafla 3.10.1. að framan, hluti þeirra brota sem konurnar nefndu flokkast ekki sem ofbeldisbrot, brot eins og ölvunarakstur, fíkniefnabrot, innbrot og þjófnaður. Þau voru alls 49 og eru ekki talin með og fara því ekki inn á skífurit, sbr. mynd 19. 175 konur eða 73% nefna ofbeldi í nánnum samböndum sem ástæðu fyrir afskiptum lögreglu. 48 eða 20% tilgreina annað líkamlegt ofbeldi, svo sem líkamsárásir, slagsmál, ofbeldi og ofbeldi gegn lögreglu. Kynferðisofbeldi sögðu 11 konur eða 5% vera ástæðu afskipta lögreglu og hótanir og nálgunarbann voru tilgreind fjórum sinnum eða 2%. Það sama á við hér og varðandi spurninguna í kafla 3.10.1., ofbeldi var ekki flokkað sem „ofbeldi í nánnum sambandi“ nema það væri alveg ljóst af svari konunnar samkvæmt komuskýrslu að um ofbeldi í nánnum sambandi væri að ræða. Ef einungis stóð líkamlegt ofbeldi, ofbeldi eða barsmíðar var það flokkað með líkamlegu ofbeldi almennt. Einhvers misskilnings gæti hafa gætt þegar þessari spurningu var svarað. Mögulegt er að hægt sé að misskilja spurninguna á þann hátt að einungis sé átt við hvort lögregla hafi einhverntíma áður haft afskipti af fremjanda og konurnar því ekki talið með afskipti lögreglu vegna síðasta ofbeldisatviks sem var ástæða komu þeirra í athvarfið. Sama á við um spurningu um kærur og dóma. Þar gætti hugsanlega sama misskilnings. Konurnar virtust ekki allar telja með kærur sem þær höfðu lagt inn hjá lögreglu vegna síðasta ofbeldisatviks, þ.e. þess atviks sem leiddi til þess að þær komu í athvarfið. Stundum tilgreindu konurnar í svari sínu að þær hefðu lagt fram kærur vegna nýliðins atviks sem væri ástæða komu þeirra í athvarfið eða í viðtöl.

Mynd 19. Ástæða afskipta lögreglu af ofbeldismanni



3.12. Samantekt

Kyn þeirra sem beittu konur ofbeldi í nánu sambandi á árunum 2002-2008 var í 99% tilfella karlar. Það kemur ekki á óvart, annarsvegar í ljósi þess að efniviður rannsóknarinnar er fenginn hjá samtökum sem einungis aðstoða konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi og hinsvegar er það í samræmi við tölulegar upplýsingar lögreglu og slysadeilda um ofbeldi í nánum samböndum. Það sem vakti athygli er sú staðreynd að konur beita hver aðra ofbeldi í nánum samböndum. Vissulega er hér einungis um 1% fremjenda að ræða, sem nemur alls 17 einstaklingum af samtals 1740.

Aldur ofbeldismannanna dreifist frá 14 ára aldri til 84 ára. Athyglisvert er hversu margir eldri menn beita ofbeldi í nánu sambandi, en alls voru 28 fremjenda yfir sjötugt. Niðurstaða rannsóknarinnar sýnir að margir ofbeldismenn byrja snemma að sýna ofbeldisfulla hegðun í nánum samböndum en 15 fremjendanna voru undir tvítugt. Þegar aldur fremjenda var settur í súlurit kom í ljós að ofbeldi er oftast beitt af körlum á aldrinum 35 til 50 ára og að 42 ára ofbeldismenn eru flestir eða 71 talsins.

Fremjendur ofbeldis eru í 84% tilvika íslenskir eða íslenskir í aðra ættina. Þessi niðurstaða gengur þvert á hugmyndir fólks sem stundum skjóta upp kollinum um að erlendir menn séu frekar fremjendur ofbeldis í nánum samböndum. Aðrir fremjendur, 16%, áttu uppruna sinn að rekja til 55 landa í fjórum heimsálfum, Evrópu, Ameríku, Asíu og Afríku.

Tengsl fremjanda við þolanda ofbeldisins voru oftast mægðir eða parasamband. Eiginmenn, sambýlismenn og kærastar voru stærsti hópurinn eða 56%. Næst kom hópur fyrrum eiginmanna, fyrrum sambýlismanna og fyrrum kærasta eða 33%. Aðrir eru 11%. Það sem kom á óvart við úrvinnslu upplýsinga um tengsl fremjenda við þolendur er hversu fjölbreyttur og stór hópur fremjenda er. Líklegt er að margir haldi að fremjendur séu bara eiginmenn, kærastar og sambýlismenn en svo er alls ekki. Tilgreindir voru fremjendur sem tengdir eru þolendum á ýmsan hátt, svo sem feður, frændur, bræður, vinir, barnsfeður, kærasti dóttur, fyrrverandi mágur, tengdafaðir og tengdasonur. Einnig nefndu konurnar ýmsa aðra fremjendur ofbeldis sem þær urðu fyrir, sem hugsanlega geta ekki talist til fremjenda ofbeldis í nánum samböndum. Sem dæmi voru nefndir leigusali, læknir, skólaborðir, nágrenni, vinnufélagi, vinnuveitandi og kærasti vinkonu. Þetta bendir til þess að viðhorf karla til kvenna sé á margan hátt ennþá þannig að þeir telji sig mega drottna yfir konum og beita þær ofbeldi, líka þær sem þeir eru ekki í nánu sambandi við.

Það sem áhugaverðast er við niðurstöður þessa hluta rannsóknarinnar er að í 23% tilvika nefna konurnar fyrrum sambýlismann sem er aðeins 1% minna en núverandi sambýlismenn, í 9% tilvika fyrrum eiginmann og 1% tilvika fyrrum kærasta. Alls eru þetta

33% fremjenda, sem er hátt hlutfall af heildinni. Þetta eru menn sem konurnar hafa sagt skilið við, ekki svo að skilja að ofbeldi sé skiljanlegra eða ásættanlegt á nokkurn hátt ef það á sér stað á milli hjóna eða sambylinga, heldur veur það óhug hversu mikill fjöldi kvenna losnar ekki við ofbeldið þótt þær segi skilið við ofbeldismanninn. Þetta er alvarleg staðreynd og ískaldur raunveruleiki margra kvenna.

Menntun fremjenda ofbeldis í nánú sambandi virðist vera sambærileg við menntun íslenskra karla almennt. Niðurstaða þess hluta sýnir að 20% fremjenda hefur háskólamenntun, en það er sama hlutfall og tölulegar upplýsingar sama tímabils, hvað varðar alla karlmenn á Íslandi á sama aldri og rannsóknin tekur til, hjá Hagstofu Íslands. Starfs- og framhaldsmenntun hafa fremjendur í 40% tilfella, sem er aðeins lægra en tölur Hagstofunnar sýna, en þær eru 45%. 5% munur er einnig á þeim sem hafa einungis grunnskólamenntun. Fremjendur ofbeldis í nánú samböndum hafa í 40% tilvika einungis grunnskólamenntun en 35% karla á landsvísu hafa einungis grunnnám að baki. Þessar niðurstöður og samanburður við tölur Hagstofunnar benda til að ofbeldismenn þeirra kvenna sem leituðu til Kvennaathvarfsins á árunum 2002-2008 séu þverskurður íslenskra karla en ekki einhver sérstakur hópur. Það er jafn stórt hlutfall háskólamenntaðra manna meðal fremjenda ofbeldis í nánú samböndum og í íslensku þjóðfélagi almennt. Samkvæmt þessu á ofbeldi í nánú samböndum sér stað á öllum stigum þjóðfélagsins.

Atvinnulausir voru ívið fleiri í hópi fremjenda en almennt gerist í samfélaginu ef miðað er við tölur Hagstofu Íslands. Fremjendur ofbeldis í nánú sambandi voru í 9% tilvika atvinnulausir en almennt voru atvinnulausir karlar á Íslandi á sama tíma 3%. Við skoðun, flokkun og greiningu á störfum fremjenda ofbeldis í nánú samböndum kom í ljós að munur á fremjendum ofbeldis og íslenskum körlum almennt miðað við tölur Hagstofunnar var breytilegur. Skífurit beggja hópa er í grófum dráttum eins. Mestur er munur á ósérhæfðu starfsfólki. Hlutfall ósérhæfðra starfsmanna er hærra hjá fremjendum ofbeldis í nánú samböndum en hjá íslenskum körlum almennt. Fremjendur ofbeldis í nánú samböndum eru í 18% tilfella „ósérhæft vinnuafli“ en almennt á Íslandi eru 8% íslenskra karla í störfum sem flokkast sem „ósérhæfð störf“. Munur var á fremjendum ofbeldis í nánú samböndum og íslenskum körlum almennt hvað varðar iðnaðarstörf. Fleiri fremjendur starfa sem iðnaðarmenn, eða 24% á móti 22% karla almennt. Stjórnendur og sérfræðingar voru færri meðal ofbeldismanna, þar munaði 3%. Það sama má segja um sérfræðinga, en þeir voru 5% færri meðal ofbeldismannanna. Litlu munar í öðrum flokkum starfa. Telja má að störf fremjenda ofbeldis í nánú samböndum séu í grófum dráttum þau sömu og störf íslenskra karla almennt. Þrátt fyrir að það halli örlítið á fremjendur ofbeldis við samanburð á störfum,

verður að segja að niðurstaða þessa hluta kom ekki síður á óvart en niðurstaða rannsóknarinnar á menntunarstigi ofbeldismannanna hér að framan. Niðurstaðan bendir til þess sama og sú niðurstaða: fremjendur ofbeldis í nánnum samböndum koma úr öllum stéttum samfélagsins og þar er engin stétt undanskilin. Fremjendur ofbeldis í nánnum samböndum eru þversnið karla í íslensku samfélagi. Ofbeldi í nánnum samböndum á sér stað óháð stétt og stöðu fremjenda þess.

Við spurningum um áfengis- og vímuefnavanda ofbeldismannanna var svar kvennanna í 60% tilvika á þann veg að þær töldu fremjanda eiga við vanda að stríða. Það er sláandi hátt hlutfall. Nei svöruðu 38%. Fremjandi ofbeldis hafði farið í meðferð í 31% tilvika. Greinilegt er að áfengi og fíkniefni eru stórt vandamál hjá fremjendum ofbeldis í nánnum samböndum. Ekki má gleyma við skoðun á þessum niðurstöðum að áfengisneysla eða vímuefnaáhrif hafa löngum verið talin, bæði af fremjendum ofbeldis og þolendum þess, réttlætning fyrir beitingu ofbeldis. Haldið hefur verið í þá hugmynd að menn hafi litla sem enga stjórn á gjörðum sínum vegna vímuáhrifa og því sé það ekki þeim „að kenna“ að þeir grípi til ofbeldis. Niðurstöður þessara tveggja spurninga benda einnig til þess að ekki séu allir þeir sem beita ofbeldi í nánnum samböndum háðir neyslu áfengis og vímuefna. Þeir eru ekki allir dagdrykkjumenn eða reglulega „dómgreindarlausir“ með víni. 38% þeirra beita ofbeldi án þess að misnota áfengi eða vímuefni.

Svör við spurningu um hvort tengsl væru á milli ofbeldis og áfengis leiddu það einnig í ljós en 37% kvennanna töldu að engin tengsl væru þar á milli á meðan 55% sögðu tengsl vera á milli áfengisneyslu og þess að ofbeldi væri beitt. „Já og nei“ sögðu 8% sem var líka áhugavert svar vegna þess að þær konur sem þannig svöruðu sögðu flestar að áfengi þyrfti ekki til þess að ofbeldi væri beitt heldur yrði það bara verra ef ofbeldismaðurinn væri undir áhrifum. Ef lagðar eru saman niðurstöður svara sem segja engin tengsl á milli áfengis og ofbeldis og „já og nei“ svara eru það samanlagt 45%. Alls 45% þolenda telja áfengi ekki þurfa til þess að ofbeldi sé beitt. Notkun áfengis og fíkniefna hefur áhrif á ofbeldi í rúmum helmingi tilfella. Þessi niðurstaða er nokkuð samhljóða niðurstöðu um áfengis- og vímuefnavanda fremjenda.

Hvað varðar kærur eða dóm vegna ofbeldisbrota kemur í ljós að 30% segja ofbeldismanninn hafa verið kærður eða hlotið dóm vegna ofbeldisbrots. Ofbeldi í nánnum samböndum er ástæða þess í 44% tilfella. Ekki var gerður greinarmunur í komuskýrslunum á hvort fremjandi hafði verið kærður eða fengið dóm, svo ekki er hægt að greina þar á milli. Lögregla hefur haft afskipti af ofbeldismanni í 51% tilfella og er það oftast vegna ofbeldis í nánnum samböndum eða 73%. Þetta eru áhugaverðar tölur sem renna stoðum undir þær

fullyrðingar að konur sem beittar eru ofbeldi í nánnum samböndum kæri sjaldan ofbeldið og það jafnvel þótt lögregla hafi þurft að hafa afskipti af ofbeldismanninum vegna þess.

Kvennaathvarfið –dvöl – árið 2010

Ofbeldismaðurinn:

Enginn ofbeldismaður: _____

Tengsl við ofbeldismann

1. __ Eiginmaður

2. __ Sambýlismaður

3. __ Faðir

4. __ Ættingi _____

5. __ Vinur/kunningi

6. __ F.v. eiginmaður

7. __ F.v. sambýlismaður

8. __ Fósturfaðir/stjúpi

9. __ Kærasti

10. Annað: _____

Aldur: _____

Þjóðerni: _____

Aðalstarf: _____ Í námi _____

Menntun: 1.grunnskóli _ 2.framhaldsskóli_ 3.háskóli _ 4.annað: _____

Á hann við áfengis-/fíkniefnavanda að stríða: 1. Já: __ 2. Nei: __

Hefur hann farið í meðferð: 1. Já: __ 2. Nei: __

Tengsl ofbeldis og áfengis _____

Hefur hann verið kærður/dæmdur fyrir ofbeldisverk: 1. Já: __ 2. Nei: __

Ef já, hvaða ofbeldisverk: _____

Hefur lögregla haft afskipti af manni vegna ofbeldisverka: 1. Já: __ 2. Nei: __

Ef já, hvaða ofbeldisverk: _____

V. Viðbrögð við afbrotum af þessu tagi?

Afbrot er skilgreint sem hver sú háttsemi, athöfn eða athafnaleysi sem refsing liggur við samkvæmt þeim refsheimildum sem gildandi eru á hverjum tíma.⁵⁷ Afbrot er afstætt hugtak sem er mismunandi eftir stað og tíma, því misjafnt er hvaða hegðun er skilgreind sem afbrot og breytilegt er á hverjum tíma hvaða hegðun þjóðfélagið metur refsiverða. Þróunin er þó sú að refsíákvæðum fjölgar og fá eru afnumin.⁵⁸ Refsilöggjöf og framkvæmd hennar þykir endurspegla vel þjóðfélagsástand samfélaga.⁵⁹ Afbrot sem refsa á fyrir verður að falla fullkomlega að verknaðarlýsingu þess refsíákvæðis sem talið er að brotið sé. Þessi grundvallarregla kemur fram í 1. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hér eftir skammstafað hgl., en þar segir að eigi skuli refsa manni, nema hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem refsing er lögð við í lögum eða má öldungis jafna til hegðunar, sem þar er afbrot talin. Mikilvægt er því að refsheimildir séu skýrar og að ekki fari á milli mála hvað er refsivert og hvað ekki.

Refsing er ein tegund viðurlaga sem ríkisvald beitir vegna refsiverðar háttsemi. Refsing felur í sér vanþóknun eða fordæmingu samfélagsins og er til þess fallin að valda þeim sem gerð er refsing óþægindum og þjáningu. Refsing er strangasta form félagslegs taumhalds.⁶⁰

Ofbeldi í nánnum samböndum er um margt mjög sérstakur flokkur afbrota. Þar kemur einkum tvennt til. Oftast er um að ræða langvarandi tímabil þar sem brot eru ítrekað framin gegn sama einstaklingi, þ.e.a.s. einstaklingi sem er í nánnum sambandi við fremjanda þess og í mörgum tilvikum efnahagslega og félagslega háður honum. Einnig er oft um að ræða margar tegundir afbrota. Átt er við að í sambandi einstaklinga þar sem ofbeldi á sér stað hefur fremjandi þess í flestum tilvikum brotið af sér á margan hátt gagnvart þolanda, til dæmis með andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi, fjárhagslegri kúgun, eignaspjöllum, hótunum og frelsissviptingu.

Ekki er í lögum að finna skilgreiningu á ofbeldi í nánnum samböndum. Í Lögfræðiorðabókinni er „heimilisofbeldi“ skýrt svona:⁶¹

ofbeldi sem beinist að karli, konu eða barni sem eru nákominn geranda á verknaðarstundu. Miðað er við að á milli þessara aðila séu nán tengsl sem

⁵⁷ Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I*, Reykjavík 1999, bls. 21.

⁵⁸ Sama heimild, bls. 24-23.

⁵⁹ Sama heimild, bls. 26.

⁶⁰ Sama heimild, bls. 16.

⁶¹ Páll Sigurðsson, *Lögfræðiorðabók, með skýringum*, Lagadeild Háskóla Íslands og Lagastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2008, bls. 186.

endurspeglast í sambandi foreldris og barns, systkina eða maka eða annarra nákominna manna.

Ekki er heldur að finna sérstakt refsíákvæði sem nær sérstaklega yfir ofbeldi í nánum samböndum. Lagaákvæði sem ná yfir þau fjölmörgu brot sem framin eru í samböndum þar sem ofbeldi á sér stað er að finna á víð og dreif í Almennum hegningarlögum og öðrum sérrefsilögum. Ekkert þeirra ákvæða er sérsniðið að ofbeldi í nánum samböndum. Hafa refsipólitísk sjónarmið verið á þann veg að ekki sé þörf á sérstökum ákvæðum vegna þessara brota heldur sé rétt að styðjast áfram við þau ákvæði sem fyrir eru í hegningarlögum. Talið er að ekki sjáist í réttarframkvæmd merki um að skortur sé á að gildandi löggjöf lýsi með fullnægjandi hætti óæskilegum athöfnum sem eiga sér stað á milli nákominna um skemmri eða lengri tíma. Talið er að undir ákvæði 217. gr. og 218 gr. hgl. falli allar algengustu ofbeldisathafnir gagnvart þolanda sem telst nákominn fremjanda þess, er leiða til tjóns á líkama og andlegu heilbrigði hans.⁶² Fallast má á þá röksemdafærslu að líkamlegt ofbeldi sem framið er af aðila í nánú sambandi við þolanda falli undir verknaðarlýsingu 217. gr. eða 218. gr. hgl., en taka verður mið af því að við setningu hegningarlaga hefur trúlega ekki verið haft í huga eðli ofbeldis í nánum samböndum. Eðli þess er annarskonar en ofbeldi sem á sér stað á götum úti eða á milli einstaklinga sem eru ekki í neinu tilfinningalegu sambandi. Alvarleiki ofbeldis í nánum samböndum er aukinn vegna tengsla og trúnaðarbrotis þess sem ofbeldinu beitir. Lengi hefur sú krafa verið gerð af almenningi og þeim sem telja að ofbeldi í nánum samböndum þurfi að afmarka sem sérstakan flokk brota, að sett verði refsíákvæði eitt eða fleiri sem taka sérstaklega á því ofbeldi sem um ræðir. Kröfu um að sett yrði í hegningarlög refsíákvæði þar sem ofbeldi í nánum samböndum yrði lýst sem sérstökum refsínæmun verknaði var mætt með breytingarlögum nr. 27/2006, þar sem lögleitt var refsipýngingarákvæði í hegningarlög, sbr. 3. mgr. 70. gr.⁶³ Það lagaákvæði er til refsipýngingar ef tengsl fremjanda og þolanda þykja hafa aukið á grófleika verknaðar. Einnig var með sömu breytingarlögum bætt inn í hegningarlög 233. gr. b. sem kom í stað 191. gr. til að auka refsivernd gegn stórfelldum ærumeiðingum í samskiptum nákominna.

⁶² Álitgerð refsiréttarnefndar í tilefni af erindi dómsmálaráðherra, dags. 18. nóvember 2004, um heimilisofbeldi, bls. 8. og Athugasemdir með frumvarpi sem varð að lögum nr. 27/2006, bls. 7. Dómsmálaráðherra fór þess á leit við refsiréttarnefnd að nefndin gæfi álit sitt á því hvort setja bæri í almenn hegningarlög nr. 19/1940 refsíákvæði þar sem heimilisofbeldi yrði lýst sem sérstökum refsínæmun verknaði eða hvort styðst yrði áfram við líkamsmeiðingarákvæði laganna.

⁶³ Um ákvæðið verður fjallað sérstaklega í kafla V. 2.

1. Lagaákvæði um ofbeldi í nánnum samböndum

Á Íslandi gildir svonefnd ákæruregla sem lögfest er í 142. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, (hér eftir sml.) Hún kveður á um að refsiverð háttsemi skuli sæta opinberri ákæru og að sókn sakar skuli vera í höndum opinbers ákæranda. Það þýðir að opinbert mál verður að jafnaði ekki höfðað fyrir dómi nema ákæra sé gefin út af ákæruvaldinu, sem er í höndum lögreglustjóra, ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara. Meðferð máls hjá ákæruvaldi er háð svonefndri hlutlægnisreglu sem kveður á um að ákæruvald skuli við rannsókn máls vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta skuli jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar.⁶⁴ Ákærandi ákveður að rannsókn lögreglu lokinni hvort sækja skuli sakborning til saka. Ef ákærandi telur það sem fram er komið nægjanlegt til saksóknar skal hann höfða mál en ef ekki fellir hann niður málsókn sbr. 145. gr. sml. Lögregla skal hefja rannsókn ef grunur leikur á að refsivert brot hafi verið framið hvort sem kæra hefur borist eða ekki, sbr. 2. mgr. 52. gr. sml.

Samkvæmt 1. og 2. mgr. 41. gr. sml. er lögreglu skylt að tilnefna brotaþola réttargæslumann ef rannsókn beinist að broti sem á undir kynferðisbrotakafla hgl., XXII. kafla, það er lögreglu einnig skylt að kröfu brotaþola, ef rannsókn beinist að broti á ákvæðum manndráps- og líkamsmeiðingakafla hgl. og broti gegn frjálssræði manna, þ.e. kafla XXIII og kafla XXIV. Þá er lögreglu er skylt að tilnefna réttargæslumann, þótt brotaþoli hafi ekki óskað þess, ef hann er ekki fullfær um að gæta hagsmuna sinna sem skyldi við rannsókn máls, sbr. 3. mgr. 41. gr. sml. Hlutverk réttargæslumanns er að gæta hagsmuna brotaþola og veita honum aðstoð í málinu, þar á meðal að setja fram einkaréttarkröfur skv. XXVI. kafla. sml. Einkaréttarkrafa er bótakrafa sem brotaþoli getur hafa öðlast á hendur sakborningi vegna refsiverðrar háttsemi hans og hægt er að leita dóms um í sakamáli, sbr. 1. mgr. 172. gr. sml.

Almenn hegningarlög eru aðal heimildin á sviði refsiréttar. Í hegningarlögum eru flest refsilagaákvæði sem ná yfir þau fjölmörgu brot sem um ræðir. Ekki er auðvelt að átta sig á eða telja upp með tæmandi hætti hvaða lagaákvæði eiga við eða geta átt við um afbrot sem framin eru gegn þolendum ofbeldis í nánnum samböndum. Eins og áður sagði eru birtingarmyndir þess mismunandi og brot margvísleg. Við upptalningu þeirra ákvæða sem átt geta við eru hafðar til hliðsjónar verklagsreglur Ríkislögreglustjóra sem tóku gildi 20. október 2005. Í 2. gr. þeirra eru talin upp lagaákvæði sem talið er að reyni helst á þegar um ofbeldi í nánnum samböndum er að ræða.⁶⁵ Verklagsreglurnar voru settar með það að markmiði að skrá mál

⁶⁴ Svala Ólafsdóttir, *Handbók, Meðferð opinberra mála*. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, Reykjavík 1992, bls. 153.

⁶⁵ *Verklagsreglur, um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála*. Ríkislögreglustjóri, Reykjavík. 2005.

sérstaklega og bregðast við með ákveðnum hætti ef talið er að brotið sé gegn þolanda í nánu sambandi. Við umfjöllun um lagaákvæðin eru þau birt í heild sinni svo hægt sé að sjá hvaða skilyrði eru fyrir beitingu ákvæðanna og hver lágmarks- og hámarksrefsing er fyrir brot. Dómar eru reifaðir svo að hægt sé að gera sér grein fyrir um hverskonar brot getur verið að ræða og hvaða refsing liggja við því.

1.1. Manndráp og líkamsmeiðingar

Fyrst ber að nefna líkamsmeiðingaákvæði hegningarlagna, en á þau reynir oftast í þessum málaflokki. Þau eru í XXIII. kafla. hgl. Manndráp og líkamsmeiðingar. Það eru helst ákvæði 217. gr., 218. gr. og 218. gr. b. sem á reynir en einnig manndrápsákvæði laganna, 211. gr. og tilraun til manndráps 211. gr. sbr. 20. gr. Algengast er að reyni á 217. gr. og 218. gr.

217. gr. Hver, sem gerist sekur um líkamsárás, enda sé hún ekki svo mikil sem í 218. gr. segir, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum, en fangelsi allt að 1 ári, ef háttsemin er sérstaklega vítaværð.

Ákærvaldið höfðar mál út af broti skv. 1. mgr. og skal það ekki gert nema almenningshagsmunir krefjist þess.

218. gr. Hafi maður með vísvitandi líkamsárás valdið öðrum manni tjóni á líkama eða heilbrigði, og þessar afleiðingar árásarinnar verða taldar honum til sakar vegna ásetnings eða gáleysis, þá varðar það fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef sérstakar málsbætur eru.

Nú hlýst stórfellt líkams- eða heilsutjón af árás eða brot er sérstaklega hættulegt vegna þeirrar aðferðar, þ. á m. tækja, sem notuð eru, svo og þegar sá, er sætir líkamsárás, hlýtur bana af atlögu, og varðar brot þá fangelsi allt að 16 árum.

Í greinargerð með almennum hegningarlögum frá árinu 1940⁶⁶ kemur fram hvaða þættir aðskilja brot sem varða 217. gr. og 218. gr. en erfitt er af lestri ákvæðanna að átta sig á því hvar mörkin liggja. 1. mgr. 217. gr. á við ef afleiðing líkamsárásar hefur ekki í för með sér tjón á líkama og heilbrigði, heldur smávægilegar afleiðingarnar, s.s. sviða um stund, smámar, hruf, skinnsprettu eða blóðnasir. Teljist afleiðingar ekki smávægilegar eða vopni verið beitt en afleiðingar smávægilegar á 218 gr. við. Ef líkamsárás hefur afdrifaríkar afleiðingar í för með sér fyrir heilsuhagi þess er verður fyrir á 1. mgr. 218. gr. við. Líta skal þá til þess, hverjar áverkar eru á þeim, sem misgert er við, eða hverri sköddun hann hafi sætt og eins hverjar afleiðingar brotsins eru að öðru leyti, t.d. hvort maður hafi þurft á sérstakri lækni meðferð að halda eða sjúkraumönnun, hve lengi hann hafi legið eða strítt við afleiðingu meiðsla, hverjar horfur séu á bata eða hvort örorka hafi hlotist af. Einnig ber að líta til þess hvort mikil andleg

⁶⁶ Ragna Árnadóttir og Sigurbjörn Á Þorbergsson, Safn greinargerða við almenn hegningarlög, *Úlfjótur tímarit laganema*, Reykjavík 1989, bls. 48.

vanlíðan hafi hlotist af árás.⁶⁷ 2. mgr. 218. gr. tekur til árásar þar sem stórfellt líkamstjón hlýst af, sem dæmi beinbrot eða verknaður er framinn með hættulegu áhaldi eða vopni. Greinin tekur einnig til manndráps af gáleysi, ef sá sem fyrir árás verður hlýtur bana af árásinni og ekki hefur verið ásetningur fremjanda til manndráps. Kæru þolanda þarf til þess að ákærvald geti höfðað mál gegn fremjanda ofbeldis á grundvelli 1. mgr. 217. gr. Dragi þolandi kæru til baka heldur ákærvald ekki áfram máli. Í 2. mgr. 217. gr. er heimild fyrir ákærvald til þess að halda máli áfram þótt kærandi hafi dregið kæru til baka eða að höfða mál án kæru ef almenningshagsmunir krefjast þess.

Árið 1981 var ákveðið með breytingarlögum nr. 20/1981 að lögfesta reglu um ítrekunaráhrif líkamsmeiðinga þannig að hækka mætti refsingu um allt að helming ef brot væri ítrekað að skilyrðum 71. gr. hgl. uppfylltum.⁶⁸ Nú er heimildina að finna í 1. mgr. 218. gr. b. Hún hljóðar svo:

218. gr. b. Nú hefur sá, sem dæmdur er sekur um brot á 217., 218. eða 218. gr. a, áður sætt refsingu samkvæmt þeim greinum eða honum hefur verið refsað fyrir brot, sem tengt er að öðru leyti við vísvitandi ofbeldi, og má þá hækka refsingu allt að helmingi.

Sem dæmi um beitingu 1. mgr. 217. gr. og 1. mgr. 218. gr. b. má sjá mál Hæstaréttar nr. 273/2008.

H 273/2008

X var sakfelldur fyrir líkamsárás með því að hafa veist að fyrrverandi eiginkonu sinni. Hann kýldi hana margsinnis í andlit, tók hana kverkataki og barði höfði hennar við eldhúsglugga. Hann lét svo högginn dynja á henni og sparkaði einnig í hana. Var brot hans heimfært til 1. mgr. 217. gr. hgl. Við mat á refsingu ákærða var litið til þess að ákærði hafði áður gerst brotlegur gegn sama ákvæði hgl. sem hafði nú ítrekunaráhrif samkvæmt 1. mgr. 218. gr. b. hgl. Fangelsi tveir mánuðir skilorðsbundið.

Í máli Hæstaréttar nr. 98/2003 reynir á beitingu 1. mgr. 218. gr. og 211. gr. sbr. 20. gr., annarsvegar vegna líkamsárásar sem hafði í för með sér margvíslega áverka m.a. nefbrot, hinsvegar vegna tilraunar til manndráps en maðurinn hafði skorið konuna á háls svo bæði slagæð og bláæð voru í sundur. Áverkarnir leiddu ekki til dauða konunnar en sannað þótti að hann hefði haft vilja til að drepa hana.

H 98/2003

K var fundinn sekur um brot gegn 1. mgr. 218. gr. og 211. gr., sbr. 20. gr. hgl fyrir líkamsárás, með því að hafa ráðist á fyrrverandi sambúðarkonu sína og slegið hana margsinnis í andlit, höfuð og

⁶⁷ Svala Ólafsdóttir sérfræðingur við Háskólann í Reykjavík, glærur notaðar við kennslu í Refsirétti við Háskólann í Reykjavík 2006.

⁶⁸ Var fyrst 1. mgr. 218. gr. a., en var breytt með breytingarlögum nr. 83/2005 í 1. mgr. 218. gr. b.

líkama, slegið höfði hennar utan í vegg og misþyrmt henni með öðrum hætti, með þeim afleiðingum að hún hlaut nokkur sár á höfði og andliti sem þurfti að sauma saman með allt að 30-40 sporum, marðist mikið í andliti, einkum í kringum augu og nef, nefbrotnaði, marðist og tognaði á hálsi, marðist mikið á báðum handleggjum og rasskinnum, hlaut opið sár á gómi og naglbeði löngutangar vinstri handar og gómhrjóna og nögl fingurs brotnuðu þannig að fingurinn skaddaðist alvarlega og með því að hafa á árinu 2002 ráðist á konuna, brotið hægri upphandlegg hennar ofan við olnboga, skorið hana með hnífi á vinstri augabrún og vinstra megin á háls með þeim afleiðingum að hún hlaut þar djúpt sár og slagæð og bláæð skárust sundur. Fangelsi í fimm ár og sex mánuði.

Í dómi Hæstaréttar nr. 460/1991 reynir á beitingu 2. mgr. 218. gr.

H 460/1991

M var sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. hgl., með því að hafa um nótt slegið eiginkonu sína K í ennið með kúluhamri þar sem hún lá sofandi í sófa í stofu á heimili þeirra, og lagt plastpoka yfir andlit hennar og troðið honum upp í munn hennar. M og K voru að skilja eftir 20 ára hjónaband og bar K að M hefði aldrei lagt á hana hendur fyrr. M læsti dætur þeirra hjóna inni áður en hann réðst að K. M viðurkenndi að hafa slegið hana í ennið með kúluhamri en ekki að hann hefði ætlað að ráða henni bana heldur bara að hrekkja hana. Ákærði sagðist hafa danglað hamrinum í höfuð konu sinnar. K taldi höggið ekki hafa verið mikið enda hlutust minniháttar áverkar af. Afleiðingarnar voru kúla og marblettur á enni, rispur og marblettir víða um líkamann og að öllum líkindum vægur heilahristingur. Talið var ósannað að M hafi ætlað að bana konu sinni og var hann sýknaður af tilraun til manndráps, sbr. 211. gr. sbr. 20. gr. hgl. Hann var á hinn bóginn sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. hgl. með vísan til hins hættulega tækis og aðferðar við verknaðinn, þó afleiðingarnar reyndust ekki alvarlegri en raun var. Fangelsi í níu mánuði, þar af voru sex skilorðsbundnir.

Á 211. gr. hefur reynt í mörgum málum þessa málaflokks. Refsing vegna brots á þessu ákvæði er að lágmarki 5 ára fangelsi og allt að ævilangri fangelsisvist. Á árunum 1951 – 2000 voru 11 þolendur í manndrápsmálum taldir í nánnum tengslum við fremjanda, sem er tæplega þriðjungur tilvika eða 32%.⁶⁹ Fyrir manndráp af gáleysi var fjórum sinnum um tengsl að ræða, sem er 31% tilfella dæmdra mála á tímabilinu.⁷⁰

211. gr. Hver, sem sviptir annan mann lífi, skal sæta fangelsi, ekki skemur en 5 ár, eða ævilangt.

Í dómi Hæstaréttar nr. 250/1988 er eiginmaður konu dæmdur til 10 ára fangelsisvistar fyrir að hafa orðið valdur að dauða hennar. Brot hans varðaði við 211. gr. hgl. Fram kom við aðalmeðferð málsins, í framburði ættingja konunnar, að eiginmaðurinn hefði marg oft beitt konu sína ofbeldi og lögregla verið kölluð til. Konan þurfti oft að leita til læknis vegna áverka og hafði verið lögð inn á sjúkrahús af lækni vegna barsmíða og brunasára.

H 250/1988

Ákærði segir fyrir dómi að þau hjónin hafi verið orðin mjög ölvuð og þreytt af langvarandi drykkju þegar komið hafi til átaka milli þeirra, sem hafi lyktað með því að hann greip handfylli af böndum eða

⁶⁹ Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir, *Ákvörðun refsingar. Rannsókn á refsíákvörðunum vegna manndrápa, rána og líkamsmeiðinga, 1951-2000*, Reykjavík 2003, bls. 133.

⁷⁰ Sama heimild, bls. 159.

köðlum úr dyrahengi í svefnherbergisdýrum og vafði þeim fast um höfuð konunnar og háls. Meðan á þessu gekk, hafi konan barist um og reynt að klóra sig. Af frásögn ákærða, lýsingu á áverkunum á líkinu og ummerkjum á vettvangi þykir fullsannað, að ákærði hafi valdið þeim áverkum, sem leiddu til dauða konunnar. Gat honum ekki dulist að lífsháski stafaði af aðför hans. Hann var sakfelldur fyrir brot á 211. gr. hgl. Fangelsi í 10 ár.

Í dómi Hæstaréttar nr. 408/2005 reyndi á beitingu 211. gr.

H 408/2005

M var sakfelldur fyrir manndráp með því að bregða þvottasnúru um háls eiginkonu sinnar á heimili þeirra og þrengja að með þeim afleiðingum að hún lést af völdum kyrkingar. Til grundvallar var lagt að ásetningur hefði ekki skapast með M um að bana konu sinni fyrir en í odda skarst með þeim um nóttina. Andlegt ástand ákærða fyrir og við verknaðinn útskýri atburðarásina og hafi afbrýðisemi og niðurlæging orðið til þess að innibyrgd reiði hans hafi brotist út og leitt til þess að hann framdi verknaðinn. Talið var þó að fyrir hendi væru ástæður sem virða mætti til lækkunar refsingar og var hún ákveðin fangelsi í 11 ár.

1.2. Brot gegn valdstjórninni

Ákvæði 108. gr. hgl. er staðsett í XII. kafla hgl. Brot gegn valdstjórninni. Ástæða þess er sú að brot sem falla undir verknaðarlýsingu 108. gr. beinast ekki eingöngu að eiginlegum brotaþola, heldur einnig að þeim almannahagsmunum sem felast í réttarvörslunni sem slíkri en ákvæðið er líka liður í aðgerðum til að efla vitnavernd.⁷¹ Brot sem falla undir verknaðarlýsingu 108. gr. og teljast til ofbeldis í nánu sambandi geta verið brot þar sem ofbeldismaður beitir þolanda eða aðra honum tengdum líkamsmeiðingum eða hótar því til að koma í veg fyrir að viðkomandi gefi skýrslu hjá lögreglu eða fyrir dómara, eða til að fá þolanda til að draga skýrslu eða kæru til baka.

108. gr. Hver sem beitir annan mann eða nána vandamenn hans eða aðra honum tengda líkamlegu ofbeldi, ólögmati nauðung eða hótun skv. 233. gr. vegna skýrslugjafar hans hjá lögreglu eða fyrir dómi skal sæta fangelsi allt að 6 árum eða sektum ef sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.

Í máli Hæstaréttar nr. 166/2005 er sakfelldur fyrir brot á 108. gr.

H 166/2005

X var sakfelldur fyrir brot gegn 108. gr. hgl. með því að hafa beitt fyrrum sambýliskonu sína líkamlegu ofbeldi, hótun um líkamlegt ofbeldi og ólögmati nauðung til að fá hana til að undirrita yfirlýsingu um að hún drægi til baka kæru á hendur honum fyrir nauðgun, sem hún hafði borið um hjá lögreglu og fyrir dómi. Hann var einnig ákærður fyrir þjófnað og umferðarlagabrot ásamt líkamsárás gegn fyrrgreindri konu. Við ákvörðun refsingar var talið að eldri brot X gegn konunni hefðu ítrekunaráhrif á líkamsárásina, sbr. 71. gr. sömu laga, og sama átti við um auðgunarbrot, sem hann hafði verið dæmdur fyrir árið 2000 og 2004, gagnvart þjófnaðarbrotunum. Þá var við mat á refsingu

⁷¹ Athugasemdir með frumvarpi sem varð að lögum nr. 39/2000 um breyting á almennum hegningarlögum nr.19/1940.

vísað til 72., 77., þágildandi 218. gr. a og 255. gr. laganna. Fangelsi í 2 ár og svipting ökuleyfis ævilangt. Sambýliskonunni voru dæmdar miskabætur að fjárhæð 300.000 krónur.

1.3. Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs

Í XXV. kafla hegningarlagna er að finna ákvæði er varða ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs. Þar eiga helst við ákvæði 231. gr., 232. gr., 233. gr. og 233. gr. b. Í 242. gr. kemur fram hvaða brot kaflans skuli sæta ákæru án kröfu þess sem misgert var við og hvaða brot þarf að kæra. Þar sem ofbeldi í nánnum samböndum á sér stað er ekki óalgengt að ofbeldismaður ryðjist inn á heimili þess er hann beitir ofbeldi eða þar sem þolandi er staddur.

231. gr. Ef maður ryðst heimildarlaust inn í hús eða niður í skip annars manns, eða annan honum óheimilan stað, eða synjar að fara þaðan, þegar skorað er á hann að gera það, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Þó má beita fangelsi allt að 1 ári, ef miklar sakir eru, svo sem ef sá, sem brot framdi, var vopnaður eða beitti ofbeldi eða hótun um ofbeldi eða brot er framið af fleirum saman.

Í máli Hæstaréttar nr. 630/2006 reynir á 231. gr., húsbrot.

H 630/2006

J var sakfelldur fyrir þrjár líkamsárásir á fyrrum sambúðarkonu sína Y og húsbrot skv. 231. gr. hgl. Hann ruddist í heimildarleysi inn í húsnæði þar sem Y var við vinnu, en hún vann við þrif í heimahúsum. Hann réðst á hana dró á hárinu, sparkaði í hana og trampað henni og að lokum dró hann hana út úr húsinu og tróð henni inn í bíl. J var einnig sakfelldur fyrir frelsissviptingu með því að hafa haldið Z fyrrverandi kærustu sinni nauðugri í íbúð í 8 og hálfu klukkustund. Telst sú háttsemi varða 226. gr. hgl. Hann var einnig dæmdur fyrir að nauðga Z í þrígang á meðan á frelsisviptingunni stóð. Fangelsi í 5 ár. J var dæmdur til að greiða Y og Z miskabætur.

232. gr. er til komin svo hægt sé að bregðast við broti gegn nálgunarbandi. Nálgunarband má úrskurða á grundvelli laga um nálgunarband nr. 122/2008.

232. gr. Ef maður brýtur gegn nálgunarbandi varðar það sektum eða fangelsi allt að 1 ári. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið fangelsi allt að 2 árum.

Hver, sem opinberlega leggur annan mann í einelti með vísitandi ósönnum skýrslum, sem lagaðar eru til þess að lækka hann í álit almennings, sæti sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

Sem dæmi um beitingu 232. gr. má nefna dóm Héraðsdóms Suðurlands í máli nr. S 488/2009

S 488/2009

M var sakfelldur fyrir brot á nálgunarbandi, skv. 1. mgr. 232. gr. hgl. með því að hafa sent dóttur sinni níu tölvupósta þrátt fyrir nálgunarbands úrskurð Héraðsdóms, þar sem honum var bannað að nálgast dóttur sína á almannaferi eða setja sig í samband við hana með öðru móti. M var einnig dæmdur fyrir húsbrot og tilraun til líkamsárásar er hann réðst inn á heimili F, neitaði að yfirgefa húsnæðið og reyndi

að hafa dóttur sína á brott með sér gegn vilja hennar. M sló F með krepptum hnefa er hún reyndi að aftra því að hann hefði stúlkuna á brott með sér. Fangelsi 30 daga skilorðsbundið.

Algengt er að þolendum ofbeldis í nánnum samböndum sé hótað. Bæði á meðan að ofbeldissamband varir og eftir að því lýkur. Hótun er tjáning hugsunar eða yfirlýsing, sem beint er til annars manns þess efnis, að eitthvað illt sé í aðsigi, er komi niður á þeim manni eða öðrum. Hótun er ætlað að vekja ótta.

233. gr. Hver, sem hefur í frammi hótun um að fremja refsiverðan verknað, og hótunin er til þess fallin að vekja hjá öðrum manni ótta um líf, heilbrigði eða velferð sína eða annarra, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

Í máli Hæstaréttar nr. 642/2007 má sjá beitingu 233. gr.

H 642/2007

X var sakfelldur fyrir brot gegn 233. gr. hgl. Með því að hafa sent fyrrum unnustu sinni A símskilaboð þar sem hann hótar henni lífláti. Hótunin var til þess fallin að vekja hjá henni ótta um líf sitt og heilbrigði. Einnig vegna brots gegn 217. gr. hgl. vegna líkamsárásar á A sem stóð yfir í langan tíma og hafði talsverðar afleiðingar í för með sér fyrir hana, einkum vegna þess áfalls sem hún varð fyrir er kærasti hennar beitti hana slíku ofbeldi. Litið var til refsímildunar að ákærði var aðeins 17 ára þegar hann framdi brotin og hafði engan sakarferil. Fangelsi þrjú mánuðir skilorðsbundið og dæmdur til greiða A 400.000 krónur í miskabætur.

233. gr. b var bætt við hegningarlögin með breytingarlögum nr. 27/2006. Greinin er frekari útfærsla á þeirri refsivernd sem leiddi af 1. mgr. 191. gr. hgl., sem felld var niður með tilkomu 233. gr. b. Markmiðið með nýmæli greinarinnar var að stuðla að virkari refsivernd fyrir einstaklinga gegn stórfelldum ærumeiðingum í samskiptum við þá sem teljast þeim nákomnir og útfæra refsíákvæðið með nútímalegra orðalagi sem tæki mið af gildandi refsifyrirmælum í 233. gr. og 234. gr. hgl. Ákvæðið hefur rýmra gildissvið en fyrra ákvæði laganna.⁷²

233. gr. b. Sá sem móðgar eða smánar maka sinn eða fyrrverandi maka, barn sitt eða annan mann sem er nákominn geranda, og verknaður verður talinn fela í sér stórfelldar ærumeiðingar, skal sæta fangelsi allt að tveimur árum.

242. gr. segir fyrir um hvernig saksókn fyrir brot gegn ákvæðum XXV. kafla skuli háttað, þ.e. hvort hún er í höndum ákærvalds eingöngu eða hvort kærubrotþola þurfi að koma til.

242. gr. Brot þau, sem í þessum kafla getur, skulu sæta saksókn svo sem hér segir:

1. Brot gegn ákvæðum 233. gr., 233. gr. a og 233. gr. b sæta ákæru.

⁷² Athugasemdir með frumvarpi sem varð að lögum nr. 27/2006 um breyting á almennum hegningarlögum nr.19/1940.

2. a. Brot gegn ákvæðum 230., 231. og 232. gr. sæta ákæru eftir kröfu þess manns, sem misgert var við.

b. Hafí ærumeiðandi móðgun eða aðdróttun verið beint að manni sem er eða verið hefur opinber starfsmaður, og móðgunin eða aðdróttunin varðar að einhverju leyti það starf hans, þá skal slíkt brot sæta ákæru eftir kröfu hans

c. Hafí ærumeiðandi aðdróttun verið borin fram skriflega, en annaðhvort nafnlaust eða með rangri eða tilbúinni undirskrift, skal brotið sæta ákæru, ef sá krefst þess, sem misgert var við.

3. Mál út af öðrum brotum getur sá einn höfðað, sem misgert er við.

1.4. Kynferðisbrot

Á kynferðisbrotakafla hegningarlaganna, XXII. kafla, reynir oft í þessum málaflokki. Þar reynir helst á eftirfarandi ákvæði: 194. gr., 195. gr., 200. gr., 201. gr., 202. gr. og 209. gr.

Algengt er að brotið sé gegn kynfrelsi kvenna í ofbeldissamböndum. Í ársskýrslu Kvennaathvarfsins frá árinu 2008 kemur fram að um 23% kvennanna sem þangað leituðu hafi komið vegna kynferðislegs ofbeldis. Algengt er að þolendum sé nauðgað af fremjendum ofbeldisins eða þær beittar annars konar kynferðislegu ofbeldi. Brot heyrir undir 194. gr. ef fram hafa farið kynferðismök gegn vilja þolanda þar sem beitt hefur verið ofbeldi, hótun eða annars konar ólögmati nauðung. 194. gr. tæmir sök gagnvart 1. mgr. 217. gr. og verður henni ekki beitt samhliða, þar sem líkamlegt ofbeldi er verknáðaraðferð 194. gr.

194. gr. Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmati nauðung gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfvæðis með innilokun, lyffjum eða öðrum sambærilegum hætti.

Það telst einnig nauðgun og varðar sömu refsingu og mælt er fyrir um í 1. mgr. að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknáðinum eða skilið þýðingu hans.

Í máli Hæstaréttar nr. 290/2001 var maður sakfelldur fyrir brot á 194. gr. og mörg önnur brot gegn unnustu sinni.

H 290/2001

K var sakfelldur fyrir nauðgun skv. 194. gr. hgl. en auk þess fyrir eignaspjöll, húsbrot og gripdeild. Atlaga K að stúlku, sem var unnusta hans, var óvenju hrottafengin og ofbeldi hans og hótanir um frekari ófarnað stóðu yfir á þriðju klukkustund. Þröngvaði K stúlkunni ítrekað til samræðis og annarra kynferðismaka, hrinti henni niður brattan stiga og veitti henni stórfellda líkamlega áverka. Af atlögunni hlaut stúlkan andlegt áfall, sem reyndist henni erfitt og þungbært. Talið var að henni hafi verið verulegur háski búinn á meðan á aðförinni stóð. Rúmri viku eftir atburðina hafði K sjö sinnum í alvarlegum hótunum við stúlkuna með SMS-skilaboðum um ofbeldi í garð hennar og ættingja hennar. K, átti sér engar málsbætur. Hann átti að baki langan sakarferil. Fangelsi fjögur ár og sex mánuði. Miskabætur til stúlkunnar 1.000.000 krónur.

Með breytingarlögum nr. 61/2007 var lögfest ákvæði í þremur liðum sem dómari skal hafa í huga þegar refsing fyrir nauðgun er ákveðin. Bent var á í athugasemdum með frumvarpinu að ekki hefði áður tíðkast við ákvörðun refsingar fyrir brot á 194. gr. að líta til ákveðinna atriða svo sem ungs aldurs þolanda, en tíðkast hefði lengi við refsíákvörðun til mildunar að líta til ungs aldurs fremjanda brots. Dómara ber að virða þessi þrjú atriði til þyngingar refsingu fyrir nauðgun, sbr. orðalag ákvæðisins „skal virða það til þyngingar“. Í frumvarpi með lögnum var tekið fram að líklegt væri að b og c liður ákvæðisins hefðu átt við til refsíþyngingar í máli Hæstaréttar nr. 290/2001 sem reifað var hér að framan, ef ákvæðið hefði verið lögfest á þeim tíma, þar sem ofbeldið sem stúlkan var beitt var stórfellt og sérstaklega sársaukafullt og meiðandi.⁷³

195. gr. Þegar refsing fyrir brot gegn 194. gr. er ákveðin skal virða það til þyngingar:

- a. ef þolandi er barn yngra en 18 ára,*
- b. ef ofbeldi geranda er stórfellt,*
- c. ef brotið er framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt.*

Kynferðisofbeldi gegn börnum er í mörgum tilfellum ofbeldi í nánnum samböndum, þar sem einhver þeim nákominn beitir þau kynferðisofbeldi og á sér einnig oft stað þar sem móðir er beitt ofbeldi. Árið 2008 svöruðu mæður 11% barna sem komu í Kvænnaathvarfið því játandi að barn þeirra hefði verið beitt kynferðislegu ofbeldi.⁷⁴ Helstu greinar hegningarlaga sem eiga við ef brotið er kynferðislega gegn barni eru 200. gr., 201. gr., 202. gr. og einnig 209. gr. sem er brot gegn blygðunarsemi fólks.

1.5. Brot gegn frjálrsræði manna

Í XXIV. kafla laganna eru ákvæði sem varða frjálrsræði manna og reynir helst á ákvæði 225. gr. um nauðung, og 226. gr. um frelsissviptingu.

Algengt er að fremjandi ofbeldis reyni að neyða eða þvinga þolanda til þess að gera eins og hann vill eða gera ekki eitthvað.

225. gr. Ef maður neyðir annan mann til þess að gera eitthvað, þola eitthvað eða láta hjá líða að gera eitthvað með því að beita líkamlegu ofbeldi eða hótum honum að beita hann eða nána vandamenn hans líkamlegu ofbeldi eða frelsissviptingu eða að hafa upp rangan sakburð um refsiverða eða vansæmandi háttsemi hans eða náinna vandamanna hans, eða annan slíkan sakburð, þótt sannur sé, ef nauðungin á ekki nægilegan rétt á sér sökum þess málefnis, sem hótunin beinist að, eða loks með því að hótum honum að valda verulegum skemmdum eða eyðileggingu á eignum hans, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

⁷³ Athugasemdir með frumvarpi sem varð að lögum nr. 61/2007 um breyting á almennum hegningarlögum nr.19/1940.

⁷⁴ SUK, *Ársskýrsla*. 2008, bls. 27.

Sem dæmi um beitingu 225. gr. má sjá mál Hæstaréttar nr. 67/2009 þar sem maður þvingaði unnustu sína dró á hárinu út úr bifreið sem þau voru í og þvingaði hana beitti hana margvíslegu ofbeldi.

H 67/2009

X var sakfelldur fyrir brot á 217. gr., 225.gr. og 1. og 2. mgr. 194. gr. hgl. Gögn og áverkar á unnustu X, A studdu að hann hafi dregið hana nauðuga út úr bifreið og m.a. á hárinu og veitt henni margvíslega áverka. Var þessi háttsemi talin varða við 225. gr. hgl. X viðurkenndi að hafa þreifað á kynfærum A en kvað hana hafa samþykkt það með því að vera í ástarsambandi við hann. Var X sakfelldur fyrir þá háttsemi, en hún var talin varða við 199. gr. hgl. Þá var talið sannað að X hafi veist að A inni á salerni íbúðar hennar og sú háttsemi heimfærð til 217. gr. sömu laga. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að X játaði að hafa veist að A fyrir utan bifreið sína, en einnig til þess að árásin var hrottafengin og ófyrirleitin og að hluta framin inni á heimili A þar sem dóttir hennar var og varð vitni að árás á móður sína. Um brotasamsteypu var að ræða og ofbeldi X stóð yfir í umtalsverðan tíma og var til þess fallið að niðurlægja unnustu hans og svipta hana mannlegri reisu. Litið var til þess að árásin hafði líkamlegar og andlegar afleiðingar í för með sér. Fangelsi í eitt ár, 9 mánuðir skilorðsbundnir. Miskabætur til A 600.000.

Frelsissvipting er þegar ofbeldismaður heldur þolanda sínum föngrum.

226. gr. Hver, sem sviptir annan mann frelsi sínu, skal sæta fangelsi allt að 4 árum

Hafi frelsissvipting verið framin í ávinningssskyni eða verið langvarandi, svo og ef maður hefur verið settur í heimildarleysi á geðveikrahæli, fluttur burt í önnur lönd eða fenginn mönnum á vald, sem ekki eiga neinn rétt á því, þá skal beita fangelsisrefsingu ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum eða ævilangt.

Sem dæmi um frelsissviptingu má sjá mál Hæstaréttar nr. 630/2006

H 630/2006

J var sakfelldur fyrir þrjár líkamsárásir á fyrrum sambúðarkonu sína Y og húsbrot skv. 231. gr. hgl. Hann ruddist í heimildarleysi inn í húsnaði þar sem sambúðarkona hans var stödd og réðst á hana. Einnig fyrir frelsissviptingu með því að hafa haldið Z fyrrverandi kærustu sinni nauðugri í íbúð í átta og hálf klukkustund. Ákærði læsti hurðum íbúðarinnar svo Z kæmist ekki á brott og faldi þá síma sem voru í íbúðinni. Telst sú háttsemi varða 226. gr. hgl. Hann var einnig dæmdur fyrir að nauðga Z þrisvar sinnum á meðan á frelsissviptingunni stóð. Fangelsi í 5 ár. Einnig dæmdur til að greiða Y og Z miskabætur.

1.6. Auðgunarbrot

Refsivert er að þvinga fólk, eða nýta sér bágindi þess í þeim tilgangi að hagnast. Sem dæmi má taka með því að fá það til þess að afsala sér eignum sínum eða einhverskonar hagsmunum. Þvinganir af þessu tagi þekkjast þar sem ofbeldi í nánu sambandi á sér stað, þar

sem þolandi er t.a.m. þvingaður til þess að samþykkja skuldbindingar einhverskonar eða til að afhenda fremjanda laun eða eignir sínar.⁷⁵

253. gr. Hafi maður notað sér bágindi annars manns, einfeldni hans, fákunnáttu eða það, að hann var honum háður, til þess að afla sér með löggerningi hagsmuna eða áskilja sér þá, þannig að bersýnilegur munur sé á hagsmunum þessum og endurgjaldi því, sem fyrir þá koma eða skyldi koma, eða hagsmunir þessir skyldu veittir án endurgjalds, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum.

1.7. Eignaspjöll

Þar sem ofbeldi í nánnum samböndum á sér stað er mjög algengt að ofbeldismaður eyðileggi hluti þolanda.

257. gr. Hver, sem ónýtir eða skemmir eigur annars manns eða sviptir hann þeim, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Sömu refsingu varðar að senda, breyta, bæta við, þurrka út eða eyðileggja með öðrum hætti án heimildar gögn eða forrit sem geymd eru á tölvutæku formi og ætluð eru til tölvuvinnslu.

Hafi mikil eignaspjöll verið gerð, eða brot er að öðru leyti sérstaklega stórfellt, eða hafi hinn seki verið áður dæmdur fyrir brot á ákvæðum þessarar greinar eða 164., 165., fyrri málsgrein 168., fyrri málsgrein 176. eða 177. gr., þá má beita fangelsi allt að 6 árum. Sama er, ef eignaspjöll beinast að loftfari.

Ef verknaður, sem lýst er í 2. mgr. hér að ofan, hefur verið framinn af gáleysi, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Mál út af brotum, sem í 1. og 3. mgr. getur, skal því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert var við.

Í þessu sambandi má nefna mál Hæstaréttar nr. 155/2004

H 155/2004

X var ákærður fyrir nauðgun, frelsissviptingu, eignaspjöll sbr. 257. gr. hgl. og þjófnað, með því að hafa haldið fyrrverandi sambýliskonu sinni nauðgri í íbúð hennar, þröngvað henni til holdlegs samræðis, valdið skemmdum á eignum hennar og stolið svonefndu „heimabíói“ úr íbúð hennar. X átti langan sakarferil að baki og höfðu eldri auðgunarbrot ítrekunaráhrif á þjófnaðarbrot hans. Fangelsi í þrjú ár og sex mánuði. Miskabætur 1.380.000 krónur.

1.8. Atriði sem líta ber til við ákvörðun refsingar

Að framan var fjallað um tvö ákvæði hgl., 218. gr. b. og 195. gr., sem kveða á um, að tilteknum ákveðnum skilyrðum, að þyngra megi refsingu. Mikilvægasta grein hegningarlaganna sem kveður á um þyngd refsinga þegar um ofbeldi í nánnum samböndum ræðir er 3. mgr. 70. gr., sem bætt var inn í almenn hegningarlög árið 2006, sbr. l. gr. 27/2006.

⁷⁵ Hildur Guðmundsdóttir, „I don't know how I ended up here with this man“ Rannsókn á aðstæðum og upplifun kvenna af erlendum uppruna sem leita í Kvennaathvarfið, Reykjavík 2009, bls. 15.

Í ákvæðinu er heimild til refsipýngingar ef aðrar greinar almennra hegningarlaga hafa verið brotnar. Skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins er að um nákomin tengsl sé að ræða á milli fremjanda og þolanda og að þau þyki hafa aukið á grófleika verknaðar.

70. gr. Þegar hegning er tiltekin, á einkum að taka til greina eftirtalin atriði:

- 1. Hversu mikilvægt það er, sem brotið hefur beinst að.*
- 2. Hversu yfirgripsmiklu tjóni það hefur valdið.*
- 3. Hversu mikil hættu var búin af verkinu, einkum þegar til þess er litið, hvenær, hvar og hvernig það var framkvæmt.*
- 4. Aldur þess, sem að verkinu er valdur.*
- 5. Hegðun hans að undanfögnu.*
- 6. Hversu styrkur og einbeittur vilji hans hefur verið.*
- 7. Hvað honum hefur gengið til verksins.*
- 8. Hvernig framferði hans hefur verið, eftir að hann hafði unnið verkið.*
- 9. Hvort hann hefur upplýst um aðild annarra að brotinu.]¹⁾*

Hafi fleiri menn en einn unnið verkið í sameiningu, skal að jafnaði taka það til greina til þyngingar refsingunni.

Hafi verknaður beinst að karli, konu eða barni sem eru nákomin geranda, og tengsl þeirra þykja hafa aukið á grófleika verknaðarins, skal að jafnaði taka það til greina til þyngingar refsingunni.

2. Refsipýngingarákvæði 3. mgr. 70. gr. hgl.

Dómsmálaráðherra fór þess á leit við refsiréttarnefnd í nóvember árið 2004 að hún gæfi álit á þeim sjónarmiðum sem fram hefðu komið um að setja ætti í almenn hegningarlög refsíákvæði, þar sem heimilisofbeldi/ofbeldi í nánnum samböndum yrði lýst sem sérstökum refsínæmum verknaði eða hvort áfram yrði stuðst við hin almennu líkamsmeiðingarákvæði laganna. Nefndin kannaði löggjafarþróun á þessu sviði á Norðurlöndunum og skoðaði hvort velja ætti sömu leið og Svíar hafa farið þ.e. setja í lög ákvæði sem sérstaklega tekur á ofbeldisbrotum sem framin eru í nánnum samböndum. Nefndin skoðaði dómaframkvæmd hér á landi og var það niðurstaða hennar að ekki yrði alltaf lesið út úr dómum hvort tillit hafi verið tekið til tengsla fremjanda og þolanda við ákvörðun refsingar. Nefndin segir það ljóst að markmið opinberra aðgerða til að sporna gegn ofbeldi í nánnum samböndum sé fyrst og fremst að veita þeim réttarvernd sem hafa þolað langvarandi eða endurtekið ofbeldi af einhverjum þeim nákomnum. Niðurstaða nefndarinnar var að ekki stæðu til þess nægjanleg lagaleg eða refsipólítísk rök að lögfesta sérrefsíákvæði eins og gert var í Svíþjóð. Verknaður sem slíkur, sem beinist gegn þolanda í nánnum sambandi, væri ekki það sem leiddi til þess að samfélagið álitu brotið siðferðislega ámælisverðara en ella, heldur sú aðstaða að fremjendur og þolendur slíkra brota teljast nákomnir. Þessi tengsl eru talin auka á grófleika verknaðar en

breyti í engu um refsinaemi hans. Beina þurfi sjónum dómenda að því mati löggjafans, að litið sé alvarlegri augum brot sem framin eru í nánnum samböndum. Það sé mat refsiréttarnefndar, í ljósi viðhorfa hér á landi og erlendis og vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga Íslands, að rökrétt sé að íslensk refsilöggjöf endurspegli það mat löggjafans að brot sem framið er í nánnum samböndum hafi sérstöðu. Nefndin lagði til að í stað sérstaks sérrefsiákvæðis sem tæki til ofbeldis í nánnum sambandi yrði brugðist við með að gera dómendum að líta til atvika af þessu tagi við ákvörðun refsingar. Í hendur dómara yrði lagt að meta hvort nán tengsl fremjanda og þolanda væru þess eðlis að slík atvik yrðu talin auka á grófleika þeirra brota sem sannað væri að viðkomandi hefði framið. Að tillögu refsiréttarnefndar var lögfest ný málsgrein í 70. gr. almennra hegningarlaga,⁷⁶ 3. mgr., sem hljóðar svo:

Hafi verknaður beinst að karli, konu eða barni sem eru nákominn geranda, og tengsl þeirra þykja hafa aukið á grófleika verknaðarins, skal að jafnaði taka það til greina til þyngingar refsingunni.

Um er að ræða heimild til að hækka refsingu innan refsimarka þess refsíákvæðis sem við á með sama hætti og gert er í 1. og 2. mgr. 70. gr. hgl. Þannig er hægt að beina sjónum dómara að nánnum tengslum fremjanda og brotþola þegar kemur að ákvörðun refsingar. Með þessu er ljós sá vilji löggjafans að þyngja beri refsingar þegar tengsl eru talin auka á grófleika verknaðar. Nefndin lagði áherslu á að þótt tengsl fremjanda og þolanda væru til staðar leiddi það eitt og sér ekki til þess að refsíþyngingarheimild 3. mgr. 70. gr. yrði beitt. Mat dómara þurfi að fara fram á hvort nán tengsl aðila hafi aukið á grófleika verknaðar sem væri þá háð atvikum hverju sinni.⁷⁷ Fram kemur að nefndin telji að ákvæðið geti ekki átt við nema um langvarandi eða endurtekið ofbeldi væri að ræða. Þó segir í álitinu og athugasemdum með frumvarpi til laganna að dómari skuli meta hvert tilvik fyrir sig. Einnig að líta megi til þess hvort brot hafi verið til þess fallið á grundvelli almenns og hlutlægs mælikvarða að niðurlægja, skerða sjálfsmat eða sjálfsvirðingu brotþola.⁷⁸

2.1. Beiting 3. mgr. 70. gr. hgl.

Á þeim 4 árum sem liðin eru síðan 3. mgr. 70. gr. var lögfest er ekki að finna marga Hæstaréttardóma þar sem henni hefur verið beitt. Það gefur þó ekki rétta mynd af beitingu

⁷⁶ Lög nr. 27/2006, um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

⁷⁷ Álitsgerð refsiréttarnefndar í tilefni af erindi dómsmálaráðherra, dags. 18. nóvember 2004, um heimilisofbeldi.

⁷⁸ Sjá athugasemdir með frumvarpi sem varð að lögum nr. 27/2006, þar sem lagt er til að lögfest verði 3. mgr. 70. gr. hgl. sbr. 1. gr. laganna.

greinarinnar því ekki er öllum héraðsdómum áfrýjað til Hæstaréttar. Hér verða reifaðir þrír dómar Hæstaréttar þar sem reynt hefur á beitingu ákvæðisins.

Í máli Hæstaréttar nr. 438/2007 er tekið tillit til refsipýngingarákvæðis 3. mgr. 70. gr. hgl. við ákvörðun refsingar. Í héraðsdómi er ekki fjallað um 3. mgr. 70. gr. hgl. en Hæstiréttur beitir ákvæðinu til refsipýngingar án rökstuðnings. Það sem athygli vekur við beitingu ákvæðisins í þessu máli er að um er að ræða eitt einstakt tilvik sem maðurinn beitir eiginkonu sína líkamlegu ofbeldi. Ekkert kemur fram í málinu um langvarandi eða endurtekið ofbeldi. Eiginmaðurinn hafði verið með leiðindi í hjónabandi þeirra vegna afbrýðisemi sem fór vaxandi með árunum, einnig kemur fram að áfengisneysla hans hafi ágerst.

H 438/2007

Maður skaut á eiginkonu sína með haglabyssu þegar hún var á leið út úr húsi þeirra. Ekki urðu alvarlegar afleiðingar af skotárásinni en hending ein réði því að ekki hlaust bani af. Við ákvörðun refsingar var litið til þess hversu einbeittur ásetningur ákærða til verknaðarins var. Að því virtu og með hliðsjón af 3. mgr. 70. gr. hgl. var maðurinn dæmdur fyrir tilraun til manndráps sbr. 211. gr. sbr. 20. gr. hgl. Fangelsi 6 ár.

Í máli Hæstaréttar nr. 273/2008 er 3. mgr. 70. gr., ekki beitt til refsipýngingar.

H 273/2008

Maður var sakfelldur fyrir líkamsárás með því að hafa veist að fyrirverandi eiginkonu sinni á þáverandi heimili þeirra. Var brot hans heimfært til 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við mat á refsingu ákærða var litið til þess að ákærði hafði áður gerst brotlegur gegn sama ákvæði almennra hegningarlaga sem hafði nú ítrekunaráhrif samkvæmt 1. mgr. 218. gr. b. sömu laga. Ekki þótti tækt að beita ákvæði 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga til refsipýngingar þar sem um einstakt tilvik var að ræða. Fangelsi tveir mánuðir skilorðsbundið.

Í niðurstöðu héraðsdóms er ekki minnst á refsipýngingarákvæði 3. mgr. 70. gr. hgl. Hæstiréttur tekur sérstaklega fram í niðurstöðu sinni að ekki sé tækt að beita ákvæði 3. mgr. 70. gr. hgl. til refsipýngingar vegna þess að um einstakt atvik hafi verið að ræða sem er í samræmi við athugasemdir með greininni:⁷⁹

Yrði þá einkum að horfa til þess hvort um langvarandi eða endurtekin brot er að ræða og því almennt ekki gert ráð fyrir að einstök tilvik séu þess eðlis að refsipýnging á grundvelli þessa ákvæðis kæmi til greina en það yrði að vera háð mati hverju sinni

Þó má dómari meta hvert tilvik fyrir sig. Þessir tveir dómar eru kveðnir upp í Hæstarétti á sama árinu. Hinn fyrri 7. febrúar 2008 og hinn síðari 16. október 2008. Í báðum málunum minnst héraðsdómur ekki á 3. mgr. 70. gr. Hæstiréttur tekur afstöðu til ákvæðisins og er niðurstaðan í fyrra málinu sú að beita 3. mgr. 70. gr. en ekki í því síðara, þrátt fyrir að í

⁷⁹ Sjá athugasemdir með frumvarpi sem varð að lögum nr. 27/2006, þar sem lagt er til að lögfest verði 3. mgr. 70. gr. hgl. sbr. 1. gr. laganna.

báðum tilfellum hafi verið um einstakt tilvik að ræða. Hugsanlega er þarna um að ræða mismunandi mat dómara á málunum sem útskýrir mismunandi beitingu ákvæðisins. Þess ber að geta að í fyrri dómnum eru Hæstaréttardómararnir fimm en í seinni dómnum eru þeir þrír.

Í máli Hæstaréttar nr. 487/2008 er refsipýngingarákvæðinu beitt.

H 487/2008

Maður var sakfelldur fyrir fjórar líkamsárásir gegn fyrrverandi sambýliskonu sinni og tveimur börnum hennar. Voru brotin heimfærð undir 217. gr. og 1. mgr. 218. gr. hgl., og refsing hans ákveðin með vísan til 77. gr. sömu laga. Við ákvörðun refsingar var litið til 3. mgr. 70. gr. sömu laga. Fangelsi í 8 mánuði, 6 mánuði skilorðsbundið. Honum var gert að greiða fyrrverandi sambýliskonu sinni skaðabætur að fjárhæð 300.000 krónur, dóttur hennar 75.000 krónur og syni hennar 120.000 krónur.

Í dómi Héraðsdóms Reykjaness frá 23. júlí 2008, í máli Hæstaréttar nr. 487/2008 má sjá hvernig héraðsdómur rökstyður notkun 3. mgr. 70. hgl. Í málinu ræðir um fjórar líkamsárásir manns gegn fyrrum sambýliskonu og börnum hennar. Fram kom við meðferð að ákærði hafði beitt konuna og börnin ofbeldi í 3 ár. Í héraðsdómi segir m.a. með vísan til athugasemda með frumvarpi sem varð að lögum nr. 27/2006:⁸⁰

grundvallar hugtaksatriði þeirrar tegundar háttsemi, sem hér um ræðir, að hún eigi sér stað milli einstaklinga sem teljist nákomnir á verknaðarstundu enda hafi þeir á þeim tíma eða áður myndað nán samfélagsleg tengsl sem endurspeglast í sambandi foreldris og barns, systkina eða maka, eða eru að öðru leyti taldir að lögum nákomnir þar sem þeir hafa myndað á einhverjum tímapunkti tiltekna fjölskylduheild í rýmri merkingu þess orðs. Þá segir jafnframt að þessi nánu tengsl á milli einstaklinga séu þannig talin auka á grófleika tiltekins verknaðar vegna þess trúnaðarbrotis sem hann endurspeglar. [...] refsipýnging komi vel til greina ef einstaklingur tekur upp á því að ofsækja fyrrum maka sinn eða hóta honum, jafnvel þótt nokkuð langt sé um liðið frá samvistarlitum enda yrði háttsemi geranda talin í beinum tengslum við fyrri sambúð hans og brotaþola

Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um beitingu 3. mgr. 70. gr. hgl. með vísan til röksemdafærslu dómarans.

Í nokkrum kynferðisofbeldismálum hefur refsipýngingarákvæði 3. mgr. 70. gr. verið beitt, sérstaklega þegar brotið hefur verið gegn börnum. Sem dæmi um það eru tveir dómar Hæstaréttar, annars vegar í máli nr. 527/2008 og hins vegar í máli nr. 58/2009. Í fyrra málinu var niðurstaða héraðsdóms staðfest. Héraðsdómur rökstyður beitingu 3. mgr. 70. gr. hgl. með þeim hætti að dómurinn telji að á liðnum misserum hafi Hæstiréttur Íslands almennt þyngt refsingar vegna kynferðisbrota. Í seinni dóminum er greininni einnig beitt í sama tilgangi, þar

⁸⁰ Dómur Hæstaréttar nr. 487/2008.

staðfestir Hæstiréttur niðurstöðu héraðsdóms sem beittir 3. mgr. 70. gr. hgl. til refsipýngingar án sérstakra röksemda.

2.2. Virkni 3. mgr. 70. gr. hgl.

Krafa samfélagsins og að því er virðist löggjafans einnig er að tekið verði tillit til tengsla fremjanda og brotþola við ákvörðun refsingar. Af álitsgerð refsiréttarnefndar sem síðar varð að breytingarlögum nr. 26/2007, má sjá viðleitni til þess að bregðast við þeim kröfum og leita farsælla leiða til að leysa vandann. Tillaga refsiréttarnefndar um sérstakt refsipýngingarákvæði var sett fram með þeim rökum sem áður var minnst á, að í ljósi viðhorfa hér á landi og erlendis og vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga væri rétt að lögfesta ákvæðið og íslensk refsilöggjöf eigi að endurspeglar vilja löggjafans, sem er að brot sem til umræðu eru, hafi sérstöðu. Markmið opinberra aðgerða sé að veita þolendum ofbeldis réttarvernd og að samfélagið álíti brot siðferðislega ámælisverðara og alvarlegra en ella ef brotið er gegn nákomnum. Þessi tengsl séu talin auka á grófleika verknaðar og beina þurfi sjónum dómenda að því. Með þessu yrði ljós sá vilji löggjafans að þyngja beri refsingar þegar tengsl eru talin auka á grófleika verknaðar. Þannig kemst nefndin að þeirri niðurstöðu að mikilvægt sé að dómari geti litið til sérstöðu þessara mála og beitt refsipýngingu sé um brot á öðrum ákvæðum laganna að ræða.

Dómara er falið í fyrsta lagi að meta hvort um nán tengsl sé að ræða á milli fremjanda og þolanda og í öðru lagi hvort þau tengsl teljast hafa aukið á grófleika verknaðar. Fallast má á að dómari meti hvort um nán tengsl sé að ræða svo hægt sé að beita ákvæðinu. Í flestum tilvikum leikur ekki vafi á tengslum milli fremjanda og þolanda, en þegar kemur að tilvikum sem ekki eru eins afgerandi getur það verið komið undir dómara hvernig hann túlkar nán sambönd og má í því tilviki benda á dóm Héraðsdóms Norðurlands eystra í máli nr. S-344/2008. Ungur maður réðst á fyrrum unnustu sína þar sem hún lá sofandi í rúmi hans. Maðurinn sagði um tengsl sín við stúlkuna að þau væru ekki í nán sambandi. Hann sagði að hún væri fyrrum unnusta sín en þau væru af og til saman. Dómari féllst á skýringu unga mannsins og taldi ekki tækt að beita 3. mgr. 70. gr. þrátt fyrir að maðurinn hefði ráðist á fyrrum unnustu sína sem svaf í rúmi hans. Hætt er við að ekki leggi allir sama skilning í hvað nán sambönd eru, en bent hefur verið á að til þess að brot geti talist ámælisverðara vegna þess að það á sér stað í nán samböndum þurfi að vera um trúnaðarbrott að ræða, þar sem traust þolanda er brotið. Ekki er annað að sjá af þessu máli en að slíkt traust stúlkunnar hafi verið brotið, því hún virðist hafa talið sér óhætt að sofa í rúmi hans og borið þannig traust til hans. Hefði hún því átt að teljast í nán sambandi við fremjandann. Greinin á ekki einungis

við um þá sem eru á verknaðarstundu í nánu sambandi heldur nægir að þau hafi verið það á einhverjum tíma.⁸¹

Dómarar eiga einnig að meta hvort brot sem framið er í nánu sambandi sé „þess eðlis að slík atvik verði talin auka á grófleika verknaðar“. Í athugasemdum með greininni kemur fram að mat á því hvort nán tengsl hafi aukið á grófleika verknaðar sé háð mati dómara að virtum atvikum hverju sinni. Þarna vandast málið. Á dómari að leggja mat á hvort brot sé grófara af því að það beinist gegn einhverjum nákomnum eða ekki? Eitt og sér dugir ekki að um nán tengsl hafi verið að ræða. Beiting greinarinnar er alltaf háð mati á því hvort um langvarandi eða endurtekin brot er að ræða og almennt er ekki gert ráð fyrir að einstök tilvik séu þess eðlis að beita megi ákvæðinu. Þó er lagt í hendur dómara að meta hvert tilvik. Í áliti refsiréttarnefndar er því haldið fram að brot sem framin eru í nánnum samböndum séu ámælisverðari en ella. Hvernig stendur þá á því að dómari á að meta hvort verknaður teljist þess eðlis að telja megi að það hafi aukið á grófleika verknaðar? Leiðir það ekki af eðli málsins að brot séu grófari ef um nán tengsl er að ræða? Ef dómari kemst að því að um nán tengsl hafi verið að ræða ætti það að leiða til þess að brot sé ámælisverðara og hafi þess vegna aukið á grófleika verknaðar. Svo virðist sem refsiréttarnefnd hafi viljað draga úr ákvæðinu vígtennurnar með því að leggja í hendur dómara að meta það hvort brot sé grófara en ella vegna tengsla í stað þess að heimila beitingu ákvæðisins ef nán tengsl eru á milli aðila óháð sérstöku mati á grófleika verknaðar.

Af héraðsdómum má sjá að erfitt getur verið fyrir dómara að leggja mat á hvort brot teljist þess eðlis að beita megi 3. mgr. 70. gr. Í einhverjum tilvikum virðast dómarar túlka greinina og meta málið þannig að einstakt tilvik girði fyrir beitingu hennar þrátt fyrir að um nán tengsl sé að ræða, sbr. mál Hæstaréttar nr. 273/2008, Héraðsdóm Reykjaness í máli nr. S-467/2009 og Héraðsdóm Reykjavíkur í máli nr. S-658/2009. Í öðrum málum hafa dómarar beitt ákvæðinu þótt um einstakt tilvik sé að ræða, sbr. mál Hæstaréttar nr. 438/2007, Héraðsdóm Reykjaness í máli nr. S-61/2009 og Héraðsdóm Reykjavíkur í máli nr. S-1190/2007. Í síðastnefnda málinu kemur m.a. fram í röksemdafærslu dómara:

Þótt téð lagagrein sé einkum byggð á því að um langvarandi eða endurtekin brot sé að ræða, þá girðir hún ekki fyrir að henni megi beita í tilvikum þegar verknaður og kringumstæður eru til þess fallnar að niðurlægja brotþola eða skerða sjálfsmat hans eða sjálfsvirðingu.

⁸¹ Sjá athugasemdir með frumvarpi sem varð að lögum nr. 27/2006 þar sem lagt er til að lögfest verði 3. mgr. 70. gr. hgl. sbr. 1. gr. laganna.

Ákvæðið ætti að eiga við almennt þegar ofbeldi á sér stað á milli nákominna, vegna þess að ofbeldi í nánú sambandi hefur verri afleiðingar og er alvarlegra vegna þess trúnaðartrausts sem brotið er. Það eykur í sjálfu sér grófleika brots að ofbeldi er beitt af nákomnum. Það á ekki að skipta máli hvort um endurtekin brot eða stakt tilfelli er að ræða, nema þá til enn frekari refsipýngingar. Brot sem framið er í fyrsta skipti gagnvart þolanda í nánú sambandi er ekki síður brot á trúnaði og trausti þess er fyrir því verður. Fyrsta brot getur verið mjög alvarlegt og haft í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir þolanda þess, sbr. mál Hæstaréttar nr. 438/2007 sem reifaður er í kafla 2.1 og mál Hæstaréttar nr. 290/2001 reifað í kafla 1.4. Það getur verið erfitt fyrir dómara að taka tillit til ofbeldissögu fremjanda gagnvart þolanda í dómsmáli þar sem til umfjöllunar er ákæra sem beinist að einum tilteknum verknaði. Þegar ákæruvald fer með ákæru fyrir dóm er einungis sú háttsemi sem tilgreind er í ákæru til umfjöllunar en ekki önnur hegðun sakbornings. Ef ekki eru tvær eða fleiri ákæur vegna ofbeldis fremjanda gagnvart sama þolanda, sem sýnt getur fram á ofbeldissögu, til umfjöllunar, á dómari ekki að líta til annars en ákæru. Það getur hugsast að það nægi að ákæruvaldið leggi fram gögn sem sýni ofbeldissögu, sakavottorð, læknisvottorð eða annað. Þá þarf ákæruvald að rannsaka og vinna mál sem varða ofbeldi í nánú samböndum öðruvísi en önnur mál og þá þannig að fram komi sannanir fyrir endurteknu ofbeldi eða langvarandi ofbeldisástandi.

Þar sem, að því er virtist, auðveldast var að beita ákvæðinu var í máli Héraðsdóms Norðurlands eystra í máli nr. S-258/2009. Þar sem maður réðst á unnustu sína þrisvar sinnum og voru lagðar fram þrjár ákæur. Ekki var vafi um nánú tengsl og ákært var fyrir endurtekið ofbeldi.

Refsipýngingarákvæði 3. mgr. 70. gr. hgl. er matskennt. Ekki er auðvelt að sjá hvernig því er beitt og lítið samræmi virðist vera í beitingu þess hjá dómstólum. Ekkert virðist vera því til fyrirstöðu í Stjórnarskrá Íslands að breyta ákvæðinu þannig að sé það niðurstaða mats dómara að tengsl séu á milli fremjanda og þolanda brots skuli ávallt beita refsipýngingu. Það myndi auðvelda störf dómara og væri viðurkenning á að ofbeldi í nánú samböndum sé ámælisverðara og alvarlegra en ella.

3. Lög um nálgunarbann nr. 122/2008

Í gildi eru lög um nálgunarbann nr. 122/2008. Frá árinu 2000 voru ákvæði um nálgunarbann í lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Við heildarendurskoðun þeirra laga árið 2008 var ákveðið að setja reglur um nálgunarbann í sér lög þar sem þær reglur þóttu ekki eiga samleið með þvingunarúrræðum laganna sem tengjast rannsókn eða meðferð sakamála.

Ákvæði laga um nálgunarbann nr. 122/2008 eru að mestu leyti samhljóða þeim ákvæðum sem fyrir voru í lögum um meðferð opinberra mála. Samkvæmt 2. gr. laganna gerir lögregla kröfu um nálgunarbann hjá dómara að rökstuddri beiðni þess er telur sig þurfa á vernd að halda eða að eigin frumkvæði. Lögregla tekur afstöðu til beiðninnar svo fljótt sem verða má og ekki síðar en innan þriggja sólarhringa eftir að hún berst. Hafni lögregla beiðninni er heimilt að kæra þá ákvörðun til ríkissaksóknara⁸² innan mánaðar frá því að beiðni var hafnað eða sá sem þess hefur beiðst fær vitneskju um það. Þegar héraðsdómara berst krafa frá lögreglu er ákveðið þinghald til að taka kröfuna fyrir. Gefin er út kvaðning á hendur þeim sem krafan beinist að. Skal honum gefinn kostur á að tjá sig um kröfuna og má í því skyni veita frest í tvo sólarhringa. Nálgunarbanni skal afmarkaður ákveðinn tími sem ekki má vera lengri en eitt ár. Nálgunarbannsúrskurður verður ekki framlengdur nema með nýjum dómsúrskurði. Úrskurð má kæra til Hæstaréttar, en kæra frestar ekki framkvæmd nálgunarbanns.⁸³ Nálgunarbannsheimild er í 1. gr. laganna:

Heimilt er að leggja bann við því að maður komi á tiltekinn stað eða svæði, veiti eftirfjör, heimsæki eða setji sig með öðru móti í samband við annan mann ef rökstudd ástæða er til að ætla að hann muni fremja afbrot eða raska á annan hátt friði þess manns sem í hlut á

Þegar þær ástæður sem nálgunarbannsúrskurður byggðist á eru ekki lengur til staðar getur lögregla felld hann úr gildi. Heimilt er að kæra þá ákvörðun til saksóknara eins og ákvörðun lögreglu um að verða ekki við beiðni um nálgunarbannskröfu.

Í nefndaráliti frá minnihluta Allsherjarnefndar Alþingis vegna frumvarps til laga um nálgunarbann kemur fram að minnihluti nefndarinnar telji gildandi lagaákvæði hafa reynst veik.⁸⁴ Þau hafi ekki gegnt því hlutverki sem þeim var ætlað og ekki uppfyllt þær væntingar sem gerðar voru til þeirra. Minnihluti nefndarinnar vill því gera lögin virkari fyrir þolendur heimilisofbeldis/ofbeldis í nánnum samböndum með því að bæta við þau ákvæði um brottvísun af heimili og heimsóknarbann. Þar hefði lögregla við tiltekna kringumstæður heimild til að fjarlægja ofbeldismenn af heimili sínu og banna þeim heimsóknir þangað og í nánasta umhverfi í tiltekinn tíma. Minnihluti nefndarinnar lagði einnig til að heimild til beitingu nálgunarbanns yrði færð frá dómstólum til lögreglu.⁸⁵

⁸² Í lögnum segir í 2. gr. að hafni lögregla að krefjast nálgunarbanns geti sá er það um það kært ákvörðun lögreglu og skuli farið eftir sömu reglum og gilda um kærðu ákvörðunar lögreglu að fella niður saksókn máls. Þær reglur er að finna í 5. og 6. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála.

⁸³ Samkvæmt 193. gr. sml. frestar kæra ekki framkvæmd.

⁸⁴ Þau sem voru í lögum nr. 19/1991.

⁸⁵ Nefndarálit minnihluta Allsherjarnefndar Alþingis. Alþingi, 9. sept. 2008. Alma Lísu Jóhannsdóttir.

Framkvæmd nálgunarbands, eins og það birtist í lögum um nálgunarbann getur tekið allt of langan tíma. Nálgunarbann er neyðarúrræði sem ætti að vera mögulegt að grípa til strax, þar sem hætta, jafnvel yfirvofandi hætta, er á ferðum fyrir þann sem biður um vernd. Það getur tekið allt að því fimm daga að fá nálgunarbannsúrskurð ef allir frestir eru nýttir.

Í barnaverndarlögum nr. 80/2002 er heimild til þess að fjarlægja ofbeldismann af heimili séu börn þar og beita jafnframt nálgunarbanni skv. 37. gr. laganna sem hljóðar svo:⁸⁶

Ef barnaverndarnefnd þykir barni háski búinn af háttsemi eða framferði manns, svo sem vegna ofbeldis, ógnana eða hótana eða vegna vímuefnaneyslu eða annars athæfis, getur nefndin krafist þess fyrir dómi að viðkomandi verði bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðrum hætti í samband við barn. Enn fremur er með sama hætti heimilt að krefjast þess að manni verði bönnuð dvöl á heimili ef nefndin telur það nauðsynlegt vegna hagsmuna barns. Um málsmeðferð gilda að öðru leyti ákvæði laga um nálgunarbann.

Barnaverndarnefnd gerir kröfu um brottvikningu og nálgunarbann fyrir dómara sem tekur hana til úrskurðar. Um málsmeðferð fer eftir lögum um nálgunarbann.

Dómsmálaráðherra stefnir að því haustið 2010 að leggja fram frumvarp þess efnis að heimildir til að fjarlægja ofbeldismann af heimili verði rýmkaðar. Vill ráðherra einnig að skoðað verði hvers vegna brottvísunarákvæði barnalaga hafi ekki verið notað til þessa.⁸⁷

4. Meðferðarúrræði

Meðferðarúrræði fyrir karla sem beita ofbeldi í nánnum samböndum eru ekki mörg á Íslandi. Eina sérhæfða meðferðarúrræðið sem körlum býðst er „*Karlar til ábyrgðar*“ KTÁ. KTÁ byggir á reynslu norsku samtakanna „*Alternativ til vold*“ sem starfað hafa frá árinu 1987.⁸⁸ Karlar til ábyrgðar hófst með ráðstefnu karlanefndar jafnréttisráðs árið 1994. Verkefnið var tilraunaverkefni á árunum 1998-2002 og komu rúmlega 70 karlar til meðferðar á því tímabili. Boðið var upp á einstaklings- og hópmeðferð hjá sálfræðingum. Um 30 karlar komu í viðtöl 1 – 2 sinnum, en 43 héldu áfram í meðferð. 23 þeirra voru kvæntir, 13 í sambúð og 7 fráskildir. Verkefninu var hætt sökum fjárskorts 2002 en árið 2006 var verkefninu haldið áfram með samningi við Félagsmálaráðuneytið.⁸⁹ Sálfræðingar sjá um meðferð en markmið hennar er að veita körlum sem beitt hafa ofbeldi í nánnum samböndum meðferð og aðstoð séu þeir reiðubúnir að leita sér hjálpar. Fremjendur koma sjálfviljugir og axla sjálfir ábyrgð á

⁸⁶ Barnaverndarlög nr. 80/2002.

⁸⁷ Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra, „Ofbeldismenn bornir út“, *Morgunblaðið* 14. apríl 2010.

⁸⁸ Ingólfur V. Gíslason, *Ofbeldi í nánnum samböndum. Orsakir, afleiðingar, úrræði*, bls. 129.

⁸⁹ Karlar til ábyrgðar. <http://www.karlarilabyrgdar.is/kti/default.aspx>

ofbeldinu. Lögð er áhersla á einstaklingsmeðferð og getur hún staðið frá sex mánuðum til tveggja ára.⁹⁰ Meðferð byggir á aðstoð við hegðunarbreytingu með hugrænni atferlismeðferð. Í upphafi eru þrjú einstaklingsviðtöl tekin við þann sem leitar sér aðstoðar til að greina vandann og í kjölfarið ákveðið hvort halda eigi áfram einstaklingsviðtölum eða hvort hópmeðferð henti betur. Þeir sem leita sér meðferðar greiða fyrir hana en að mestum hluta er meðferðin greidd af Félagsmálaráðuneytinu.⁹¹

⁹⁰ Um Karlar til ábyrgðar, Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

<http://www.felagsmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/2735>

⁹¹ Ingólfur V. Gíslason, *Ofbeldi í nánum samböndum. Orsakir, afleiðingar, úrræði*, bls.129-130.

VI. Alþjóðlegir mannréttindasáttmálar sem Ísland er aðili að

Ísland er aðili að fjölmörgum alþjóðasáttmálum sem hafa það markmið að vernda mannréttindi og mannfrelsi. Alþjóðasáttmálar til verndar mannréttindum hafa verið gerðir á vettvangi Evrópuráðsins, Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana. Áhrif þessara alþjóðasamþykktanna hafa vaxið jafnt og þétt undanfarna áratugi og gætir þeirra bæði í lagasetningu og dómaframkvæmd hér á landi. Mikilvægastur alþjóðasáttmála fyrir íslenskan rétt og jafnframt sá elsti er „*samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis*“ eða „*Mannréttindasáttmáli Evrópu*“ skammstafað MSE.⁹² Hann var samþykktur af Evrópuráðinu 4. nóvember 1950. Íslendingar undirrituðu sáttmálann sama dag og voru í hópi fyrstu þjóða sem það gerðu. MSE var fullgiltur hér á landi 19. júní 1953 og lögfestur árið 1994 með lögum nr. 62/1994.⁹³ Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafa verið samþykktir sáttmálar til verndar mannréttindum sem Ísland á aðild að. Árið 1948 var samþykkt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna mannréttindayfirlýsing, „*Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna*“.⁹⁴ Má segja að yfirlýsingin hafi lagt grunninn að mannréttindasamningum á alþjóðavettvangi.⁹⁵ Þar urði ríki sammála um ákveðin réttindi sem leggja skyldi áherslu á. Samþykktir voru samningar sama efnis annars vegar „*samningur um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi*“⁹⁶ og hins vegar „*samningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi*“.⁹⁷ Báðir samningarnir eru frá árinu 1966. Ísland gerðist aðili að samningunum árið 1979.⁹⁸ Síðan þá hafa verið gerðir við þá viðaukar og bókanir. Fleiri sáttmálar hafa verið gerðir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Sem dæmi má nefna „*Samning gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu*“⁹⁹ frá árinu 1984. Ríki hafa einnig unnið saman að því að vernda afmörkuð réttindi eða réttindi ákveðinna hópa samfélagsins, eins og réttindi kvenna, barna og minnihlutahópa.

⁹² Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttindasáttmáli Evrópu), 4. nóvember 1950. *Stjórnartíðindi*, A-deild, nr. 11/1954 og C-deild, nr. 58/1958, nr. 17/1967, nr. 39/1991, nr. 19/1995, nr. 20/1995 og nr. 23/1998.

⁹³ Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, *Alþjóðlegir mannréttindasamningar sem Ísland er aðili að*, Háskólaútgáfan Reykjavík 2003, bls. 5., og Davíð Þór Björgvinsson, „Mannréttindasáttmáli Evrópu. meginatriði, skýring og beiting.“ Í *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á Íslenskan rétt*, Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, lagadeild Háskólans í Reykjavík, Reykjavík 2005, bls. 31-32.

⁹⁴ Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, *Alþjóðlegir mannréttindasamningar sem Ísland er aðili að*, bls. 9.

⁹⁵ Sama heimild, bls. 6.

⁹⁶ Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, 16. desember 1966. *Stjórnartíðindi*, C-deild, nr. 10/1979 og nr. 28/1993.

⁹⁷ Alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, 16. desember 1966. *Stjórnartíðindi*, C-deild, nr. 10/1979.

⁹⁸ Björg Thorarensen og Pétur Leifsson, *Kaflar úr þjóðarétti*, bls. 149-150.

⁹⁹ Samningur gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, 10. desember 1984. *Stjórnartíðindi*, C-deild, nr. 19/1996.

Sem dæmi má nefna „*samning um réttindi barnsins*“ frá árinu 1989¹⁰⁰ og „*samning um afnám allrar mismununar gagnvart konum*“ frá árinu 1979 sem Ísland fullgilti árið 1985.¹⁰¹

Aðildarríkin hafa stofnað alþjóðastofnanir og sérstaka dómstóla sem hafa eftirlit með því hvort ríki uppfylli skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum. Þeim hefur verið veitt vald til þess að taka við kærur og úrskurða um hvort ríki hafi gerst brotlegt. Sem dæmi má nefna Mannréttindadómstól Evrópu, skammstafað MDE, en niðurstaða hans er bindandi fyrir aðildarríkin.¹⁰²

1. Mannréttindi kvenna

Þegar réttindi kvenna eru skoðuð sérstaklega kemur í ljós að þrátt fyrir að allir almennu mannréttindasamningarnir sem samþykktir hafa verið eigi ekki síður við um konur en karla hefur þótt ástæða til að semja og samþykkja sérstakar yfirlýsingar og sérstaka sáttmála til verndar réttindum kvenna. Þetta er gert vegna þess að konur um allan heim eru beittar misrétti og kynbundnu ofbeldi af hálfu karla og virðast ekki njóta þeirra grundvallarmannréttinda sem fyrri sáttmálar kveða á um.¹⁰³ Með þessu er leitast við að tryggja konum sérstaka vernd gegn kynbundnu ofbeldi og mismunun á grundvelli kynferðis.

1.1. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna

Fyrst ber að geta samnings um afnám allrar mismununar gagnvart konum, CEDAW. Sáttmálinn var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1979 og öðlaðist gildi hér á landi 18. júní 1985. Sáttmálanum er ætlað að afnema alla mismunun gagnvart konum. Litið hefur verið svo á að ákvæði hans eigi einnig við um ofbeldi gegn konum.¹⁰⁴

Sérstök nefnd, CEDAW-nefndin, var stofnuð 1982 til þess að hafa eftirlit með því að samningnum væri framfylgt. Nefndin aflar upplýsinga frá aðildarríkjum um aðgerðir þeirra til að takmarka mismunun og ofbeldi gegn konum og stuðning þeirra við konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi. Nefndin sendir aðildarríkjum tilmæli og tillögur um aðgerðir til að spyrna við ofbeldi sem konur eru beittar. Sérstök yfirlýsing var samþykkt 20. desember 1993, á 85. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, „*Yfirlýsing um afnám ofbeldis gegn konum*“.¹⁰⁵ Þar var áréttað að ofbeldi gegn konum væru mannréttindabrot og alheimsvandamál. Áhyggjum var af

¹⁰⁰ Samningur um réttindi barnsins, 20. nóvember 1989. *Stjórnartíðindi*, C-deild, nr. 18/1992.

¹⁰¹ Samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum, 18. desember 1979. *Stjórnartíðindi*, C-deild, nr. 5/1985.

¹⁰² Björg Thorarensen og Pétur Leifsson, *Kaflar úr þjóðarétti*, bls. 146-147.

¹⁰³ Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, *Alþjóðlegir mannréttindasamningar sem Ísland er aðili að*, bls. 135.

¹⁰⁴ Skýrsla dómsmálaráðherra, *um forvarnir gegn heimilisofbeldi, hjálparúræði fyrir þolendur og meðferðarúræði fyrir gerendur*. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti 1998, bls. 2.

¹⁰⁵ Yfirlýsing Sameinuðu þjóðanna um afnám ofbeldis gegn konum, 20. desember 1993.

því lýst að sumir hópar kvenna væru í sérstakri hættu á að verða fyrir ofbeldi, eins og til dæmis stúlkur, eldri konur, fatlaðar konur, konur í fangelsum, konur á stofnunum, konur á stríðssvæðum og konur í minnihlutahópum.¹⁰⁶ Vert er einnig að nefna aðgerðaáætlun sem samþykkt var á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking sumarið 1995, Pekingáætlunin, sem fjallar um nauðsynlegar aðgerðir til að sporna gegn ofbeldi gegn konum og útrýma því.¹⁰⁷ Árið 1999 var samþykkt valfrjáls bókun við CEDAW sem öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 6. júní 2001, CEDAW-OP.¹⁰⁸ Aðalritari Sameinuðu þjóðanna Kofi Annan, sagði í skýrslu sinni um ofbeldi gegn konum árið 2006, að ríkjum bæri skylda til að verja konur gegn ofbeldi. Gera ætti fremjendur ábyrga fyrir ofbeldi sem þeir beittu, tryggja ætti réttlæti og úrræði fyrir þolendur. Hann sagði eitt af mikilvægustu verkefnum okkar tíma að eyða öllu ofbeldi gegn konum. Nota yrði í ríkara mæli og á markvissari hátt þá þekkingu, þær aðferðir og úrræði sem við höfum nú þegar til þess að bregðast við, koma í veg fyrir og binda enda á ofbeldi gegn konum. Það krefðist pólitísku vilja og staðfestu stjórnvalda.¹⁰⁹

1.2. Á vettvangi Evrópuráðsins

Evrópuráðið byggir starf sitt um afnám ofbeldis gegn konum á Mannréttinda sáttmála Evrópu, MSE, frá árinu 1950, á „Félagsmálasáttmála Evrópu“ frá árinu 1961¹¹⁰ og á „Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu“ frá árinu 1987.¹¹¹ Undir lok áttunda áratugarins kom ábending frá Jafnréttisnefnd Evrópuráðsins þess efnis að beita þyrfti sérstökum aðferðum á vettvangi þess í baráttunni gegn ofbeldi á konum innan fjölskyldu, á vinnustöðum og í samfélaginu öllu. Evrópuráðið gerði árið 1980 aðgerðaáætlun sem stuðla átti að auknu jafnrétti. Tvö tilmæli til aðildarríkja voru samin á þessum tíma af Evrópuráðinu, árið 1985 og 1990, er vörðuðu ofbeldi gagnvart konum og viðbrögð við því. Þar komu fram tillögur að leiðum til að berjast gegn ofbeldi innan fjölskyldna, fyrirbyggjandi aðgerða, tilkynninga um ofbeldi og sérstakra aðgerða þegar ofbeldi hefur átt sér stað.

Yfirlýsing Evrópuráðsins um aðgerðir til að draga úr ofbeldi gagnvart konum í lýðræðislegri Evrópu var samþykkt á jafnréttisráðstefnu Evrópuráðsins í Róm 1993. Þar kom

¹⁰⁶ Skýrsla dómsmálaráðherra, um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum, bls. 5.

¹⁰⁷ Skýrsla dómsmálaráðherra, um forvarnir gegn heimilisofbeldi, hjálparúrræði fyrir þolendur og meðferðarúrræði fyrir gerendur, bls. 4.

¹⁰⁸ Valfrjáls bókun við samning um afnám allrar mismununar gagnvart konum, 6. október 1999. *Stjórnartíðindi*, C-deild, nr. 4/2001.

¹⁰⁹ Report of the Secretary-General, *In-depth study on all forms of violence against women*, 6 júlí 2006, bls. 9.

¹¹⁰ Félagsmálasáttmáli Evrópu, 18. október 1961. *Stjórnartíðindi*, C-deild, nr. 3/1976.

¹¹¹ Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, 26. nóvember 1987. *Stjórnartíðindi*, C-deild, nr. 19/1990 og 22/1995.

fram að ofbeldi gegn konum fæli í sér hindrun í þróun lýðræðislegra þjóðfélaga sem byggðist á réttaröryggi þegnanna. Evrópuráðið gaf út skýrslu sérfræðinganeftar um baráttu gegn ofbeldi gagnvart konum árið 1997. Þar er aðgerðaáætlun sett fram sem byggir á markmiðinu „zero tolerance“ eða „ekkert umburðarlyndi“ gagnvart ofbeldi sem konur verða fyrir, öryggi kvenna og jafnrétti skulu vera í forgangi. Evrópuráðið hvetur þar ríki til að veita afnámi ofbeldis forgang og segir allt ofbeldi gagnvart konum óásættanlegt og bendir á að ríki verði markvisst að framfylgja lögum og að refsingar eigi að vera í samræmi við alvöru brotsins. Ríki verði að endurskoða löggjöf sína, réttarfar og beitingu laga þannig að fram komi skýr skilaboð um fordæmingu samfélagsins á ofbeldi gegn konum.¹¹² Vert er einnig að minnast á tvö nýlegri tilmæli frá Þingi Evrópuráðsins. Það eru tilmæli nr. 1582 (2002) og tilmæli nr. 1681 (2004).¹¹³ Samkvæmt þeim beri að líta á ofbeldi í nánnum samböndum sem refsivert athæfi, að brotapolum skuli veitt betri lagaleg-, félagsleg og fjárhagsleg aðstoð og unnið verði gegn því að ofbeldi sé þaggað niður. Áhyggjum þingsins er lýst yfir umfangsmiklu og vaxandi ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum í aðildarríkjunum og hvetur þingið ríki til þess að bregðast við vandanum og gera baráttuna gegn ofbeldinu að helstu markmiðum sínum. Bent er á skyldur ríkja samkvæmt þjóðarrétti til að bregðast við ofbeldi sem konur eru beittar með árangursríkum aðferðum bæði hvað varðar forvarnir og refsingar.

1.3. Tilmæli og athugasemdir sem sérstaklega er beint til íslenska ríkisins

Alþjóðlegar eftirlitsstofnanir á sviði mannréttinda hafa lýst áhyggjum sínum af hárrí títíni ofbeldis í nánnum samböndum á Íslandi og hvatt stjórnvöld til þess að bregðast við.¹¹⁴

Árið 2003 sendi nefnd, sem fylgist með því hvort ríki framfylgi alþjóðasáttmála Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, íslenskum stjórnvöldum athugasemdir. Þar lýsir nefndin áhyggjum sínum vegna ofbeldis í nánnum samböndum á Íslandi og hvetur til að hér verði sett sérstök löggjöf til að taka á vandamálinu. Í lokaathugasemdum sínum lagði nefndin áherslu á að sett yrði sérstök löggjöf gegn kynbundnu ofbeldi.¹¹⁵ Í lokaathugasemdum Mannréttindaneftar Sameinuðu þjóðanna við fjórðu skýrslu Íslands, um framfylgd alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi frá 2005, eru íslensk stjórnvöld hvött til að „gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til

¹¹² Skýrsla dómsmálaráðherra, um forvarnir gegn heimilisofbeldi, hjálparúræði fyrir þolendur og meðferðarúræði fyrir gerendur, bls. 4.

¹¹³ Tilmæli þings Evrópuráðsins nr: 1582 (2002), Domestic violence against women og tilmæli Þings Evrópuráðsins nr: 1681 (2004), Campaign combat domestic violence against women in Europe.

¹¹⁴ Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um nálgunarbann, heildarlög, 135. löggjafing 2007, 2008, 294. mál.

¹¹⁵ Concluding Observations of the Committee on Economic, Social and Cultural Rights: Iceland, 23/05/2003,E/C.12/1/Add.89.

að tryggja konum viðeigandi vörn gegn heimilisofbeldi“. Nefndin lýsir m.a áhyggjum sínum af virkni nálgunarbands.¹¹⁶

Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins hvatti íslensk stjórnvöld í skýrslu sem gerð var í kjölfar heimsóknar hans til Íslands, og birt var árið 2005, til þess að efla aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi. Hann bendir á að þrátt fyrir að fá ofbeldismál, þar á meðal vegna kynferðisofbeldis og nauðgana, séu kærð til lögreglu megi sjá af tölum bráðamóttöku, Neyðarmóttöku og Kvennaathvarfs að ofbeldi gegn konum sé enn alvarlegt vandamál á Íslandi. Hann hvetur íslensk stjórnvöld til að styðja betur við neyðarmóttöku þannig að hægt sé að taka þar við konum sem orðið hafa fyrir ofbeldi í nánnum samböndum og kynna fyrir öllum starfsstéttum, aðallega lögreglu, saksóknara og dómara, sem koma að ofbeldismálum gegn konum, alvarleika þessa málaflokks og möguleg úrræði eins og nálgunarband.¹¹⁷

2. Mannréttindasáttmáli Evrópu

Hér verður fjallað sérstaklega um Mannréttindasáttmála Evrópu, um þau réttindi sem hann verndar og helst reynir á þegar einstaklingar, oftast konur, eru beittar ofbeldi í nánnum samböndum. Einnig verður fjallað um jákvæðar og neikvæðar skyldur ríkja og um dóm Mannréttindadómstóls Evrópu, MDE, í málinu *Opuz* gegn *Tyrklandi* frá árinu 2009, en þar reyndi á ákvæði sáttmálans í máli konu frá Tyrklandi sem beitt var ofbeldi í nánnum sambandi. Þar reyndi á hvort ríki gerði nóg til þess að vernda mannréttindi eins og MSE kveður á um.

2.1. Jákvæðar skyldur ríkja

Í upphafi, við samþykkt MSE, var sáttmálinn einungis talinn verja mannréttindi borgaranna gagnvart yfirgangi, geðþóttaákvörðunum og mannréttindabrotum stjórnvalda eða ríkisins. Bann var lagt við ákveðnum athöfnum sem skert gætu réttindi borgaranna. Í dag eru ríki einnig talin bera skyldur til athafna eða jákvæðar skyldur. Það er skylda til að tryggja að réttindi þau er sáttmálanum er ætlað að vernda sé veitt fullnægjandi vernd með lögum. Þetta má glögg sjá í 1. mgr. 2. gr. MSE, en þar segir í fyrri hluta málsgreinarinnar að rétturinn til lífs skuli verndaður með lögum, sem er jákvæð skylda ríkis, og í seinni hluta málsgreinarinnar segir að bannað sé að taka líf annars manns, sem er neikvæð skylda ríkis.¹¹⁸ Á ríki hvílir sú lágmarksskylda að setja lög sem banna manndráp og refsar ef því banni er ekki

¹¹⁶ Lokaathugasemdir Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna um fjórðu skýrslu Íslands um framfylgd alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi. CCPR/C/CO/83/ICE.

¹¹⁷ Report by Mr. Alvaro Gil-Robles, Commissioner for human rights, on his visit to the Republic of Iceland, 4-6 July 2005.

¹¹⁸ Hjördís Björk Hákonardóttir, “Réttur til lífs“ *Í Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*, bls. 89.

hlýtt. Eins þurfa lög að vera skýr svo borgararnir geti fylgt þeim.¹¹⁹ MDE hefur í mörgum málum staðfest að ríki beri jákvæðar skyldur.¹²⁰

Það sem helst á reynir í málum þar sem ofbeldi í nánnum samböndum hefur átt sér stað eru brot ríkja á jákvæðum skyldum sínum. Í þeim tilvikum hefur ríki mistekist að veita þolanda ofbeldis vernd. Annað hvort hefur því ekki tekist með löggjöf sinni eða öðrum úrræðum að vernda þolendur ofbeldis fyrir ofbeldismanninum og stemma stigu við broti eða mistekist að draga menn til refsíabyrgðar fyrir verknað. Í flestum vestrænum ríkjum hefur löggjöf verið hagað þannig að hún standist kröfur MSE en framfylgd þeirra er í mörgum tilvikum ábótavant.

2.2. Skyldur samkvæmt MSE

Þau réttindi Mannréttindasáttmála Evrópu sem helst eiga við þegar um ofbeldi í nánnum samböndum ræðir eru 2. gr., sem kveður á um að réttur manna til lífs skuli verndaður með lögum; 3. gr., sem bannar pyndingar, ómannlega og vanvirðandi meðferð eða refsingu; 8. gr., sem verndar rétt til friðhelgi einkalífs; 13. gr., sem verndar rétt til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns fyrir opinberu stjórnvaldi og 14. gr., sem bannar mismunun, og kveður á um að réttindi samningsins skuli tryggð án nokkurs manngreinarálits svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar eða annarrar stöðu. Verður nú fjallað nánar um ákvæði 2. gr., 3. gr. og 14. gr.

2. gr. MSE., sbr. 2. gr. laga nr. 62/1994

1. Réttur hvers manns til lífs skal verndaður með lögum. Engan mann skal af ásettu ráði svipta lífi, nema sök sé sönnuð og fullnægja skuli refsidómi á hendur honum fyrir glæp sem dauðarefsingu varðar að lögum...

Á ríkisvald er lögð sú skylda samkvæmt 1. ml. 1. mgr. 2. gr. að tryggja að réttinum til lífs sé veitt fullnægjandi vernd með lögum og skylda til að framfylgja þeim.¹²¹ Ríkjum ber skylda til þess að bregðast við með viðeigandi hætti til að tryggja öryggi allra sem á yfirráðasvæði þeirra eru.¹²² Stjórnvöld eiga að sinna almennri lög- og öryggisgæslu, með því að rannsaka mál, handtaka og ákæra grunaða menn og refsa þeim ef þeir eru sakfelldir. Kröfur um löggæslu eiga þó að vera innan skynsamlegra marka.¹²³ Ekki er hægt að ætlast til að ríki geti tryggt öryggi allra þegna sinna alltaf með eftirliti, en ríkjum ber í ákveðnum tilfellum jákvæð

¹¹⁹ Hjördís Björk Hákonardóttir, “Réttur til lífs“ bls. 91.

¹²⁰ Sem dæmi má nefna tvo eftirfarandi dóma: *L.C.B. gegn Bretlandi* frá 9. júní 1998 RJD 1998-III og *Öneryildiz gegn Tyrklandi* 30. nóvember 2004.

¹²¹ Hjördís Björk Hákonardóttir, “Réttur til lífs“ bls. 89-91.

¹²² Dómur MDE, *L.C.B. gegn Bretlandi* 9. júní 1998, RJD 1998-III.

¹²³ Hjördís Björk Hákonardóttir, “Réttur til lífs“ bls. 94.

skylda til þess að verja líf borgara sem er í hættu. Til þess að ríki geti talist hafa brotið 2. gr. MSE. á þann hátt að hafa ekki brugðist við yfirvofandi lífshættu, verður að gera þá kröfu að ríki hafi vitað eða mátt vita af þeirri hættu sem einstaklingur var í eins og fram kom í máli *Osman gegn Bretlandi*.¹²⁴

3. gr. MSE., sbr. 3. gr. laga nr. 62/1994 og 68. gr. stjórnarskrár

Enginn maður skal sæta pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Sú vernd sem ákvæðið á að tryggja er fortakslaus og er ekki gert ráð fyrir undantekningum eða skerðingu á henni.¹²⁵ 3. greinin er ein af mikilvægustu greinum sáttmálans og tryggir grundvallargildi lýðræðisþjóðfélags, þ.e. bannar alla illa meðferð á fólki. Mannréttindadómstóllinn telur að skylda hvíli á ríkjum til að bregðast við þesskonar meðferð verði þau vör við hana. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur skýrt hugtök ákvæðisins í dómum sínum.¹²⁶

Pynding: *Vísitandi ómannleg meðferð sem veldur mjög alvarlegum og grimmilegum þjáningum.*

Ómannleg meðferð eða refsing: *Einstaklingur verður fyrir miklum líkamlegum og sálrænum þjáningum.*

Vanvirðandi meðferð: *Ill meðferð, sem ætlað er að valda einstaklingi ótta, angist og vanmætti, sem er til þess fallin að niðurlægja hann og lítillækka og brjóta niður líkamlegt og andlegt móttöðuafl hans.*

Ef meðferð fellur undir einhverja þessara þriggja flokka er um brot á 3. gr. að ræða.¹²⁷

MDE hefur túlkað 3. gr. þannig að til þess að hún eigi við þurfi harðræði sem beitt er að ná vissu lágmarki til að rúmast innan ákvæðisins. Engir hlutlægir mælikvarðar eru fyrir meðferð sem fellur undir ákvæðið. Mat á því hvort meðferð falli þar undir er háð lengd meðferðar, líkamlegum og sálrænum afleiðingum hennar fyrir einstakling, kyn, aldur og heilsufar hans. Meta þarf allar aðstæður og öll málsatvik við ákvörðun um það hvort þjáning hafi náð lágmarki og teljist til ómannlegrar eða vanvirðandi meðferðar. Hið sama gildir um mat á því hvort um sé að ræða pyndingar.¹²⁸ Angist eða sálarkvöl hefur MDE talið falla undir

¹²⁴ Dómur MDE, *Osman gegn Bretlandi*, 28. október 1998, RJD 1998-VIII og *Kontrová v. Slovakia*, no. 7510/04 § 49. ECHR 2007.

¹²⁵ Guðrún Gauksdóttir, „Bann við pyndingum“ *Í Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*, bls.110-112.

¹²⁶ Sama heimild, bls. 114-115.

¹²⁷ Sama heimild, bls. 114-115.

¹²⁸ Dómur MDE, *Írland gegn Bretlandi* frá 18. janúar 1978, Series A. 25.

3. gr. og ef hún er mjög alvarleg, þá sem pyndingar.¹²⁹ Ásetningur eða afstaða fremjanda hefur ekki áhrif á mat á því hvort hegðun eða meðferð fellur undir 3. gr., heldur er litið til áhrifa meðferðar á þolandann. Mismunun á grundvelli kynþáttar hefur verið túlkuð af dómstólnum sem vanvirðandi meðferð og líkamsrefsingar sem vanvirðandi refsing.¹³⁰

Sé ofbeldi af því tagi sem falla myndi undir 3. gr., og stjórnvöld vita af, hvílir á ríki jákvæð skylda til athafna. Ef ríki gerir það ekki og bregst jákvæðum skyldum sínum er það brot á 3. gr.¹³¹ Ríki skulu veita sérstaklega virka vörn gegn illri meðferð þegar varnarlausar manneskjur og börn eiga í hlut og grípa til raunhæfra aðgerða til að koma í veg fyrir að meðferðin haldi áfram.¹³² Í máli *A gegn Bretlandi*¹³³ hafði átta ára drengur sætt barsmíðum af hálfu stjúpföður síns, MDE taldi ríkið hafa brugðist skyldum sínum samkvæmt 3. gr. þar sem lög í landinu hefðu ekki veitt drengnum nægjanlega vernd gagnvart hegðun sem bönnuð er samkvæmt 3. gr. sáttmálans.¹³⁴ Í rannsókn sem gerð var á sálrænum áhrifum ofbeldis í nánum samböndum kom í ljós að sálræn áhrif þess eru samskonar og hjá þolendum pyndinga og þeirra sem hafa verið gíslar í haldi mannræningja.¹³⁵

14. gr. MSE., sbr. 14. gr. laga nr. 62/1994 og 65. gr. stjórnarskrárinnar

Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar,...

Greinin leggur á bann við mismunun. Það er mismunun þegar brotið er gegn grundvallarhugmyndum um jafnrétti.¹³⁶ Gildissvið 14. gr. er takmarkað og nær einungis til þeirra réttinda sem kveðið er á um í sáttmálanum.¹³⁷ Við mat á því hvort 14. gr. hafi verið brotin, beitir dómstóllinn aðferð við greiningu málsins sem sjá má í málunum *Rasmussen gegn Danmörku og Thlimmenos gegn Grikklandi*.¹³⁸

1. Kannað er hvort fyrir liggja mismunandi meðferð sambærilegra tilvika eða sambærileg meðferð mjög ólíkra tilvika.

¹²⁹ Guðrún Gauksdóttir, „Bann við pyndingum“ bls. 112.

¹³⁰ Guðrún Gauksdóttir, „Bann við pyndingum“ bls. 117.

¹³¹ Dómur MDE, *H.L.R. v. France*, 29 April 1997, § 40, Reports 1997-III.

¹³² Dómar MDE, *Z og fl. gegn Bretlandi* frá 10. maí 2001, RDJ 2001-V. og *E og fl. gegn Bretlandi* frá 26. nóvember 2002.

¹³³ Dómur MDE, *A gegn Bretlandi* frá 23. september 1998, RJD 1998-VI.

¹³⁴ Guðrún Gauksdóttir, „Bann við pyndingum“ bls.129.

¹³⁵ Shazia Choudhry and Jonathan Herring, „Righting Domestic Violence“, *International Journal of Law, Policy and the Family* 20, 2006, bls. 97, og Graham, D., Rawlings, E. and Rimini, N. 1998 „Survivors of terror: Battered Women hostages and the Stockholm syndrome“ in K. Yillo and M. Bograd (ed) „*Feminist Perspectives of Wife Abuse*“, London: Sage.

¹³⁶ Oddný Mjöll Arnardóttir, „Bann við mismunun“ „Í Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt“, bls. 434.

¹³⁷ Oddný Mjöll Arnardóttir, „Bann við mismunun“ bls. 436.

¹³⁸ Sama heimild, bls. 444.

2. *Metið er hvort meðferð tilvikanna verði réttlætt með hlutlægum og málefnalegum ástæðum. Við mat á því hvort hlutlægar og málefnalegar ástæður eru fyrir hendi er litið til þess hvort sú meðferð sem kvartað er undan stefni að lögmætu markmiði og hvort gætt sé meðalhófs þannig að ekki sé gengið lengra en þörf krefur í því skyni að ná því markmiði sem stefnt er að.*
3. *Við mat á því hvort hlutlægar og málefnalegar ástæður eru fyrir hendi njóta ríki ákveðins svigrúms til mats (e. margin of appreciation) sem er breytilegt eftir aðstæðum máls*

Um er að ræða tvenns konar mismunun: annars vegar beina mismunun þegar einstaklingar í samskonar aðstæðum eru beittir mismunandi meðferð án þess að hlutlægar eða málefnalegar ástæður standa þar að baki eða einstaklingar í mjög ólíkum aðstæðum eru beittir sömu meðferð¹³⁹ og hins vegar óbeina mismunun þegar almennar reglur eða aðgerðir stjórnvalda hafa mismunandi áhrif á hópa samfélagsins. Mismununin bitnar þá frekar á einum hópi, þrátt fyrir að hafa ekki verið sérstaklega beint gegn honum.¹⁴⁰ 14. gr. bannar aðildarríkjum ekki að meðhöndla einstaklinga með mismunandi hætti með það að markmiði að rétta skarðan hlut þeirra, heldur getur ríki gerst brotlegt ef það mismunar ekki einstaklingum í þeim tilgangi að rétta hlut þeirra.¹⁴¹ Í þessu felst að sambærilegum tilvikum á að veita sambærilega meðferð og ólíkum tilvikum ólíka meðferð.¹⁴² Ríkjum ber jákvæð skylda til að tryggja að borgurum sé ekki mismunað. Þau skulu tryggja að vernd sé veitt að landsrétti gegn mismunun á ákveðnum sviðum réttarins.¹⁴³ Sá sem telur sig beittan misrétti þarf að sýna fram á mismunun og þá á hvaða grundvelli meðferðin byggist. Þegar kærandi hefur sýnt fram á mismunun er það ríkisins að réttlæta mismununina. Þær sönnunarkröfur sem gerðar eru til kæranda um að honum hafi verið mismunað eru ekki eins strangar þegar um óbeina mismunun er að ræða eins og varðandi beina mismunun.¹⁴⁴ Í svigrúmi ríkja til mats felst svigrúm eða frelsi ríkja til vals á leiðum við framkvæmd réttinda sem sáttmálinn verndar. Sjónarmið sem hafa áhrif á vilt eða þröngt svigrúm ríkja til mats kom fram í dómi MDE, *Rasmussen gegn Danmörku*:¹⁴⁵

Svigrúm til mats er breytilegt eftir aðstæðum máls, viðfangsefninu og bakgrunni þess; einn af áhrifaþáttunum sem skipta máli er hvort greina megi sameiginleg sjónarmið í lögum sammingsríkjanna.

¹³⁹ Dómar MDE, *Willis gegn Bretlandi* frá 11. júní 2002, RJD 2002-IV og *Rasmussen gegn Danmörku* frá 28. nóvember 1984. Series A. 87.

¹⁴⁰ Dómur MDE, *D.H. og fl. gegn Tékklandi* frá 13. nóvember 2007.

¹⁴¹ Dómur MDE, *Thlimmenos gegn Grikklandi* frá 6. apríl 2000, RJD-IV.

¹⁴² Oddný Mjöll Arnardóttir, „Bann við mismunun“ bls. 434.

¹⁴³ Sama heimild, bls. 440.

¹⁴⁴ Dómur MDE, *D.H. og aðrir gegn Tékklandi* frá 13. nóvember 2007.

¹⁴⁵ Oddný Mjöll Arnardóttir, „Bann við mismunun“ bls. 450.

Þrjú meginatriði hafa áhrif á hversu rúmt svigrúm ríkja er til mats í einstaka máli og hversu strangt 14. gr. verður beitt: 1) Hver er grundvöllur mismununar? (t.d. kynferði, kynþáttur, trúarbrögð). 2) Hvert er eðli kröfugerðar? (þ.e. á hverju byggir krafa, jákvæðum skyldum, neikvæðum skyldum, beinni eða óbeinni mismunun). 3) Á hvaða hagsmuni reynir í málinu? (t.d. starf eða öryggi borgarans).¹⁴⁶

Mismunun á grundvelli kynferðis kallar á stranga beitingu 14. gr. vegna þess að mismunun á þeim grundvelli er ein af „alvarlegum ástæðum“ mismununar. Hefur sú meginregla verið staðfest í mörgum dómum MDE.¹⁴⁷ Þegar um jákvæða skyldu ríkja er að ræða er ríkjum að jafnaði markað vítt svigrúm til mats en ef jákvæð skylda er brotin á grundvelli kynferðis geta einungis mjög mikilvægar ástæður réttlætt þá mismunun.¹⁴⁸

2.3. Mál Nahide Opuz gegn Tyrklandi fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu

Hér að framan hefur í stuttu máli verið gerð grein fyrir túlkun og meðferð MDE á þeim greinum sem taldar eru eiga helst við þegar ofbeldi í nánnum samböndum á sér stað, þ.e. þegar ríki hefur brotið ákvæði sáttmálans og ekki sinnt jákvæðum skyldum sínum gagnvart þolanda ofbeldis. Til glöggvunar á því hvernig dómstóllinn hefur túlkað þessar greinar verður fjallað um nýgenginn dóm í máli *Opuz gegn Tyrklandi*.¹⁴⁹ Um er að ræða mál konu sem sætti ofbeldi af hálfu eiginmanns síns í áraraðir án aðstoðar yfirvalda þótt þeim hefði átt að vera fullkunnugt um þá meðferð sem hún sætti.¹⁵⁰

2.3.1. Málavextir

Nahide kynntist H.O. þegar móðir hennar giftist föður hans A.O. árið 1990. Nahide og H.O. hófu sambúð það sama ár og gengu í hjónaband árið 1995, þau eignuðust þrjú börn 1993, 1994, og 1996. Vandræða varð vart strax í upphafi sambúðar þeirra.

1. Líkamsárás H.O. og A.O. á Nahide og móður hennar

10. apríl 1995 kærðu Nahide og móðir hennar líkamlegt ofbeldi og lífslátshótanir feðganna A.O. og H.O. Þær voru metnar af lækni óvinnufærar í fimm daga. Saksóknari ákærði mennina fyrir líkamlegt ofbeldi og líflátshótanir. Líkamsárásarhluti málsins var látinn niður falla vegna þess að Nahide og móðir hennar drógu kærurnar til baka, og því ekki lengur grundvöllur til saksóknar skv. tyrkneskum lögum. Síðar voru feðgarnir sýknaðir af líflátshótunum á grundvelli sönnunarskorts.

2. Líkamsárás H.O. á Nahide

11. apríl 1996 barði H.O. Nahid svo að af hlutust lífshættulegir áverkar. Sama dag var H.O. úrskurðaður í gæsluvarðhald.

¹⁴⁶ Oddný Mjöll Arnardóttir, „Bann við mismunun“ bls. 450.

¹⁴⁷ Dómar MDE, *Schuler-Zraggen* gegn *Sviss* frá 24. júní 1993 og *Karlheinz Schmidt* gegn *Þýskalandi* frá 18. júní 1994.

¹⁴⁸ Oddný Mjöll Arnardóttir, „Bann við mismunun“ bls. 451.

¹⁴⁹ Dómur MDE, *Nahide Opuz* gegn *Tyrklandi* frá 9. júní 2009.

¹⁵⁰ Niðurstaða MDE er endanleg. Tyrkneska ríkið nýtti sér ekki heimild 43. gr. MSE sem kveður á um að vísa megi máli til yfirdeildar dómstólsins. Áfrýjunarfrestur rann út 9. september 2009.

12. apríl var gefin út ákæra á hendur H.O. Nahide ítrekaði kærana á hendur H.O. fyrir dómara 14. maí. Í þinghaldinu lagði saksóknari til að H.O. yrði leystur úr gæsluvarðhaldi vegna eðli brotsins og vegna þess að Nahide hefði þegar öðlast fulla heilsu eftir árásina. Dómari lét H.O. lausan.

13. júní dró Nahide kærana til baka og sagði þau hjón hafa sæst.

18. júlí ákvað dómari að líkamsárásin skyldi heyra undir hegningarlagaákvæði sem áskilji kærna þolanda til að hægt sé að gefa út ákærna og felldi málið niður.

3. Líkamsárás H.O. á Nahide og móður hennar

5. febrúar 1998 lentu Nahide, móðir hennar og systir í „slagsmálum“ við H.O. Hann dró upp hníf og stakk konu sína. Nahide, móðir hennar og systir hlutu áverka og voru óvinnufærar í sjö, þrjá og fimm daga.

6. mars ákvað saksóknari að ákæra ekki. Hann taldi ekki næga sönnun liggja fyrir vegna hnífaárásarinnar. Hann ákvað jafnframt að barsmíðarnar og eignaspjöllin heyrðu undir einkamálalög en ekki sakamálalöggjöfina. Það væri ekki í þágu almannaheilla að ákæra.

Nahide flutti til móður sinnar í kjölfarið.

4. Líkamsárás H.O. á Nahide og móður hennar.

4. mars 1998 keyrði H.O. á Nahide og móður hennar. Móðir Nahide hlaut lífshættulega áverka. H.O. hélt því fram að hann hefði keyrt óvart á mæðgurnar, þær hefðu hent sér fyrir bílinn. Nahide hlaut áverka, var í fimm daga óvinnufær. 5. mars var H.O. úrskurðaður í gæsluvarðhald.

19. mars var ákæra gefin út. Hann var ákærður fyrir líflátshótanir og alvarlegar líkamsmeiðingar.

30. apríl var H.O. leystur úr gæsluvarðhaldi. Dómstóllinn sagðist ekki hafa lögsögu í málinu og sendi það til annars dómstóls sem flokkaði málið sem tilraun til manndráps. Fyrir dóminum hélt H.O. því áfram fram að atvikið hefði verið slys. Það staðfestu Nahide og móðir hennar og drógu kærurnar til baka.

9. júlí voru áverkar móður Nahide metnir að nýju. Niðurstaðan var sú að áverkarnir hefðu ekki verið lífshættulegir en væru það miklir að hún væri óvinnufær í 25 daga.

17. nóvember ákvað dómurinn að fella niður ákeyrslumálið gegn H.O. hvað Nahide varðaði vegna þess að hún dró kærana til baka, en að ákæra H.O. fyrir að hafa keyrt á móður hennar, vegna þess að áverkar hennar hefðu verið alvarlegir. Samkvæmt tyrkneskum lögum þarf þolandi að verða metin óvinnufær í 10 daga til að hægt sé að hefja mál án kærna þolanda, H.O. var sakfelldur vegna ákeyrslunnar og dæmdur til þriggja mánaða fangelsisvistar og sektar, seinna breytti dómurinn fangelsisrefsingunni í sekt.

20. mars 1998 sótti Nahide um skilnað á þeim grundvelli að maður hennar vanrækti skyldur eiginmanns og föður, beitti hana ofbeldi eins og fram kæmi í læknskýrslum, og kæmi heim með aðrar konur. Hún dró umsókn um skilnað til baka stuttu seinna vegna hótana og þrýstings frá eiginmanninum.

2. apríl 1998 komu Nahide og móðir hennar á lögreglustöð og báðu um vernd yfirvalda vegna líflátshótana H.O. Þær endurtóku fyrri kærur gegn H.O. og A.O. og sögðu að ef eitthvað kæmi fyrir þær myndi það vera þeim feðgum að kenna. Lögregla tók skýrslu af H.O. og A.O. daginn eftir og neituðu þeir báðir. Saksóknari ákærði þá báða fyrir líflátshótanir 14. apríl. Konurnar drógu kærur sínar til baka. Þeir voru sýknaðir vegna skorts á sönnunum.

Nahide flutti aftur til H.O.

5. Líkamsárás H.O. á Nahide

29. október 2001 stakk H.O. Nahide sjö sinnum með hnífi. Hún hlaut ekki lífshættulega áverka en var flutt á sjúkrahús. H.O. var handtekinn og sleppt eftir játningu. 12. desember var gefin út ákæra. H.O. sagði fyrir dómi ástæðu hnífaárásarinnar vera þá að hann vildi ekki að kona sín færi í heimsóknir til móður hennar. H.O. var sakfelldur og dæmdur til að greiða sekt.

31. október fór lögmaður móður Nahide til lögreglunnar að hennar beiðni til þess að láta vita af því ástandi sem þær mæðgur byggju við. Barsmíðar sem Nahide mátti þola af völdum H.O., líflátshótanir

og sögusagnir um að H.O. seldi konur. Lögfræðingurinn gagnrýndi hvernig fangelsisrefsingu hafði verið breytt í sekt þegar H.O. var sakfelldur fyrir að keyra móður Nahide niður.

6. Hótanir H.O.

14. nóvember 2001 kærði Nahide H.O. fyrir hótanir. Ákveðið var að ákæra ekki vegna skorts á sönnunum.

7. Móðir Nahide kærir líflátshótanir H.O. og A.O.

19. nóvember 2001 kærði móðir Nahide ættingja H.O. og A.O. og þá báða fyrir hótanir í sinn garð og dóttur sinnar. Þeir væru stöðugt að hóta sér lífláti, kæmu í garðinn hjá henni vopnaðir byssum og hnífum. H.O. neitaði öllu fyrir lögreglu.

10. október var H.O. ákærður fyrir líflátshótanir. Málinu var ólokið þegar Nahide sendi mál sitt til MDE.

Nahide sótti aftur um skilnað 14. desember 2001.

27. febrúar 2002 kom móðir Nahide á lögreglustöðina og sagði líflátshótanir H.O. hafa aukist jafnt og þétt. Hann og vinir hans væru sífellt að hringja í sig og hóta sér. Hún krafðist þess að fá vernd og að sími sinn yrði hleraður.

Nahide hafði búið hjá móður sinni frá hnífstunguárásinni þann 29. október 2001.

8. H.O. myrðir móður Nahide

11. mars 2007 skaut H.O. móður Nahid á götu. Hún lést samstundis. H.O. var ákærður 13. mars 2002, málið var enn fyrir dómstólum í Tyrklandi þegar Nahide sendi mál sitt til MDE.

H.O. var sleppt, vegna áfrýjunar málsins. Hann hefur reynt að hafa upp á Nahide. Hún hefur þurft að flytja oft og hefur beðið um að heimilisfangi sínu verði haldið leyndu. Hún bað um vernd yfirvalda, fékk hana ekki fyrr en rétt fyrir flutning málsins fyrir MDE.

2.3.2. Kæra til Mannréttindadómstóls Evrópu

Nahide kærði tyrkneska ríkið fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Hún taldi:

Að tyrkneska ríkinu hefði mistekist að vernda líf móður hennar, sem drepin var af eiginmanni hennar og brotið með því 2. gr. sáttmálans. Engar ráðstafanir hefðu verið gerðar til að vernda hana og móður hennar, þrátt fyrir ákvæði í tyrkneskum lögum sem mæla þar um.¹⁵¹ Lögregla hefði mörgum sinnum reynt að þvinga mæðgurnar til að kæra ekki og yfirvöld hefðu ekki brugðist við líflátshótunum H.O. Refsing sem H.O. var dæmd fyrir að hafa keyrt á móður hennar væri mun vægari en refsingar væru almennt fyrir samskonar brot.

Að aðgerðaleyzi ríkisins brjóti gegn 3. gr. sáttmálans. Hún væri fórnarlamb ofbeldis og hótana um líflát og líkamsmeiðingar sem jafna megi til pyndinga skv. 3. gr. Þrátt fyrir það hefðu yfirvöld sýnt aðstæðum hennar áhugaleyzi sem leitt hefði til mikils ótta og sársauka.

Að henni og móður hennar hefði verið mismunað á grundvelli kynferðis. Hún segir að innanlandslöggjöf í Tyrklandi væri ófær um að verja konur. Ofbeldi í nánnum samböndum og

¹⁵¹ Lög til verndar fjölskyldunni nr. 4320, frá árinu 1998. Ákvæði sem mælir fyrir um aðgerðir sem dómari getur gripið til ef ofbeldi í nánnum samböndum á sér stað, s.s. nálgunarbann, bann við samskiptum um fjarskiptatæki, bann við ofbeldi eða hótunum á heimilinu og skylda til að skila inn vopnum.

lífshætta kvenna vegna þess væri lítið mildum augum af yfirvöldum í þágu fjölskyldueiningar. Það brjóti gegn 14. grein sáttmálans.

2.4. Niðurstaða Mannréttindadómstóls Evrópu

2. gr. Dómurinn taldi að þrátt fyrir að tyrknesk lög áskildu kæru þolanda til að máli yrði haldið áfram (rannsókn og saksókn) hafi yfirvöld átt í ljósi ofbeldissögu H.O. að halda málum gegn honum áfram á þeim forsendum að almannaheill krefðust þess. Dómurinn tók ekki undir sjónarmið tyrkneska ríkisins, að friðhelgi einkalífs, sem verndað væri í 8. gr. sáttmálans, hefði staðið í vegi fyrir nauðsynlegum afskiptum af H.O. Ríkjum væri heimilt að skipta sér af einkalífi fólks til þess að koma í veg fyrir ólöglegt athæfi þess. Réttindi fremjenda ofbeldis ýttu ekki til hliðar réttindum þolanda til lífs og almennra mannréttinda. Þau réttindi sem til umfjöllunar væru, réttur til lífs og bann við pyndingum, illri og vanvirðandi meðferð, væru fortakslaus, ekkert gæti réttlætt brot á þeim. Dómurinn taldi fullvíst að yfirvöld í Tyrklandi hafi vitað um þá lífshættu sem Nahide og móðir hennar voru í og hafi í ljósi fyrri ofbeldisverka H.O. getað séð fyrir afleiðingarnar. Þegar ríkjum væri alvarleiki máls kunnur, eins og þessa máls, geti þau ekki borið fyrir sig hegðun þolanda sem ástæðu fyrir aðgerðaleysi sínu. Tyrkneska ríkið brást jákvæðum skyldum sínum gagnvart móður Nahide og braut því 2. gr. MSE.

3. gr. Dómurinn taldi Nahide falla í hóp varnarlausra einstaklinga, sem rétt ættu á sérstakri vernd ríkisins.¹⁵² Varnarleysi hennar stafi af langvarandi ofbeldi, stöðugum hótunum, ótta við frekara ofbeldi og félagslegri stöðu hennar sem kona í suðaustur-Tyrklandi. Dómurinn taldi að ofbeldið sem hún varð fyrir, bæði andlegt og líkamlegt, jafnaðist á við illa meðferð í skilningi ákvæðisins og væri nægjanlega alvarlegt til að falla undir 3. gr. Dómstóllinn hafnaði þeim málsástæðum tyrkneska ríkisins að rannsókn og saksókn gegn H.O. hefði verið hætt í mörgum málum vegna þess að kærur voru dregnar til baka og segir að lög í Tyrklandi hefðu átt að heimila áframhaldandi rannsókn og saksókn á þeim grundvelli að ofbeldið sem H.O. beitti væri nægjanlega alvarlegt og að Nahide hafi verið í raunverulegri hættu. Yfirvöld hefðu átt að eigin frumkvæði að veita Nahide þá vernd sem kveðið væri á um í tyrkneskum lögum, þ.e. lög til verndar fjölskyldunni nr. 4320. Dómurinn bendir er á að 11 aðildarríki MSE hafi ákveðið að saksókn skuli haldið áfram þar sem ofbeldi í nánú sambandi

¹⁵²Dómur MDE, A gegn Bretlandi frá 23. september 1998, RJD 1998-VI.

hefði átt sér stað, þótt þolandi þess hafi dregið kæru til baka.¹⁵³ Dómurinn bendir á að Nahide hafi enga vernd fengið frá yfirvöldum í Tyrklandi þrátt fyrir að H.O. hafi, eftir að hafa verið látinn laus úr fangelsi vegna áfrýjunar manndrápsmálsins, hafið á nýjan leik hótanir gegn henni. Brotin var 3. gr. MSE.

14. gr. Við ákvörðun og skilgreiningu á mismunun á grundvelli kynferðis skoðaði dómstóllinn þróun sambærilegra mála hjá aðildarríkjum MSE og þróun á alþjóðavettvangi. Dómstóllinn segir að ekki verði séð að lög um vernd fjölskyldunnar, nr. 4320 sé sem slíkum ábótavant, heldur séu miklir misbrestir á framkvæmd þeirra. Viðhorf og framkoma lögreglumanna og rannsakenda hafi verið ófullnægjandi. Málin voru ekki nægjanlega rannsökuð og kærendur voru hvattir til að draga kærur til baka og leysa málið heima. Lögreglumenn virðast líta á ofbeldið sem konurnar urðu fyrir sem einkamál fjölskyldunnar. Miklar tafir virðast vera á málum sem þessum innan dómskerfisins í Tyrklandi vegna þess að dómarar flokki þau sem skilnaðarmál, sem ekki hafi forgang. Fremjendur virðast ekki fá jafn þungar refsingar og aðrir sem beitt hafa ofbeldi, því litið sé á ofbeldi í nánnum samböndum sem heiðursmál (*e. matter of honor*). Ofbeldi sé liðið af yfirvöldum og aðgerðir stjórnvalda s.s. lagasetning, virki ekki sem skyldi. Aðgerðaleysi yfirvalda þegar komi að ofbeldi í nánnum samböndum hafi eingöngu áhrif á konur. Ofbeldi gegn þeim sé kynbundið ofbeldi sem er ein tegund mismununar. Aðgerðir yfirvalda hafi ekki verið nægjanlegar til þess að tryggja konunum þá vernd sem þær áttu rétt á samkvæmt 2. gr. og 3. gr. vegna kynferðis þeirra. Brotin var 14. gr. MSE, túlkuð með 2. gr. og 3. gr.

Þetta er í fyrsta sinn sem Mannréttindadómstóll Evrópu kemst að þeirri niðurstöðu að vanhæfi ríkis til að bregðast við kynbundnu ofbeldi gagnvart konum sé mismunun á grundvelli kynferðis og því brot á 14. gr. Mannréttinasáttmálans.¹⁵⁴ Það þykir einnig tíðindum sæta að Mannréttindadómstóllinn skuli telja konu sem býr við ofbeldi í nánu sambandi tilheyra hópi viðkvæmra einstaklinga sem þarf á sérstakri vernd ríkisins að halda. Börn hafa áður verið talin af dómstólnum tilheyra þessum hópi.

3. Fullnægir íslenska ríkið skuldbindingum sínum?

Af því sem fjallað hefur verið um að framan má sjá að Ísland hefur skuldbundið sig að þjóðarrétti til að standa vörð um mannréttindi kvenna, bæði hvað varðar löggjöf og framfylgni laga. Jákvæðar skyldur hvíla á íslenskum stjórnvöldum til að vernda alla íbúa

¹⁵³ Þetta eru Albanía, Austurríki, Bosnía Hersegóvína, Eistland, Grikkland, Ítalía, Pólland, Portugal, San Marínó, Spánn og Sviss.

¹⁵⁴ Sjá umfjöllun INTERIGHTS, <http://www.interights.org/opuz>

gegn pyndingum, ómannlegri og vanvirðandi meðferð verði þau vör við hana og er sú skylda ríkari þegar um er að ræða viðkvæma/varnarlaus einstaklinga.¹⁵⁵

Lagasetning til verndar þolendum ofbeldis verður að vera viðunandi og virk. Lög segja til um hvaða hegðun þegnanna er heimil og ekki síður hvaða hegðun ekki er heimil. Þau eru grundvöllur starfsemi lögreglu, saksóknara og annarra sem að málum koma. Þau veita þeim ákveðnar heimildir í störfum sínum og verða þess vegna að vera virk, skýr og nothæf í baráttunni gegn þessu ofbeldi.

Þótt lagasetning sé grundvöllur skyldna ríkja í þessum efnum dugar hún ekki ein og sér gegn því ofbeldi sem hér um ræðir, eins og glögggt má sjá í máli Nahide Opuz, sbr. kafla 2.3. Allir sem að þessum málum koma verða að gera sér grein fyrir eðli brotanna og þeirri stöðu sem þolendur þess eru í. Rannsóknir á sálrænum áhrifum ofbeldis í nánnum samböndum hafa leitt í ljós að þau eru samskonar og sálræn áhrif vegna pyndinga og þess að vera haldið í gíslingu af mannræningjum, eins og áður hefur komið fram.¹⁵⁶

Friðhelgi einkalífs eru mannréttindi sem oftast eru notuð til þess að réttlæta lítil eða engin afskipti yfirvalda af ofbeldi í nánnum samböndum. Ríki hafa talið friðhelgi einkalífs standa í vegi fyrir afskiptum lögreglu og nauðsynlegri lagasetningu til aðstoðar þolendum ofbeldisins. Í ljósi þess þarf að taka til skoðunar hvaða réttindi eru brotin í skjóli réttinda fólks til friðhelgi einkalífs. Eins og fjallað var um hér að framan eru réttindi fólks eins og réttur til lífs og bann við pyndingum, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð, réttindi sem brotin eru á þolendum ofbeldis í nánnum samböndum. Þau réttindi eru fortakslaus og ekkert getur réttlætt brot á þeim. Þau eru svonefnd „*Jus Cogens*“ réttindi sem eru talin slík grundvallarréttindi að hvorki neyðarréttur, stríðsástand né aðrar ástæður geti réttlætt að brotið sé á þeim.¹⁵⁷ Friðhelgi einkalífs má aftur á móti takmarka þegar grunur leikur á ólöglegu athæfi eða vegna réttinda annarra.¹⁵⁸ Það má því segja að mannréttindi hafi verið notuð til þess að réttlæta aðgerðaleyfi stjórnvalda sem er í raun brot á mannréttindum. Það vekur einnig umhugsun hversu lítið vísanir til grunnmannréttinda hafa verið notaðar af þeim sem hafa lagasetningarvald og af dómstólum í þessum málaflokki.¹⁵⁹

¹⁵⁵ Shazia Choudhry and Jonathan Herring, „Righting Domestic Violence“, bls. 95 og Sigrún Sigurðardóttir og Sigríður Halldórsdóttir, fyrirbærafræðileg rannsókn á langvarandi afleiðingum kynferðislegs ofbeldis í bernsku fyrir heilsufar og líðan íslenskra kvenna, „Tíminn læknar ekki öll sár“ *Tímarit hjúkrunarfræðinga* – 3. tbl. 85. árg. 2009. Á bls. 46 í niðurstöðum rannsóknarinnar, kemur fram að konur sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi í bernsku verða berskjaldaðri fyrir endurteknum áföllum síðar á lífsleiðinni.

¹⁵⁶ Shazia Choudhry and Jonathan Herring, „Righting Domestic Violence“, bls. 97, og Graham, D., Rawlings, E. and Rimini, N. 1998 „Survivors of terror: Battered Women hostages and the Stockholm syndrome“

¹⁵⁷ Björg Thorarensen og Pétur Leifsson, *Kaflar úr þjóðarétti*. bls. 149.

¹⁵⁸ 2. mgr. 8. gr. MSE og 2. mgr. 71. gr. stjórnarskrár Íslands.

¹⁵⁹ Shazia Choudhry and Jonathan Herring, „Righting Domestic Violence“, bls. 96.

Sjónarmið um að virða eigi sjálfsákvörðunarrétt þolanda ef hann dregur kæru til baka og eignarréttarsjónarmið í tilfalli brottvísunar fremjanda af heimili sínu hafa verið ríkjandi.¹⁶⁰ Vissulega á ríki ekki að brjóta rétt til friðhelgi einkalífs, en í ljósi þeirra alvarlegu mannréttindabrota sem um ræðir og ofbeldisins sem þolendur verða fyrir, geta þau sjónarmið ekki orðið ofan á. Eðli mannréttinda er að vernda réttindi fólks og verða þau réttindi ekki öll lögð að jöfnu. Sum réttindi vega þyngra en önnur, sem verður þá að skerða eða láta víkja. Það segir sig sjálft að ef þolandi pyndinga, ómannlegrar eða vanvirðandi meðferðar sem kærir ofbeldi og á einungis þann kost að snúa til baka til fremjanda ofbeldisins vegna félagslegra, fjárhagslegra eða annarra ástæðna, eru litlar líkur á að hann geti staðið við framlagða kæru. Þetta á sérstaklega við þar sem þolandinn getur ekki treyst á aðstoð yfirvalda til að fjarlægja ofbeldismanninn eða halda honum í skefjum. Á Íslandi eru vægari ofbeldisbrot háð kæru þolanda og saksókn felld niður ef kæra er dregin til baka.¹⁶¹ Það veitir hugsanlega ekki nægjanlega vernd. MDE hefur bent á að 11 aðildarríki Mannréttindasáttmálans hafi ákveðið að saksókn skuli haldið áfram þar sem ofbeldi í nánú sambandi hefur átt sér stað, þrátt fyrir að þolandi dragi kæru til baka. Þessi ríki eru Albanía, Austurríki, Bosnía, Hersegóvína, Eistland, Grikkland, Ítalía, Pólland, Portugal, San Marínó, Spánn og Sviss.

Íslendingar hafa fengið athugasemdir eins og nefnt var að framan m.a. frá Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna þar sem lýst er yfir áhyggjum vegna ofbeldis í nánú samböndum á Íslandi og virkni nálgunarbanns.¹⁶² Hér er enn seinvirkt nálgunarbannsákvæði. Krafa um nálgunarbann er háð kröfu þolanda og getur tekið allt að fimm daga að fá nálgunarbannsúrskurð. Líklegt er að ofbeldismaður, sem talið er að þurfi að halda í skefjum með nálgunarbanni, hafi getað haldið þolanda sínum í ótta og skelfingu þann tíma sem tekur að fá úrskurð um nálgunarbann. Hér er ekki að finna í lögum virka heimild til að nema á brott fremjanda ofbeldis. Ekkert almennt brottvísunarsákvæði er í íslenskum lögum en mikilvægt er að fjarlægja brotamann af vettvangi til að tryggja öryggi þolendanna. Ekki getur lengur talist eðlilegt að þolendur þurfi að flýja heimili sín ef brotið er á þeim.

¹⁶⁰ Shazia Choudhry and Jonathan Herring, „Righting Domestic Violence“, bls. 96.

¹⁶¹ Brot er varða 1. mgr. 217. gr. amennra hegningalaga þarf þolandi að kæra, nema almannahagsmunir krefjist þess, þá er ákvörðun um að ákæra í höndum ákærvalds, sbr. 2. mgr. 217. gr.

¹⁶² Lokaathugasemdir Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna um fjórðu skýrslu Íslands um framfylgd alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi.

Spurning er hvort viðbrögð íslenska ríkisins standist kröfur MSE um nægjanlega vernd til handa þolendum ofbeldis sem sæta harðræði í nánú sambandi, sem flokkast getur til pyndinga, ómannlegrar eða vanvirðandi meðferðar.¹⁶³

Á Íslandi var lögfelst ákvæði sem beita má til refsipýngingar, 3.mgr. 70. gr. hgl., ef um ofbeldi er að ræða milli nákominna. Ljóst er af umfjöllun um greinina í kafla V.2.2. að skilyrði fyrir beitingu hennar er háð mati dómara á því hvað telst „náð samband“ og einnig er það háð mati dómara hvort náð samband telst hafa „aukið á grófleika“ brots. Ekki var gengið eins langt og þörf var á til þess að bregðast við kröfu um að hægt væri að þyngja refsingu vegna brota sem beinast gegn nákomnum. Refsipýngingarákvæði hegningarlaga ætti að vera skilyrðislaust þannig að ef um er að ræða brot sem framið er í nánú sambandi fólks á það að vera til refsipýngingar.

Ekki er í lögum á Íslandi kveðið á um nægjanlega vernd þolenda ofbeldis. Kæra vegna ofbeldis á ekki að vera í höndum þolenda ofbeldisins, skilgreina þarf þolendur sem viðkvæma einstaklinga á sama hátt og börn eru skilgreind, sem rétt eiga á ríkari vernd ríkisins vegna þeirrar alvarlegu og sérstöku stöðu sem þeir eru í sbr. dóm MDE Nahide Opuz.

Margt bendir til þess að Íslenska ríkið bregðist alþjóðlegum skyldum sínum í þeim tilvikum þegar ofbeldi í nánú samböndum á sér stað, og stjórnvöld vita af meðferð sem gæti eða telst falla undir 3. gr. MSE. Í fyrsta lagi vegna þess að almenn heimild til brottvísunar fremjanda er ekki að finna í íslenskum lögum. Í öðru lagi vegna þess að nálgunarbannsræði laga nr. 122/2008 er seinvirkt og ekki hægt að beita samstundis. Í þriðja lagi vegna þess að kæru þolanda þarf til að saksækja fremjanda, ef brot varðar einungis 1. mgr. 217. gr. hgl.

Að lokum ber þess að geta að sú ákvörðun að lögfesta ekki sérstakt lagaákvæði eða sérstök lög, eins og nágrannalönd okkar hafa sum gert, sem taka á brotum sem framin eru í nánú samböndum fólks ber vott um skilningsleysi íslenskra stjórnvalda á alvarleika þessara brota. Setja þarf sérstakt lagaákvæði eitt eða fleiri þar sem ofbeldi í nánú samböndum er sérstaklega lýst refsivert og senda þannig skýr skilaboð út í samfélagið um að ofbeldi sem framið er í nánú samböndum verði ekki liðið.

¹⁶³ Í málum þar sem menn hafa verið sakfelldir fyrir að myrða maka eða fyrrum maka, hefur verið vísað í lögregluskýrslur vegna fyrri ofbeldisverka eða hótana, vegna kæru eða afskipta lögreglu. Einnig í framburð ættingja sem segja lögreglu hafa verið kallaða til áður vegna ofbeldis. Sem dæmi má sjá mál Hæstaréttar nr. 141/2005 og mál Hæstaréttar nr. 250/1988,

VII. Samantekt og niðurstöður

Fremjendur ofbeldis í nánnum samböndum hafa lengi verið hálfgerðir huldumenn. Lítið er vitað um hverjir þeir eru og staðalmyndir um þá lifa góðu lífi. Staðalmyndir eins og að flestir fremjendur séu ungir, illa staddir fjárhagslega, í andlegu ójafnvægi, drykkjumenn, geðveikir eða flestir útlendingar eru útbreiddar. Margar kenningar hafa verið settar fram um hverjir þeir eru, hvað valdi ofbeldishegðun þeirra og hvaða þættir hafi áhrif á ofbeldið. Ekki ber fræðimönnum þó saman um hvað valdi. Kenningar um að ofbeldismaður beiti ofbeldi vegna utanaðkomandi þátta sem hann ræður ekkert við ganga lengst í þá átt að ofbeldismaður sé þolandi ekki síður en sá sem fyrir ofbeldinu verður. Því er haldið fram að ofbeldishegðun stjórnist til dæmis af reynslu ofbeldis úr bernsku eða líffræðilegum áhrifum vímuefna. Einnig að almenn óánægja fái útrás í ofbeldi sem ekki er ætlað að hafa neinn ákveðinn tilgang. Á hinn bóginn eru kenningar sem ganga í þveröfuga átt. Þar er því haldið fram að ofbeldi stjórnist ekki af ytri þáttum eða reynslu ofbeldismanns heldur eingöngu af verðmætamati, afstöðu og væntingum hans sjálfs til þolandans. Ofbeldi sé beitt til að ná völdum í sambandi og ofbeldismaður telji að hann hafi rétt til þess að ráða yfir, dæma og refsa þolandanum. Aðrar meintar ástæður fyrir ofbeldi eins og lélegt sjálfsmat, vímuefnaneysla, erfið bernska og streita séu afsökunarástæður ofbeldismanna, sköpunarverk þeirra sjálfra til þess að leyna raunverulegum ástæðum ofbeldisins. Fremjendur ofbeldis í nánnum samböndum séu ekki frábrugðnir öðru fólki hvað varðar tilfinningalega lífsreynslu eða ytri þætti. Það eina sem skilur þá frá þeim sem ekki beita ofbeldi er afstaða þeirra til þolandans.

Rannsókn á göngum Kvennaathvarfsins rennir stoðum undir þá kenningu að ofbeldismenn séu ekki frábrugðnir öðrum körlum í ljósi ytri aðstæðna. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að ofbeldismenn eru í miklum meirihluta íslenskir karlmenn sem koma úr öllum stéttum samfélagsins. Þeir eru jafn vel menntaðir og íslenskir karlar almennt á sama tímabili, atvinnuþátttaka þeirra er svipuð og þeir vinna sambærileg störf. Þeir eru forstjórar, verkamenn og allt þar á milli. Hvað varðar tengsl fremjanda við þolanda kom í ljós að þeir eru makar, fyrrum makar, barnsfeður, feður, bræður, synir, vinir, stjúpar en líka mæður, systur og dætur. Þeir eru á öllum aldri en algengast er að ofbeldi sé beitt á aldrinum 35-50 ára. Tæplega helmingur þeirra þarf ekki vímuefni til að ofbeldi sé beitt.

Á Íslandi er ekki að finna í lögum ákvæði sem tekur sérstaklega á ofbeldi sem beitt er í nánnum samböndum heldur hafa ákvæði hegningarlaga verið talin nægja. Refsipólítísk rök liggja þar að baki. Talið er að ákvæði hegningarlaga nái yfir verknaði þá sem eiga sér stað á milli nákominna. Lögleitt hefur verið refsipýngingarákvæði, 3. mgr. 70. gr., í hegningarlög

sem beita skal ef ofbeldi hefur átt sér stað milli nákominna. Ákvæðið er matskennt og að því er virðist erfitt í notkun. Einnig virðist lítið samræmi vera á milli dóma við notkun þess. Lög um nálgunarbann kveða á um vernd fyrir þolendur ofbeldis, en samkvæmt þeim má úrskurða mann í nálgunarbann. Nálgunarbann er neyðarúrræði sem getur tekið allt að fimm daga að fá fram. Það er of langur tími telji þolandi sér og sínum ekki óhætt vegna hótana, ágangs og jafnvel árása ofbeldismanns. Ekki er að finna almennt brottvikningarákæði í íslenskum lögum.

Samkvæmt alþjóðasáttmálum og samþykktum er það skylda íslenska ríkisins að standa vörð um mannréttindi borgara sinna. Ríkjum ber jákvæð skylda samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu til að bregðast við, stöðva brotlega hegðun og refsa fyrir hana verði hennar vart. Mannréttindi hafa ekki verið notuð nægjanlega mikið í baráttu gegn kynbundnu ofbeldi, sem ofbeldi í nánnum samböndum oftast er. Meðan alvarleg mannréttindabrot þrífast í nánnum samböndum fólks frammi fyrir augum yfirvalda, er afskiptaleysi þeirra gjarnan réttlætt með rétti fólks til friðhelgi einkalífs. Réttur til sjálfsákvörðunar hefur verið talinn standa í vegi fyrir reglum um að kæru þolanda þurfi ekki vegna vægari líkamsárása og einnig þegar þolandi dregur kæru sína til baka. Mannréttindi þau sem brotin eru á þolendum ofbeldis í nánnum sambandi eru fortakslaus sem ekkert getur réttlætt eða vikið til hliðar. Vitað er að sálrænar afleiðingar ofbeldis í nánnum samböndum eru þær sömu og afleiðingar pyndinga og þess að vera í haldi mannræningja. Samt sem áður hefur íslenskum yfirvöldum ekki enn tekist að veita þolendum þess viðeigandi vernd í formi nálgunar- og brottvikningarheimildar sem virkar strax eða með lögum sem taka með viðhlítandi hætti á því ofbeldi sem um ræðir.

Margt bendir til þess að íslenska ríkið fullnægi ekki alþjóðlegum skuldbindingum sínum um vernd mannréttinda, með því að bregðast ekki með fullnægjandi hætti við ofbeldi í nánnum samböndum.

Heimildaskrá

Ritverk

Bancroft, Lundy, *Why does he do that?, inside the minds of angry and controlling men*, New York 2002

Björg Thorarensen og Pétur Leifsson, *Kaflar úr Þjóðarétti. Handrit til kennsluvið lagadeild Háskóla Íslands*, Reykjavík 2005

Dobash og Dobash, *Violence against wives*. New York 1979

Gerður Kristný og Thelma Ásdísardóttir, *Myndin af pabba, saga Thelmu*. Reykjavík 2005

Ingólfur V. Gíslason, *Ofbeldi í nánnum samböndum. Orsakir, afleiðingar, úrræði*. Reykjavík 2008

Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I*. Reykjavík 1999

Jónína Einarisdóttir, Sesselja Th. Ólafsdóttir og Geir Gunnlaugsson, *Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi, höggva-hýða-hirta-hæða-hóta-hafna-hrista-hræða*. Reykjavík 2004

Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á Íslenskan rétt, Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, lagadeild Háskólans í Reykjavík, Reykjavík 2005 /

Davíð Þór Björgvinsson, „Mannréttindasáttmáli Evrópu. meginatriði, skýring og beiting.“

Guðrún Gauksdóttir, „Bann við pyndingum“

Hjördís Björk Hákonardóttir, „Réttur til lífs“

Oddný Mjöll Arnardóttir, „Bann við mismunun“

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, *Alþjóðlegir mannréttindasamningar sem Ísland er aðili að*, Háskólaútgáfan Reykjavík 2003

Páll Sigurðsson, *Lögfræðiorðabók, með skýringum*, Lagadeild Háskóla Íslands og Lagastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2008

Ragna Árnadóttir og Sigurbjörn Á Þorbergsson, *Safn greinargerða við almenn hegningarlög, Úlfjótur tímarit laganema*, Reykjavík 1989

Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir, *Ákvörðun refsingar, Rannsókn á refsíákvörðunum vegna manndrápa, rána og líkamsmeiðinga, 1951-2000*, Reykjavík 2003

Svala Ólafsdóttir, *Handbók, Meðferð opinberra mála Dóms- og kirkjumálaráðuneytið*, Reykjavík 1992

Skýrslur og rannsóknir

Álitsgerð refsiréttarnefndar í tilefni af erindi dómismálaráðherra, dags. 18. nóvember 2004, um heimilisofbeldi :

http://www.domsmalaraduneyti.is/media/Skyrslur/Alitsgerd_um_heimilisofbeldi.pdf

Concluding Observations of the Committee on Economic, Social and Cultural Rights: Iceland, 23/05/2003,E/C.12/1/Add.89 :

[http://www.unhchr.ch/tbs/doc.nsf/\(Symbol\)/ad83be0975ab41cdc1256d33002edd5a?Opendocument](http://www.unhchr.ch/tbs/doc.nsf/(Symbol)/ad83be0975ab41cdc1256d33002edd5a?Opendocument)

Graham, D., Rawlings, E. and Rimini, N. 1998 „Survivors of terror: Battered Women hostages and the Stockholm syndrome“ in K. Yillo and M. Bograd (ed) „*Feminist Perspectives of Wife Abuse*“, London: Sage.

Hildur Guðmundsdóttir, „*I don't know how I ended up here with this man*“ *Rannsókn á aðstæðum og upplifun kvenna af erlendum uppruna sem leita í Kvennaathvarfið*, Samtök um kvennaathvarf, Reykjavík 2009 :

[http://www.kvennaathvarf.is/media/alyktanir_umsagnir/Rannsokn_a_PDF_\(2\).pdf](http://www.kvennaathvarf.is/media/alyktanir_umsagnir/Rannsokn_a_PDF_(2).pdf)

INTERRIGHTS, *Written Submissions of INTERRIGHTS*, European Court of Human Rights, Application No. 33401/02 Nahide Opuz v. Turkey : <http://www.interights.org/opuz>

ISCED 97 Alþjóðlegt menntunarflokkunarkerfi :

<http://www.hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=8432>

ÍSTARF 95, Íslensk starfaflokkun með skýringum og dæmum, 1. útgáfa. Reykjavík 1994 :

<http://www.hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=1152>

Landshagir, Árbók Hagstofu Íslands, Reykjavík 2009 :

<http://www.hagstofa.is/Pages/2354>

Landshagir, Árbók Hagstofu Íslands, Reykjavík 2008 :

<http://www.hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=10361>

Landshagir, Árbók Hagstofu Íslands, Reykjavík 2002 :

<http://www.hagstofa.is/Pages/2152>

Lokaathugasemdir Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna um fjórðu skýrslu Íslands um framfylgd alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi. CCPR/C/CO/83/ICE :

http://www.domsmalaraduneyti.is/media/Skyrslur/athugas_mannrettindanefndar.pdf

Nefndarálit minnihluta Allsherjarnefndar Alþingis. Alþingi, 9. sept. 2008. Alma Lía

Jóhannsdóttir : <http://www.althingi.is/altext/135/s/1346.html>

NSPCC, And University of Bristol, *Teen Abuse Survey of Great Britain*, London 2009. Sótt 18. október 2009 :

http://www.nspcc.org.uk/whatwedo/mediacentre/pressreleases/2009_01_september_teen_girls_abused_by_boyfriends_warns_NSPCC_wdn68078.html

Rannsókn á ofbeldi gegn konum, Félags- og tryggingamálaráðuneyti 2009 :

http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/09FrettatengtFEL09/Samantekt_um_rannsokn_a_ofbeldi_gegn_konum.pdf

Rannsókn á ofbeldi gegn konum, viðbrögð félagsþjónustu og barnaverndar. Félags- og tryggingamálaráðuneytið, október 2009 : http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/skyrsla_ofbeldi_felagsthjonusta15102009.PDF

Report by Mr. Alvaro Gil-Robles, Commissioner for human rights, on his visit to the Republic of Iceland, 4-6 July 2005 :
<https://wcd.coe.int/ViewDoc.jsp?id=948043&Site=CommDH&BackColorInternet=FEC65B&BackColorIntranet=>

Samtök um kvennaathvarf, *Ársskýrsla* 1990, 2006, 2008
<http://www.kvennaathvarf.is/media/arsskyrslur/SUK-2008-low.pdf>

Skýrsla dómsmálaráðherra, Um umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum, Dóms- og kirkjumálaráðuneyti 1997 :
<http://www.althingi.is/altext/121/s/0612.html>

Skýrsla dómsmálaráðherra, um forvarnir gegn heimilisofbeldi, hjálparúrræði fyrir þolendur og meðferðarúrræði fyrir gerendur. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti 1998 :
<http://www.althingi.is/altext/122/s/1382.html>

Tilmæli þings Evrópuráðsins nr: 1582 (2002), Domestic violence against women :
<http://assembly.coe.int/Documents/AdoptedText/TA02/EREC1582.htm>

Tilmæli þings Evrópuráðsins nr: 1681 (2004), Campaign combat domestic violence against women in Europe :
<http://assembly.coe.int/Mainf.asp?link=/Documents/AdoptedText/ta04/EREC1681.htm>

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um nálgunarbann, heildarlög, 135. löggjafarþing 2007, 2008, 294. mál :
<http://www.humanrights.is/verkefni/umsagnir/nr/2217>

United Nations. Raport of the Secretary-General, *In-depth study on all forms of violence against women*. 2006 (Skýrsla aðalframkvæmdarstjóra SP. um ofbeldi gegn konum, 2006) :
http://www.unifem.org/attachments/stories/SGstudyOnVAW_2006_eng.pdf

Unifem á Íslandi, *Líf án ofbeldis allra réttur* – útdráttur.

Verklagsreglur, *um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála*. Ríkislögreglustjóri, Reykjavík 2005

World Health Organization (WHO) *Multi- country study on women's health and domestic violence against women. Summary*. Geneva 2005 :
http://www.who.int/gender/violence/who_multicountry_study/summary_report/summary_report_English2.pdf

Vefsíður

Emerge, Counseling and Education to stop Domestic Violence : <http://www.emergedv.com/>

Félags- og tryggingamálaráðuneytið, Fréttir :
<http://www.felagsmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/2735>

INTERRIGHTS, The international Centre for the Legal Protection of Human Rights :
<http://www.interights.org/home/index.htm>

Karlar til ábyrgðar, sótt 15. október 2009 : <http://www.karlartilabyrgdar.is/kti/default.aspx>

Kynning á niðurstöðum ofbeldisrannsóknar sem unnin var af dr. Erlu Kolbrúnu Svavarsdóttur og dr. Brynju Örlygsdóttur :

http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2009/07/06/fjordungur_ordid_fyrir_ofbeldi/

Umfjöllun um Dóm MDE í Máli Nahide Opuz v. Turkey : <http://www.interights.org/opuz>

Alþjóðasáttmálar og yfirlýsingar

Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnómálagleg réttindi, 16. desember 1966.

Stjórnartíðindi, C-deild, nr. 10/1979 og nr. 28/1993

Alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, 16. desember 1966.

Stjórnartíðindi, C-deild, nr. 10/1979

Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, 26. nóvember 1987. *Stjórnartíðindi*, C-deild, nr. 19/1990 og 22/1995.

Félagsmálasáttmáli Evrópu, 18. október 1961. *Stjórnartíðindi*, C-deild, nr. 3/1976

Samningur gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, 10. desember 1984. *Stjórnartíðindi*, C-deild, nr. 19/1996

Samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum, 18. desember 1979.

Stjórnartíðindi, C-deild, nr. 5/1985

Samningur um réttindi barnsins, 20. nóvember 1989. *Stjórnartíðindi*, C-deild, nr. 18/1992

Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttindasáttmáli Evrópu), 4. nóvember 1950. *Stjórnartíðindi*, A-deild, nr. 11/1954 og C-deild, nr. 58/1958, nr. 17/1967, nr. 39/1991, nr. 19/1995, nr. 20/1995 og nr. 23/1998.

Valfrjáls bókun við samning um afnám allrar mismununar gagnvart konum, 6. október 1999. *Stjórnartíðindi*, C-deild, nr. 4/2001

Yfirlýsing Sameinuðu þjóðanna um afnám ofbeldis gegn konum, 20. desember 1993:

<http://www.humanrights.is/log-og-samningar/mannrettindasamningar/sameinudu-tjodirnar/yfirl-afnam-ofbeldis-konur/>

Tímaritsgreinar, dagblöð ofl.

Börn sem búa við ofbeldi á heimilum, bæklingur gefin út af Samtökum um kvennaathvarf :

http://www.kvennaathvarf.is/media/utgefidefni/Born_isl.pdf

Margrét Rósa Jochumsdóttir, „Líf án ofbeldis allra réttur“ *Tímarit Unifem 1. tbl. 18. árg.* 2008. http://www.unifem.is/unifem/index.php?option=com_docman&task=doc_view&gid=4&Itemid=23

Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra, „Ofbeldismenn bornir út“, *Morgunblaðið* 14. apríl 2010.

Shazia Choudhry and Jonathan Herring, „Righting Domestic Violence“, *International Journal of Law, Policy and the family* **20**, 2006

Sigrún Sigurðardóttir og Sigríður Halldórsdóttir, Fyrirbærafræðileg rannsókn á langvarandi afleiðingum kynferðislegs ofbeldis í bernsku fyrir heilsufar og líðan íslenskra kvenna, „Tíminn læknar ekki öll sár“ *Tímariti hjúkrunarfræðinga* – 3.tbl. 85. árg. 2009.

Steinunn Stefánsdóttir, „Hættulegasta barátta í heimi“, *Fréttablaðið*, 21. Nóvember 2009.

Zulima Gabriela Sigurðardóttir, „Hann meiðir mömmu“ *Morgunblaðið* 30. September. 1992.

Viðtöl

Viðtal við Þórlaugu Jónsdóttur lögfræðing, rekstrarstjóra Kvennaathvarfsins þann 19. febrúar. 2010

Lög

Almenn hegningarlög nr. 19/1940

Lög nr. 61/2007 um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940

Lög nr. 27/2006 um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940

Lög nr. 83/2005 um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940

Lög nr. 39/2000 um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940

Lög nr. 20/1981 um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940

Barnaverndarlög nr. 80/2002.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994.

Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008

Lög um nálgunarbann nr. 122/2008

Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, lög nr. 33/1944

Athugasemdir með frumvarpi sem varð að lögum nr. 61/2007 um breyting á almennum hegningarlögum nr.19/1940 : <http://www.althingi.is/alttext/133/s/0020.html>

Athugasemdir með frumvarpi sem varð að lögum nr. 27/2006 um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 /1940 : <http://www.althingi.is/alttext/132/s/0419.html>

Athugasemdir með frumvarpi sem varð að lögum nr. 39/2000 um breyting á almennum hegningarlögum nr.19/1940 : <http://www.althingi.is/alttext/125/s/0613.html>

Dómaskrá

Dómar Hæstaréttar

H 502/2009
H 67/2009
H 58/2009
H 55/2009
H 527/2008
H 487/2008
H 273/2008
H 642/2007
H 438/2007
H 630 /2006
H 408/2005
H 166/2005
H 141/2005
H 155/2004
H 98/2003
H 290/2001
H 460/1991
H 250/1988

Héraðsdómar

Héraðsdómur Reykjavíkur. S-658/2009
Héraðsdómur Reykjaness. S-467/2009
Héraðsdómur Norðurlands eystra. S- 258/2009
Héraðsdómur Reykjaness. S-61/2009
Héraðsdómur Norðurlands eystra. S-344/2008
Héraðsdómur Reykjavíkur. S-1190/2007
Héraðsdómur Suðurlands. S-488/2009

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu

Nahide Opuz gegn *Tyrklandi* frá 9. júní 2009
D.H. og fl. gegn *Tékklandi* frá 13. nóvember 2007
Kontrová v. Slovakia, no. 7510/04 § 49. ECHR 2007
Öneryildiz gegn *Tyrklandi* frá 30. nóvember 2004
Willis gegn *Bretlandi* frá 11. júní 2002, RJD 2002-IV
E og fl. gegn *Bretlandi* frá 26. nóvember 2002.
Z og fl. gegn *Bretlandi* frá 10. maí 2001, RDJ 2001-V.
Thlimmenos gegn *Grikklandi* frá 6. apríl 2000, RJD-IV.
L.C.B. gegn *Bretlandi* frá 9. júní 1998, RJD 1998-III.
Osman gegn *Bretlandi* frá 28. október 1998, RJD 1998-VIII.
A gegn *Bretlandi* frá 23. september 1998, RJD 1998-VI.
H.L.R. v. France 29. April 1997, § 40, Reports 1997-III
Karlheinz Schmidt gegn *Pýskalandi* frá 18. júní 1994.
Schuler-Zraggen gegn *Sviss* frá 24. júní 1993
Rasmussen gegn *Danmörk* frá 28. nóvember 1984. Series A. 87.
Írland gegn *Bretlandi* frá 18. janúar 1978, Series A. 25

Myndaskrá

- Mynd 1. Kyn fremjenda
- Mynd 2. Aldursdreifing fremjenda
- Mynd 3. Þjóðerni fremjenda
- Mynd 4.a. Tengsl fremjenda og þolenda
- Mynd 4.b. Tengsl fremjenda og þolenda
- Mynd 5. Tengsl fremjenda og þolenda
- Mynd 6. Menntunarstig fremjenda
- Mynd 7. Menntunarstig karla á Íslandi árin 2002-2008
- Mynd 8. Atvinnuþátttaka fremjenda
- Mynd 9. Atvinnuþátttaka karla á Íslandi árin 2002-2008
- Mynd 10. Starfsstéttir fremjenda
- Mynd 11. Starfsstéttir fremjenda bálkur 1-9
- Mynd 12. Starfsstéttir karla á Íslandi á árunum 2002-2008
- Mynd 13. Vímuefnavandi fremjenda
- Mynd 14. Ofbeldismaður hefur farið í meðferð
- Mynd 15. Áhrif vímuefnaneyslu á ofbeldi
- Mynd 16. Ofbeldismaður hefur verið kærður eða hlotið dóm fyrir ofbeldi
- Mynd 17. Ofbeldi sem ástæða kæru eða dóms
- Mynd 18. Afskipti lögreglu vegna ofbeldisverka fremjanda
- Mynd 19. Ástæða afskipta lögreglu af ofbeldismanni